


**skoðun 22**


2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Fjármál heimilanna





**Litrík hausttíska í Köben**
*Kaupmannahöfn fylltist af tískuunnendum um helgina þegar tískuvikan fór fram hjá frændum okkar í Danmörku.*
**lífsstíll 40**




# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Fimmtudagur**
**9. febrúar 2012**
34. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup júlí - september 2011




**Frá Katar til Selfoss**
*DJ Slim kom til Akureyrar í gær frá Katar og ætlar líka að koma við á Selfossi.*
**fólk 50**

**Hárbeitt ádeila**
*Sýning spænska listamannsins Santiago Sierra hittir í mark að mati gagnrýnanda Fréttablaðsins.*
**menning 32**



**Spilum í Árbænum**
*Formaður Fylkis segir ekki koma til greina að missa heimaleikina úr hverfinu.*
**sport 44**

**veðrið í dag**




**HVESSIR MEÐ ÚRKOMU**
Suðvestan 5-13 í fyrstu og dregur úr skúrum og éljum. Gengur í stífa sunnanátt síðdegis með mikilli úrkomu syðra. Hiti 0-6 stig.
**VEÐUR 4**

# Sala vottorða um græna orku gæti skilað milljörðum króna

**Sala á skírteinum um græna orkuframleiðslu gæti skilað Landsvirkjun háum aukatekjum. Markaður hefur skapast fyrir sölu vottorða vegna tilskipunar ESB. Alþingi þarf að samþykkja lagabreytingar til að af verði.**

**VIRKJANIR** Landsvirkjun reiknar með að sala á grænum skírteinum til Evrópulanda muni skila milljarða hagnaði á næstu árum. Fyrirtækið selur þegar slík skírteini fyrir hundruð milljóna króna.

Kaupendur skírteinanna eru fyrirtæki sem af eigin hvötum vilja kolefnisjafna starfsemi sína eða bæta hag umhverfisins. Tilskipun Evrópusambandsins, sem einnig gildir hér á landi, um að 20 prósent af allri orku skuli koma frá endurnýjanlegum orkugjöfum árið 2020 hefur hins vegar skapað nýjan markað.

Ástæðan er sú að markmið Íslands, samkvæmt tilskipuninni, eru að 64 prósent af orkunni innanlands verði endurnýjanleg. Magnús Bjarnason hjá Landsvirkjun segir að í dag sé hlutfallið hér hins vegar 67 prósent. Það er því borð fyrir báru nú þegar, auk þess sem hægt er að gefa út skírteini samkvæmt tilskipuninni fyrir allar nýjar virkjanir.

Magnús segir að vonir standi til að mun hærra verð fáist fyrir þau skírteini sem hægt er að nýta í tengslum við Evróputilskipunina. Salan á þeim gæti hlaupið á milljörðum króna.

Frumvarp iðnaðarráðherra um breytingar á lögum um upprunaábyrgð raforku var kynnt í ríkisstjórn í janúar. Það er nú til umfjöllunar í þingflokki Vinstri grænna. Verði það samþykkt getur Ísland selt skírteini samkvæmt tilskipuninni, en ekki fyrr.

Magnús segir tímann skipta máli í þessum efnum. Verði lögin ekki samþykkt fyrr en í vor gildi þau ekki um orku framleidda á fyrri hluta þessa árs. Landsvirkjun hefur þegar gert samninga um sölu skírteina fyrir 1,5 milljónir evra, en þeir eru háðir samþykki Alþingis.

Magnús segir skírteinasöluna auka hagkvæmni nýrra virkjana og verði að taka hana með í reikninginn þegar arðsemi þeirra er metin.

**- kóp**

**Græn skírteini**

Skírteinin sem um ræðir eru vottorð um að orka sé framleidd á grænan hátt. Samkvæmt tilskipun ESB skulu 20 prósent af allri orku vera framleidd á endurnýjanlegan hátt árið 2020. Þau fyrirtæki sem það gera ekki geta keypt græn skírteini og stuðlað þannig að grænni orkuframleiðslu, þó það eigi ekki við um eigin orku.



**LANDSMENN ÁFJÁÐIR Í NOTUÐ FÖT** Rauðakrossbúðirnar anna vart eftirpurn eftir notuðum fatnaði, hvort heldur er á karla eða konur. „Áhugi herra á notuðum fatnaði er að aukast,“ segir Helga Pálsdóttir hjá Rauða krossinum, sem stefnir að því að auka og bæta úrvalið. **Sjá síðu 16** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Eurovision-höfundar sammála:
## Enginn ætlar að hætta við

**FÓLK Söngvarinn Páll Óskar Hjálmtýsson hefur hvatt Pál Magnússon útvarpsstjóra til að afþakka boð um þátttöku Íslands í Eurovision í Bakú í maí, vegna mannréttindabrota stjórnvalda í Aserbaídsjan. Úrslitin í íslensku undankeppninni ráðast í Hörpu á laugardaginn.**


PÁLL ÓSKAR HJÁLMTÝSSON

**Fréttablaðið hafði samband við höfunda laganna, en enginn sagðist ætla að draga lag sitt úr keppni. Ekki náðist í Svein Rúnar Sigurðsson, sem á tvö lög í keppninni á laugardaginn.**

**Páll Magnússon útvarpsstjóri sagði í samtali við Vísi í gær að engin ákvörðun hafi verið tekin um að hætta við þátttöku í Eurovision.** **- afb / sjá síðu 50**

Hugmyndavinna nokkurra stórfyrirtækja með bílaleigum og olíufélögum:
## Hægt að fækka um einn bíl

**SAMGÖNGUR** Hópur íslenskra stórfyrirtækja og stofnana, þar á meðal Landsbankinn, Reykjavíkurborg, Landspítalinn og Landsvirkjun, hefur viðrað hugmyndir um að koma upp svokölluðu skyndibílakerfi hér á landi.

Ef af verður, mun almenningi bjóðast að leigja sér bíla til lengri eða skemmri tíma, allt niður í nokkra klukkutíma. Hægt yrði að panta bílinn á netinu, sækja hann á sérstök geymslupláss og skila án þess að nokkur annar komi að málinu.

Samkvæmt útreikningum fyrirtækjanna gæti fólk sparað sér talsverðar upphæðir með þessu fyrirkomulagi. Finnur Sveinsson, sérfræðingur hjá Landsbankanum, segir að með þessu gæti jafnvel minnkað þörfin á að hvert heimili hefði á mörgum bílum að skipa.

**- þj / sjá síðu 12**

„Þetta mun ekki endilega koma í stað fyrsta bíls á heimili en hugsanlega í stað annars eða þriðja bíls.“


**FINNUR SVEINSSON**
SÉRFRÆÐINGUR HJÁ LANDSBANKANUM










## SPURNING DAGSINS



*Guttormur, er þetta leikur einn?*

„Já, þetta er leikandi létt.“

Guttormur Þorfinnsson er mikill áhugamaður um Lego-kubba sem hingað til hafa oftast verið taldir til barnaleikfanga. Hann og sonur hans eru nú að byggja heilt ævintýraland úr Lego-kubbum, sem verður opnað í Ráðhúsinu um næstu helgi.

Íbúar lítils þorps á Grænlandi í áfalli eftir skotárás í fyrrinótt:

# Þrír myrtir og tveir illa særðir

**GRÆNLAND** Lögreglan á Grænlandi handtók í gær mann sem myrti þrjá og særði tvo illa í skotárás í smábænum Nutaarmiut.

Flytja þurfti fjóra lögreglumenn, lækni og hjúkrunarkonu með þyrlu frá Nuuk til Nutaarmiut, sem er tæplega 70 manna þorp á vesturströnd Grænlands.

Lögreglan fékk tilkynningu um atburðinn rétt fyrir klukkan átta í gærmorgun og var komin á staðinn klukkan hálfellefu. Byrja þurfti á að afvopna árásarmanninn.

Hinir særðu voru í lífshættu og strax fluttir burt frá bænum á sjúkrahús í Upernavik. Íbúar þorpsins voru sagðir í áfalli og reynt var að hlúa að fjölskyldum hinna myrtu og særðu eftir föngum.

„Þetta er mikið áfall og við erum öll í sorg,“ er haft eftir einum íbúa bæjarins á vefsíðu grænlenska dagblaðsins Sermitsiaq, sem flutti fréttir af atburðinum.

Morð eru fátíð á Grænlandi, en þar var framið eitt morð á árinu 2011. - gb



**FRÁ NUUK Á GRÆNLANDI** Þaðan var send þyrla með lögreglumönnum og hjúkrunarkonu til þorpsins Nutaarmiut. NORDICPHOTOS/AFP

Skorar á þingheim:

# Hjartaþegi vill breyta lögum

**ALÞINGI** Kjartan Birgisson hjartaþegi skorar á þingmenn að samþykkja þingsályktunartillögu Sivjar Friðleifsdóttur og 17 annarra þingmanna um samþykki til líffæragjafa.

Kjartan afhenti þingmönnum bréf í gær þar sem Alþingi er hvatt til að taka málið á dagskrá sem allra fyrst svo ljúka megi afgreiðslu þess á þessu ári.

Í tillögunni segir að lögum skuli breytt svo allir verði sjálfkrafa líffæragjafar við andlát. - sv

Varaformaður Venstre kærður:

# Sakaður um að nauðga stúlku

**NOREGUR Sautján ára gömul stúlka hefur kært Helge Solum Larsen, varaformann stjórnmálaflokksins Venstre og bæjarstjórnarmann í Stavangri, fyrir nauðgun. Brotið mun hafa átt sér stað á ársfundi Rogalands-deildar Venstre um síðustu helgi.**

**Solum Larsen, sem er 43ja ára, gengst við því að hafa haft samræði við stúlkuna en neitar ásökunum um nauðgun. Hann hefur sagt sig frá öllum trúnaðarstörfum fyrir flokkinn og dvelur nú, að sögn norskra miðla, á geðdeild.**

**Rannsókn er nýhafin, en allt að 10 ára fangelsi liggur við brotinu.** - þj



**VÍKINGUR Í HÖFN** Þessi gamli barkur nýtist vel sem fyrr. MYND/KARL SIGURJÓNSSON

Loðnuveiðin fyrir austan:

# Yfir 200 þúsund tonn á land

**SJÁVARÚTVEGUR** Víkingur AK, skip HB Granda, er á leið til Akraness eftir vel heppnaða veiðiferð á loðnumiðin á Grímseyjarsundi. Þar fengust um 1300 tonn af góðri loðnu í fjórum köstum yfir daginn.

Veður á miðunum fyrir austan land hefur verið sjómönnum erfitt síðustu daga.

Nú hefur verið landað 206 þúsund tonnum á vertíðinni eða 37,4% af útgefnum veiðiheimildum, samkvæmt upplýsingum á vef Fiskistofu. Á vertíðinni er íslenskum skipum heimilt að veiða 550 þúsund tonn. Leyfilegur hámarksafli á loðnuvertíðinni er 765 þúsund tonn. - shá

# Ríkið telur rokkvín hvetja til ólifnaðar

**ÁTVR neitar að taka til sölu rauðvín merkt ensku rokkhljómsveitinni Motörhead. Rökstutt með því að nafnið sé vísun í amfetamínneyslu og sveitin syngi um stríð, óábyrgt kynlíf og fíkniefni. Málið á borði umboðsmanns Alþingis.**

**STJÓRNSÝSLA** Rauðvín merkt ensku rokkhljómsveitinni Motörhead fæst ekki selt í Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Ástæðan er sú að sveitin framleiðir vínið ekki sjálf og nafnið þykir auk þess skírskota til óheilbrigðra lifnaðarhátta.

Þetta kemur fram í grein eftir Hjörleif Árnason, innflytjanda vínsins, sem birtist á Vísi í dag. Þar segir að málið sé nú komið inn á borð umboðsmanns Alþingis.

Rokksveitin, sem hefur verið starfrækt í 37 ár, ljær víninu Motörhead Shiraz nafn sitt, líkt og nokkrum öðrum áfengistegundum á borð við vodka og rósavín.

Í mars í fyrra ákvað Hjörleifur að flytja inn kassa af víninu í gegnum fyrirtækið Rokk slf. og sækja um leyfi til reynslusölu í ÁTVR.

Umsókninni hafnaði ÁTVR með þeim rökum að annars vegar hefði hljómsveitin Motörhead ekkert með vínið að gera, annað en að nafn hennar væri á flöskunni, og hins vegar að skilaboðin sem fylgdu nafninu væru miður falleg.

Þannig sé enska orðið ‚motorhead‘ slanguryrði yfir amfetamínneytanda og þar að auki fjalli textar sveitarinnar „iðulega um stríð, misnotkun valds, óábyrgt kynlíf og misnotkun vímuefna“.

Hjörleifur vísaði málinu til kærunefndar fjármálaráðuneytisins sem sneri ákvörðuninni með vísan til þess að ekki væri annað að sjá af gögnum en að hljómsveitarmeðlimir Motörhead kæmu sannarlega að framleiðslu vínsins sjálfir.

Þetta reyndist röng ályktun hjá ráðuneytinu, sem skipti um skoðun eftir að sótt hafði verið um reynslusöluna á nýjan leik og ÁTVR aftur hafnað henni með sömu rökum.

Ráðuneytið tekur þá undir það með ÁTVR að það sé einungis markaðsleg ákvörðun að nefna vínið í höfuðið á sveitinni og nafnið tengist því hvorki gerð vörunnar né eiginleikum hennar. Með nafninu, sem tengist misjöfnum lifnaðarháttum, sé einungis verið að stíla inn á aðdáendur sveitarinnar. Þetta sé bannað.

„Sem sagt, meðlimir hljómsveitarinnar eru ekki sveittir að tína ber og tappa á flöskur og þess vegna má nafn hljómsveitarinnar ekki prýða miðann á flöskunni,“ skrifar Hjörleifur í grein sinni.

Hann segist þegar hafa sett sig í samband við birgja sem selja vín merkt Rolling Stones, AC/DC, Elvis Presley og fleirum en hann fái ekki betur séð en að ákvörðunin útiloki allar áfengistegundir sem beri nafn tónlistarmanna eða hljómsveita. stigur@frettabladid.is



**VÍSUN Í AMFETAMÍNNEYSLU** Shiraz-vínið þykir í raun lítið annað en auglýsing fyrir ólifnað Lemmy og félaga í Motörhead. Það vill ÁTVR ekki sjá. NORDICPHOTOS/AFP







**Í HÆSTU HÆÐUM** Skeljungur hækkaði verð á 95 oktana bensíni í 250,90 í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Enn fellur verðmúr:

# Bensínlítrinn nú á 250 krónur

**NEYTENDUR Olíufélögin hækkuðu öll verð á eldsneyti í gær. Skeljungur hækkaði verð á 95 oktana bensíni í 250,90 krónur. Félagið var fyrst til að hækka sitt verð en aðrir fylgdu á eftir og hækkuðu eldsneyti í tæpar 250 krónur.**

**Algengt verð var tæpar 249 krónur hjá öðrum félögum.**

**Dísillítrinn er sem fyrr töluvert dýrari en bensínið. Dýrastur var dropinn hjá Olís, Skeljungi og N1 eða 256,80 krónur. Annars var algengt verð tæpar 256 krónur hjá Orkunni, Atlantsolíu og ÓB.** - shá

Björgunarfélag Hornafjarðar:

# Bjargaði tveimur af Vatnajökli

**ÖRYGGISMÁL** Björgunarfélag Hornafjarðar kom með tvo breska ferðamenn til byggða á sjöunda tímanum í gær en þeir höfðu verið í vandræðum á Vatnajökli. Ekkert amaði að mönnunum, sem voru þó hraktir og kaldir enda tjald þeirra ónýtt.

Mennirnir, sem eru vanir fjallamenn, hugðust ganga frá Kirkjubæjarklaustri, yfir Vatnajökul og til Hafnar.

Fimmtán björgunarsveitarmenn tóku þátt í aðgerðinni; farið var á þremur bílum og fjórum snjósleðum á jökulinn. Talið var mikilvægt að ná mönnunum til byggða fyrir kvöldið því vondu veðri spáði á jöklinum í nótt. - shá




Gamli Börkur hefur fært 1,5 milljónir tonna að landi á 38 árum:

# Nýr Börkur til Neskaupstaðar

**SJÁVARÚTVEGUR** Síldarvinnslan hf. á Neskaupstað hefur bætt glæsilegu skipi við fiskiskipaflotann með kaupum á fjölveiðiskipinu Torbas frá Noregi. Skipið ber nafnið Börkur NK.

Skipið er smíðað í Noregi árið 2000. Það er vel útbúið til bæði troll- og nótaveiða og ber um 1.850 tonn. Skipið leysir gamla Börk NK-122 af hólmi sem mun klára yfirstandandi verkefni á loðnuvertíðinni, en þá undir nafninu Birtingur sem er rótgróið í útgerð á Neskaupstað.

Skipið var einnig smíðað í Noregi árið 1968, nánar tiltekið í Þrándheimi, var keypt til Íslands árið 1973 og er því 44 ára gamalt.

Á vef LÍÚ er haft eftir Gunnþóri Ingvasyni, framkvæmdastjóra Síldarvinnslunnar hf., að gamli Börkur hafi fært um 1,5 milljónir tonna að landi á þeim tíma sem skipið hefur verið í eigu félagsins. - shá



**NÝI BÖRKUR NK** Í gær var unnið að því að búa Börk NK á loðnuveiðar en stutt er á miðin frá heimahöfn þessa dagana. MYND/KRISTÍN SVANHVÍT HÁVARÐSDÓTTIR

E&Co.




**Verið hjartanlega velkomin.** Geysir Skólavörðustíg 16, opið alla daga frá 10 til 19 Sími 519 6000.

## GENGIÐ 08.02.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 121,80 | 122,38 |
| Sterlingspund | 193,69 | 194,63 |
| Evra | 161,51 | 162,41 |
| Dönsk króna | 21,725 | 21,853 |
| Norsk króna | 21,141 | 21,265 |
| Sænsk króna | 18,270 | 18,378 |
| Japanskt jen | 1,5802 | 1,5894 |
| SDR | 189,25 | 190,37 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 222,0151

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Mennta- og menningarmálaráðuneytið áætlaði að greiða 4,6 milljarða í fyrra án gildandi samninga:

# Helft samninga ógild eða útrunnin

**STJÓRNSÝSLA** Ríkisendurskoðun bendir á í nýrri úttekt að árið 2011 áætlaði mennta- og menningarmálaráðuneytið að greiða 4,6 milljarða króna samkvæmt 35 útrunnum og tveimur ógildum samningum við aðila utan ríkisins vegna ýmissa verkefna.

Að mati Ríkisendurskoðunar þarf að endurnýja útrunna samninga hið fyrsta og tryggja að greiðslur byggi ávallt á gildum samningum. Þá þarf ráðuneytið að skjalfesta verklagsreglur um gerð og umsýslu skuldbindandi samninga og bæta yfirsýn um þá, að mati Ríkisendurskoðunar. Ráðuneytið vinnur að endurbótum á samningamálum sínum segir í tilkynningu, og er því fagnað.

Á undanförnum árum hafa einstök ráðuneyti gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um að þessir aðilar taki að sér verkefni gegn greiðslum úr ríkissjóði. Í nýrri skýrslu Ríkisendurskoðunar er fjallað um 71 slíkan samning mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Áætlað er að kostnaður við þessa samninga hafi numið um 10,6 milljörðum króna á síðasta ári.

Í skýrslunni kemur fram að eftirlit ráðuneytisins með framkvæmd samninganna „sé ekki að öllu leyti“ í samræmi við ákvæði þeirra, en formlegar úttektir hafa til dæmis ekki verið gerðar.

Ríkisendurskoðun hvetur ráðuneytið jafnframt til að tengja greiðslur samninga við árangur, frammistöðu eða framvindu verkefna. **- shá**

**Hæstu ógildu samningarnir fyrir árið 2011**

| Nafn | Áætlaður kostnaður 2011 (m.kr.) | Gildistími |
|---|---|---|
| Háskólinn í Reykjavík | 1.911 | 2006-2010 |
| Verzlunarskólinn | 856 | 1999-2005 |
| Listaháskóli Íslands | 614 | 2005-2009 |
| Íslenska óperan | 134 | 2006-2009 |

Óvænt úrslit vestanhafs:

## Romney tapaði fyrir Santorum í þremur ríkjum

**BANDARÍKIN, AP** **Mitt Romney, sem tapaði fyrir Rick Santorum í forkosningum Repúblikanaflokksins í þremur ríkjum Bandaríkjanna á þriðjudag, segist þrátt fyrir það nokkuð viss um að verða forsetaefni flokksins.**



RICK SANTORUM

**Santorum sagði sigur sinn sýna stuðning almennings við kristilega íhaldsstefnu. Hófsemi Romneys bjóði ekki upp á neinn valkost við stefnu Baracks Obama Bandaríkjaforseta.**

**Næstu forkosningar verða í Maine á laugardaginn kemur, síðan í Arizona og Michigan í lok mánaðarins en 6. mars verður svo „stóri þriðjudagurinn“, sem búist er við að ráði úrslitum því þá verða forkosningar í tíu ríkjum samtímis. - gb**

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Fann 300 grömm af dópi**

Lögregla fann 300 grömm af amfetamíni í íbúð í Hafnarfirði á föstudag og lagði jafnframt hald á um eina og hálfa milljón króna í reiðufé sem taldar eru afrakstur fíkniefnasölu. Tveir karlar á fertugsaldri höfðu verið handteknir vegna málsins skömmu áður á nálægri bensínstöð.

### LEIÐRÉTT

Ranglega var farið með opnunartíma Tehúss Unnar í blaðinu Vetrarhátíð í gær. Réttur opnunartími er milli klukkan 14 og 18 laugardag og sunnudag.

# Hundur drap hænur á heimili í Breiðholti

**Skipulagsstjóri vill ekki leyfa hænsnahald í Reykjavík því hænur séu húsdýr en ekki gæludýr. Hundur drap þrjár landnámshænur í Seljahverfi um síðustu helgi. Hesthús er í næstu götu og hænueigendurnir undrast biðina eftir leyfi.**

**DÝRAHALD** „Það er ekki hægt að vera reiður við hundinn, þetta er bara í eðlinu,“ segir Brynjar Þór Jónasson, íbúi í Lambaseli í Breiðholti, sem varð fyrir því að hundur drap þrjár hænur í garði hans.

Fjölskyldan í Lambaseli 11 hefur frá því í nóvember beðið eftir því að borgaryfirvöld afgreiði umsókn hennar um að fá að halda landnámshænur sem hún fékk um svipað leyti. Á föstudagskvöldið síðasta tók málið óvænta stefnu þegar laus Siberian Huskey hundur braut sér leið inn í hænsnakofann og drap hænurnar. Hann stökk blóðugur á flótta þegar heimilisfólkið varð hans vart.

„Það er aðallega eigandi hundsins sem er ekki að standa sig,“ segir Brynjar sem nú kveðst munu bíða niðurstöðu borgarinnar áður en frekara framhald verður á hænsnahaldinu. Málið hafi komið illa við börnin á heimilinu. „Þetta er að verða sorgarsaga. Við erum með þrjú börn og þetta voru nú fyrst og fremst þeirra gæludýr. Hvert barn átti eina hænu.“

Í augnablikinu er umsókn fjölskyldunnar í Lambaseli hjá heilbrigðisnefnd sem frestaði málinu á fundi í síðustu viku. Þá lá fyrir umsögn skipulagsstjóra sem leggst gegn leyfisveitingunni með vísan í heilbrigðisreglugerð og í ákvæði samþykktar um takmörkun búfjárhalds í Reykjavík.

„Hænsnfuglar eru samkvæmt íslenskri hefð flokkaðir sem húsdýr og teljast til búfjár,“ segir skipulagsstjóri sem segir afstöðu sína enn fremur byggjast á mótmælum sem komið hafi fram.

„Við töluðum við alla nágranna áður en til þessa kom og það var enginn á móti þessu,“ segir Brynjar hins vegar. Hann segir enn fremur fráleitt að skilgreina hænur sem búfé. „Það er bara kjaftæði. Þær eru bara gæludýr. Það heyrist ekkert í hænunum og það er enginn óþrifnaður af þeim.“

Brynjar segist telja eðlilegt að þeim sé gefið leyfi fyrir hænunum. Fyrir aftan hús þeirra sé aðeins mói. „Það var alltaf talað um að í efstu byggðum Breiðholts væri þetta leyfilegt. Í næstu götu er fólk með hesta og það virðist ekkert mál að fá að vera með kanínur, bara ekki hænur.“

**gar@frettabladid.is**



**TÓMUR HÆNSNAKOFI** Systkinin Pétur Hrafn, tveggja ára og Ásdís Ósk, sex ára misstu landnámshænurnar sínar um síðustu helgi og bíða nú eftir því að borgaryfirvöld ákveði hvort fjölskyldan fái að halda hænur á lóð sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

> Það heyrist ekkert í hænunum og það er enginn óþrifnaður af þeim.
>
> **BRYNJAR ÞÓR JÓNASSON** HÚSASMÍÐAMEISTARI Í LAMBASELI

Skjálftar á Reykjaneshrygg:

## Ekkert bendir til eldgoss

**NÁTTÚRA Nokkuð kröftug jarðskjálftahrina hófst undir Reykjaneshrygg á sjötta tímanum í gærmorgun. Samkvæmt sjálfvirkum mælum Veðurstofu Íslands voru hörðustu skjálftarnir nálægt fjórum að styrkleika.**

**„Þetta er undir Reykjaneshryggnum, það er eldvirkni á svæðinu og trúlega tengist þessi órói því,“ segir Benedikt Ófeigsson, jarðvísindamaður hjá Veðurstofu Íslands. Ekki var ljóst í gær á hvaða dýpi skjálftarnir urðu.**

**Hann segir slíka skjálfta alvanalega á þessu svæði, en hrinan sé vissulega fremur öflug. Margir skjálftanna voru í kringum þrjá að styrkleika. - bj**

Milljónir ranglega til Ólafs:

## Borgin skuldar Frjálslyndum

**DÓMSMÁL** Reykjavíkurborg hefur verið dæmd til að greiða Frjálslynda flokknum 6,8 milljóna króna fjárframlög sem flokkurinn átti rétt á eftir að hafa fengið mann kjörinn í borgarstjórn árið 2006.



ÓLAFUR F. MAGNÚSSON

Framlög ársins 2008 og 2009 voru hins vegar ekki lögð inn á reikning flokksins, heldur reikning Borgarmálafélags F-lista, sem Ólafur F. Magnússon, þáverandi oddviti listans, hafði stofnað. Þetta var gert að beiðni Ólafs sjálfs.

Héraðsdómur Reykjavíkur kemst að þeirri niðurstöðu að einstakir frambjóðendur stjórnmálasamtaka eigi ekki tilkall til fjárframlaganna. **- sh**



HEIMSENDINGAR UM ALLT LAND
Lækkaðu lyfjakostnaðinn
SUÐURLANDSBRAUT 22
SÍMI 533 6100
LYFJAVER.IS
Opið mán-fös 8.30-18 og lau 10-14
LYFJAVER
APÓTEK + LYFJASKÖMMTUN


### VEÐURSPÁ



Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

**LÆGÐ DAGSINS**

Lægð fer yfir landið seinna í dag og þýðir það stífa sunnanátt í kvöld með talsverðri úrkomu um sunnanvert landið. Fremur rólegt veður í kortunum fyrir næstu daga, en þá snýr hann sér í vestlægar áttir með éljum vestra en annars björtu veðri.



Á MORGUN 8-13 NV- og V-til, annars hægari.

LAUGADAGUR 5-10 m/s.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 11° |
| Basel | -2° |
| Berlín | -2° |
| Billund | 0° |
| Frankfurt | 0° |
| Friedrichshafen | -1° |
| Gautaborg | 0° |
| Kaupmannahöfn | 0° |
| Las Palmas | 18° |
| London | 2° |
| Mallorca | 11° |
| New York | 5° |
| Orlando | 22° |
| Ósló | -7° |
| París | 1° |
| San Francisco | 17° |
| Stokkhólmur | -4° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Brynja Gunnarsdóttir *brynjag@365.is*, Snorri Snorrason *snorris@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Benedikt Jónsson *benediktj@365.is*, Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Ívar Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason einar.skulason@365.is




JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

## KJÖRKASSINN



*Telur þú að ný stjórnmálaöfl muni njóta mikils fylgis í næstu alþingiskosningum?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 49% |
| NEI | 51% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Á Ísland að draga sig úr Eurovision-keppninni í Aserbaídsjan?*

Segðu skoðun þína á Visir.is. vísir

Samtök fjármálafyrirtækja birta uppfærðar tölur um niðurfærslu á lánum til heimila:

# Lán heimila verið færð niður um 196,4 milljarða

**EFNAHAGSMÁL** Lán til heimila höfðu verið færð niður um samtals 196,4 milljarða króna frá hruni hjá íslenskum fjármálafyrirtækjum í lok árs 2011. Þetta kemur fram í tölum sem Samtök fjármálafyrirtækja hafa safnað saman. Til samanburðar höfðu lán verið færð niður um 172,6 milljarða í lok september.

Í þessum tölum eru tekin saman öll fjármálafyrirtæki á lánamarkaði auk Íbúðalánasjóðs og lífeyrissjóðanna en taka ber fram að tölur frá lífeyrissjóðunum miðast við lok september.

Í tölunum kemur fram að alls bárust 16.475 umsóknir um hina svokölluðu 110% leið stjórnvalda. Vinna við afgreiðslu þeirra er langt komin en um áramótin höfðu 15.589 umsóknir verið afgreiddar. Niðurfærsla vegna 110% leiðarinnar nam um áramótin samtals 43,6 milljörðum króna frá ársbyrjun 2009.

Þá bárust 1.329 umsóknir um sértæka skuldaaðlögun og var búið að afgreiða 903 þeirra um áramótin. Samþykktar umsóknir voru 824 og heildarniðurfærsla hefur numið 6,2 milljörðum króna.

Meirihluti heildarniðurfærslu lána er hins vegar vegna endurútreikninga á gengistryggðum lánum sem dæmd hafa verið ólögmæt. Höfðu fjármálafyrirtækin lokið endurútreikningi rúmlega 70 þúsund gengistryggðra lána um áramót, þar af 13 þúsund fasteignalána og 57 þúsund bílalána. Heildarniðurfærsla vegna þessara lána er 146,5 milljarðar króna en enn á eftir að endurreikna um 340 lán, þar af 208 vegna fasteigna.

**- mþl**



**HEIMILI** Lán til heimila voru færð niður um 23,8 milljarða króna í október, nóvember og desember.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




# Vilja sjöfalda fiskeldi sitt í Ísafjarðardjúpi

**Hraðfrystihúsið Gunnvör hyggst koma á fót samtals sjö þúsund tonna fiskeldi á nokkrum stöðum í Ísafjarðardjúpi. Hingað til hefur Gunnvör mest náð að framleiða eitt þúsund tonn af þorski á ári. Bæta á við laxi og regnbogasilungi.**

**IÐNAÐUR** „Þetta getur orðið gífurleg innspýting í kerfið,“ segir Einar Valur Kristinsson, framkvæmdastjóri Hraðfrystihússins Gunnvarar sem hefur kynnt áform um sjö þúsund tonna sjókvíaeldi á nokkrum stöðum í Ísafjarðardjúpi.

Áætlanir Gunnvarar ná til þriggja sveitarfélaga: Ísafjarðarbæjar, Súðavíkurhrepps og Strandabyggðar. Almennt virðist viðhorfið jákvætt til málsins þótt því hafi engu að síður verið vísað í umhverfismat.

Gunnvör hefur hingað til verið á þremur stöðum í Djúpinu, mest í Súðavíkurhreppi: Í Álftafirði, Seyðisfirði og Skötufirði. Einar segir að þótt fyrirtækið hafi nú þegar leyfi til eldis á tvö þúsund tonnum af þorski hafi eins árs framleiðsla mest náð eitt þúsund tonnum. Með því að fá heimild til að framleiða allt að sjö þúsund tonnum á útvíkkuðu starfssvæði má segja að stefnt sé að því að sjöfalda framleiðsluna.

Að sögn Einars hefur þróunin í tilraunaeldi á þorski sem staðið hafi í tíu ár gengið hægar en menn væntu. Því vilji menn styrkja eldisþátt fyrirtækisins með eldi á laxi og regnbogasilungi sem sé einfaldari framleiðsla. „Það er allt þekkt í því varðandi sjúkdóma og varnir en það er svolítið í land með þorskinn,“ segir hann.

Að sögn Einars hafa hátt í þrjátíu manns þegar lífsviðurværi sitt af þorskeldinu. Fyrirtækið hafi allar forsendur til að færa út kvíarnar. „Við erum með eldisbúnaðinn, fólkið, skipin og sláturhús þannig að við erum með alla grunngerðina,“ segir hann.

Jón Gísli Jónsson, oddviti í Strandabyggð, segir að sér lítist mjög vel á fyrirætlanir Gunnvarar. Í Strandabyggð er ætlunin að vera með kvíar við Nauteyri, innst í Ísafjarðardjúpi. Í bókun Strandamanna er vísað til umfangs málsins og hugsanlegra áhrifa á laxveiðiár á svæðinu. Því þyki rétt að gert sé umhverfismat. „Veiðimenn óttast að fiskur sleppi og fari upp í árnar,“ segir Jón.

Einar Valur segir hins vegar að í áætlunum Gunnvarar sé að öllu leyti farið eftir lögum og reglum. „Allar fjarlægðir og slíkt er innan allra marka,“ segir framkvæmdastjóri Gunnvarar.

**gar@frettabladid.is**



**SLÁTURTÍÐ HJÁ GUNNVÖRU** Þorskeldi hefur verið stundað í nokkrum innfjörðum Ísafjarðardjúps í tíu ár. Nú vilja menn víkka út með eldi á regnbogasilungi og laxi.

MYND/VALDIMAR INGI GUNNARSSON

> Veiðimenn óttast að fiskur sleppi og fari upp í árnar.
>
> **JÓN GÍSLI JÓNSSON**
> ODDVITI Í STRANDABYGGÐ




*Skráðu þig núna í nám og fáðu forskot:*

**Photoshop nám**

Frábært námskeið um eitt besta ljósmyndaforritið á markaðnum. Lærðu að gera ljósmyndirnar þínar ennþá betri og uppgötvaðu hvernig þú getur búið til alls konar listaverk með Photoshop.

Frábær kennslubók, sem þú getur notað til að gera æfingarnar aftur eða til að læra meira um Photoshop, fylgir með námskeiðinu ásamt geisladiski með æfingamyndum.

Meira en 520 einstaklingar hafa lært að nota Photoshop hjá okkur.

Dagnámskeið hefst 20. febrúar (13:00-16:00)
Kvöldnámskeið hefst 25. apríl (18:30-21:30)

Verð aðeins 39.900
Hagstæðir greiðsluskilmálar

**Tölvunám TV til betri verka**
– hringdu núna í síma 520 9000
– og skoðaðu mikið úrval námskeiða á www.tv.is

TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN
43.000 hafa sótt námskeið frá 1986

Grensásvegi 16 • Sími: 520 9000 www.tv.is

Utanríkismálanefnd Evrópuþingsins um stöðuskýrslu aðildarviðræðna Íslands:

# Icesave spilli ekki viðræðunum

**EVRÓPUMÁL** Utanríkismálanefnd Evrópuþingsins leggur áherslu á að Icesave-deilan hafi ekki neikvæð áhrif á aðildarviðræður Íslands og ESB. Þá fagnar nefndin viðleitni íslenskra stjórnvalda til lausnar deilunni.

Þetta kemur fram í tillögu að ályktun sem verður lögð fyrir allsherjarfund þingsins um miðjan mars vegna stöðuskýrslu umsóknarferlis Íslands að ESB fyrir árið 2011.

Í tillögunni, sem var samþykkt í nefndinni fyrr í vikunni, er drepið á helstu álitamál, meðal annars að ekki sé eining um aðildarferlið innan ríkisstjórnar, þings og flokka og lýst er yfir ánægju með að vilji meirihluta Íslendinga sé að halda áfram aðildarviðræðunum.

Íslendingar eru einnig hvattir til að efla undirbúning að því að geta tekið upp lagabálk ESB þegar til aðildar kemur og hvatt er til uppbyggilegra viðræðna um sjávarútvegsmál, þar á meðal makrílveiðar og hvalveiðar.

Nefndin tekur einnig fram að aðild Íslands muni efla verulega stöðu ESB í málefnum sem tengjast norðurslóðum.

Tillagan verður rædd á allsherjarfundi þingsins í næsta mánuði, eins og áður sagði, en við þá meðferð gæti ályktunin tekið frekari breytingum.

**- þj**



**ICESAVE SKAÐI EKKI** Utanríkismálanefnd Evrópuþingsins hefur lagt fram tillögu að ályktun um stöðu aðildarviðræðnanna við Ísland.



# TAX FREE
## SNYRTIVÖRU DAGAR

**FRÍHAFNARDAGAR**
Dagana 9. - 12. febrúar afnemum við virðisaukaskatt af öllum sérsnyrtivörum*.

*Gildir ekki um sjálfumhirðu snyrtivörur (sjampó, dömubindi, rakvörur, sápur, tannvörur ofl.)

Að sjálfsögðu fær ríkissjó ,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20 alfarið á kostnað Hagkaups.

**OPIÐ** allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg

Tilboðin gilda út sunnudaginn 12. febrúar 2012.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð






Um 2.000 undirskriftir afhentar þar sem nýju deiliskipulagi er mótmælt:

# Akureyringar ósáttir við tillögu

**AKUREYRI** Mikil andstaða virðist vera meðal Akureyringa við deiliskipulag sem nú liggur fyrir um Drottningarbrautarreitinn svokallaða. Akureyrarbæ voru í gær afhentar um 2.000 undirskriftir þar sem skipulaginu er mótmælt.

Í tillögu Akureyrarbæjar er gert ráð fyrir blandaðri byggð íbúða, verslunar, þjónustu og stofnana. Á heimasíðu Akureyrarbæjar segir að nýjar íbúðir verði meðfram Drottningarbraut og við Hafnarstræti, en einnig sé gert ráð fyrir hótelbyggingu syðst á reitnum og nýrri aðkomugötu, húsagötu, samsíða Drottningarbraut.

> Þessar skipulagshugmyndir eru algjörlega úr takti við vilja bæjarbúa.
>
> ÚR YFIRLÝSINGU MÓTMÆLENDA

Drottningarbrautarreiturinn afmarkast af Drottningarbraut í austri, Kaupvangsstræti í norðri, lóð Akureyrarkirkju og Eyrarlandsvegi í vestri og lóðarmörkum Hafnarstrætis 65 og Austurbrú í suðri.

Í tilkynningu frá mótmælendahópnum segir að skipulagið hafi það í för með sér að mörg elstu og sögufrægustu hús bæjarins sem hafa átt sinn sess í bæjarmyndinni um árabil hverfi á bak við nýbyggingar.

„Bæjarráð Akureyrar virðist ætla að fórna þessari fallegu bæjarmynd fyrir skammtímahagsmuni og án þess að vega og meta hin sögulegu verðmæti sem eru í húfi til fulls, en þessar skipulagshugmyndir eru algjörlega úr takti við vilja bæjarbúa.“ - sv




Samhljóða bókun um göng:

## Bæjarstjórn vill göng sem fyrst

**AKUREYRI Bæjarstjórn Akureyrar vill að framkvæmdir við Vaðlaheiðargöng hefjist hið fyrsta. Bókun þess efnis var samþykkt samhljóða á þriðjudag.**

**Í bókuninni segir að göngin auki umferðaröryggi og efli atvinnulíf. Bæjarstjórnin vill koma að aukningu hlutafjár í samstarfi við aðra hluthafa og skorar á Alþingi að ljúka málinu sem fyrst svo hægt verði að hefjast handa við framkvæmdina.** - sv

ÓLAFSFJÖRÐUR

### Klaki fræstur af götunum

Nýjar aðferðir voru á þriðjudag notaðar til að losa mikinn klaka af götum á Ólafsfirði. Að því er segir á síðunni 625.is reyndist vel að fræsa upp klakann áður en honum var ýtt burt með veghefli.



**ÚTFÖR Í IDLIB** Á hverjum degi eru borin til grafar karlar, konur og börn sem látist hafa af völdum árása stjórnarhersins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




# ESB undirbýr refsiaðgerðir gegn Sýrlandi

**Rússar vilja reyna að koma á viðræðum milli stjórnar og uppreisnarmanna í Sýrlandi. Nýjar refsiaðgerðir gegn Sýrlandsstjórn eru í smíðum.**

**SÝRLAND, AP** Evrópusambandið hyggst herða refsiaðgerðir gegn Sýrlandi. Rússar reyna hins vegar að koma á sáttaviðræðum milli varaforseta landsins og uppreisnarmanna.

Harðar loftárásir stjórnarhersins á borgina Homs héldu áfram í gær og kostuðu tugi manna lífið, að sögn uppreisnarmanna sem hafa komið sér upp hersveitum, að hluta skipuðum liðhlaupum úr stjórnarhernum.

„Í beggja röðum eru menn sem stefna að vopnuðum átökum, ekki samræðum,“ sagði Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands, sem hitti Bashar al-Assad Sýrlandsforseta í Damaskus á þriðjudag.

Lavrov sagði bæði stjórnvöld og uppreisnarmenn eiga sök á átökunum, sem samkvæmt samantekt Sameinuðu þjóðanna hafa kostað hátt á sjötta þúsund manns lífið undanfarna mánuði.

Lavrov var kominn aftur til Moskvu í gær og sagði þar að Farouk al-Sharra, varaforseti Sýrlands, hafi fengið það hlutverk að ræða við fulltrúa uppreisnarmanna, ef rússneskum stjórnvöldum tekst að koma slíkum viðræðum.

Bandaríkin og fleiri Vesturlönd hafa harðlega gagnrýnt ákvörðun Rússa og Kínverja um að beita neitunarvaldi í Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna fyrr í vikunni, þegar þar var til afgreiðslu ályktun sem beint var gegn Assad forseta og stjórn hans.

> Í beggja röðum eru menn sem stefna að vopnuðum átökum, ekki samræðum.
>
> SERGEI LAVROV
> UTANRÍKISRÁÐHERRA RÚSSLANDS

Vladimír Pútín, forsætisráðherra Rússlands, sagði hins vegar í gær að utanaðkomandi öfl eigi ekki að láta Sýrlendinga um að leysa ágreininginn sín á milli, án afskipta annarra.

„Við eigum ekki að haga okkur eins og naut í postulínsbúð,“ sagði Pútín.

Embættismenn Evrópusambandsins segja hins vegar að nýju refsiaðgerðirnar eigi að veikja stöðu Sýrlandsstjórnar. Til greina komi að banna flug milli Sýrlands og Evrópuríkja og banna viðskipti við Seðlabanka Sýrlands.

Navi Pillay, mannréttindafulltrúi Sameinuðu þjóðanna, hvatti þjóðir heims til að grípa strax til aðgerða til að stöðva blóðbaðið í Sýrlandi.

Ástandið er langverst í Homs, sem er þriðja stærsta borg landsins. Þar hafa uppreisnarmenn verið einna öflugastir allt frá því mótmælin gegn Assad og stjórn hans hófust snemma á síðasta ári.

gudsteinn@frettabladid.is

HVÍTA HÚSIÐ/SIA - 12-0322

# Metsölubók á netinu



Smelltu þér á rafræna ársskýrslu Marel á netinu og kynntu þér glæsilega afkomu félagsins með nýjum og ferskum hætti.

**www.marel.com/annualreport2011**

marel

# Kynningarfundir um nýja byggingarreglugerð

**Ný lög um mannvirki tóku gildi 1. janúar 2011 og í framhaldi af því fór fram umfangsmikil vinna við endurskoðun byggingarreglugerðar, sem nú hefur verið undirrituð.**

Umhverfisráðuneytið og Mannvirkjastofnun standa því fyrir sjö kynningarfundum um nýja byggingarreglugerð, sem hér segir:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Föstudag | 10. | febrúar | kl. | 9.00 – 12.00 | á Grand Hóteli í Reykjavík |
| Fimmtudag | 16. | febrúar | kl. | 9.00 – 12.00 | á Hótel KEA, Akureyri |
| Mánudag | 20. | febrúar | kl. | 9.00 – 12.00 | á Hótel Hamri, Borgarnesi |
| Þriðjudag | 21. | febrúar | kl. | 9.00 – 12.00 | í Íþróttaakademíunni, Reykjanesbæ |
| Þriðjudag | 28. | febrúar | kl. | 9.00 – 12.00 | í Félagsheimilinu Hvoli, Hvolsvelli |
| Mánudag | 5. | mars | kl. | 9.00 – 12.00 | á Hótel Héraði, Egilsstöðum |
| Miðvikudag | 7. | mars | kl. | 10.00 – 13.00 | í Edinborgarhúsinu á Ísafirði |

**Nánari upplýsingar um fundina verða birtar á heimasíðu Mannvirkjastofnunar, mvs.is.**
Nýja reglugerðin og ýmis skýringarrit eru aðgengileg á heimasíðunni og frá og með 10. febrúar verður streymi frá fyrsta fundinum gert aðgengilegt þar.

Aðgangur að fundunum er ókeypis.

***Umhverfisráðuneytið og Mannvirkjastofnun***



Fíton/SÍA

# Hefur þú áhuga á að starfa í forystu VR?

Samkvæmt 20. gr. laga VR auglýsir kjörstjórn félagsins eftir einstaklingsframboðum í stjórn félagsins og listaframboðum í trúnaðarráð.

Um er að ræða annars vegar einstaklingskosningu til sjö sæta í stjórn og þriggja til vara og hins vegar listaframboð fyrir 41 sæti í trúnaðarráð. Skrifleg meðmæli 15 félagsmanna þarf vegna einstaklingsframboðs til stjórnar. Til að listi sem borinn er fram gegn lista Uppstillingarnefndar sé löglega fram borinn þarf skrifleg meðmæli 300 félagsmanna sem og skriflegt samþykki frambjóðenda á listanum.

Framboðsfrestur er til kl. 12:00 á hádegi fimmtudaginn 16. febrúar 2012. Framboðum og framboðslistum skal skila á skrifstofu VR, Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7.

Frambjóðendum er bent á heimasíðu VR, www.vr.is, þar sem eyðublöð vegna framboða eru aðgengileg og ítarlegari upplýsingar birtar um framboð bæði til stjórnar og trúnaðarráðs. Kjörstjórn VR veitir einnig frekari upplýsingar í síma 510 1700 eða með tölvupósti til kjorstjorn@vr.is.

2. febrúar 2012
Kjörstjórn VR

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS

Virðing Réttlæti VR




**SILFURGATA 5** Nú stendur til að opna gistihús í Norska bakaríinu á Ísafirði og komu munirnir í ljós þegar veggir á efri hæð hússins voru brotnir niður.
MYND/HALLDÓR SVEINBJÖRNSSON

# Spáðu mikið í framtíðina

**Bræðurnir Bergsveinn og Kristján Guðmundssynir skildu eftir bréf milli þilja í húsi á Ísafirði árið 1927. Bréfið kom syni Bergsveins ekki á mikið óvart.**

**FÓLK** „Þetta kom mér ekki á óvart. Þeir bræðurnir voru mjög þenkjandi og spáðu mikið í framtíðina. Flöskuskeyti inni í vegg er alveg eftir þeim,“ segir Friðrik Bergsveinsson, sonur Bergsveins Guðmundssonar, smiðs frá Ísafirði. „Ég var rosalega hrifinn þegar ég frétti af þessu.“

Faðir Friðriks, Bergsveinn Guðmundsson, og Kristján bróðir hans skildu eftir bréf í glerflösku milli þilja í húsi á Ísafirði árið 1927 þegar þeir voru að gera upp íbúð fyrir móður sína og bróður. Kristján lést árið 1952 og Bergsveinn árið 1988.

Friðrik segir bræðurna hafa verið mikla spekinga. Þeir hafi sennilega viljað skilja eitthvað eftir sig þegar þeir stóðu í framkvæmdum við húsið.

„Ég þekki þessar hugmyndir pabba vel,“ segir hann. „Hann var svo mikið fyrir að segja frá hvernig fjölskyldan komst af á þessum tímum.“

Bréfið fannst vel varðveitt í glerflösku á dögunum þegar veggur á efri hæð hússins, sem stendur við Silfurgötu 5 og gengur undir heitinu Norska bakaríið, var rifinn niður vegna endurbóta. Það kom þá í ljós ásamt öðrum munum sem bræðurnir skildu eftir. Greint var frá fundinum á vef Bæjarins besta.

Guðfinna M. Hreiðarsdóttir, sagnfræðingur og skjalavörður á Héraðsskjalasafninu á Ísafirði, segir fundi sem þessa gerast einstaka sinnum.

„Ég man eftir svipuðu máli á Flateyri og í öðru húsi á Ísafirði,“ segir hún. „Svona löguðu fylgja mikil menningarsöguleg verðmæti. Þetta er dálítið eins og að spjalla við einhvern úr fortíðinni.“

Guðfinna segir bréfið hafa verið ritað við upphaf mjög erfiðra tíma. Atvinnu- og aflaleysi átti fyrst eftir að skella á landinu fyrir alvöru nokkrum árum síðar.

sunna@frettabladid.is



**ÞESSIR MUNUR FUNDUST** Bræðurnir skildu ýmsa muni eftir ásamt bréfinu.

> Flöskuskeyti inni í vegg er alveg eftir þeim.
>
> **FRIÐRIK BERGSVEINSSON**
> SONUR BERGSVEINS GUÐMUNDSSONAR

## „kærar kveðjur, þjer óþektu smiðir“

„Íbúð þessi er gerð af okkur bræðrum, Bergsveini Guðmundssyni trjesmið og Kristjáni Guðmundssyni verksmiðjustj. á tímabilinu febr. – apríl árið 1927. Eigendur þessa húss eru nú: Helgi Guðmundsson bakari bróðir okkar og Árni J. Árnason. Keyptu þeir húsið af h/f Hinar sameinuðu ísl. verslanir sumarið 1926. Þar áður átti eignina Á. Ásgeirsson verslun um langt skeið. Fjekk hún hana af norskum manni, Soli, er ljet byggja húsið og stofnaði bakaríið.



Efri hæðin af þessari álmu hússins er þó byggð síðar, nokkru fyrir aldamót af Jóakim Jóakimssyni trjesm. Hefur það rúm verið notað fyrir geymslu þar til nú. Þessi íbúð er ætluð móður okkar, Kristínu Friðriksdóttur, og okkur.

Það er allra ætlan, að aldrei áður hafi atvinnuleysi og fjárskortur þrengt svo kosti íbúa þessa bæjar sem nú. Við óskum og vonum að þegar þetta blað kemur næst fyrir mannaaugu verið ástandið betra og horfurnar glæsilegri. Við sendum yður kærar kveðjur, þjer óþektu smiðir sem að rífið þetta hús, og gagnið þannig lögmáli þróunarinnar: Að bylta og byggja betur á ný.

*Vinsamlegast*
*Ísafirði 3. apríl 1927*
*Bergsv. Guðmundss. Kr. Guðmundsson.“*
*Birt á vef Bæjarins besta þann 7. febrúar 2012*



RAFMAGNAÐ SJÓNARSPIL Á HALLGRÍMS-KIRKJU
OPNUNARATHÖFN VETRARHÁTÍÐAR Í REYKJAVÍK
Vertu með okkur á Skólavörðuholtinu, fyrir framan Hallgrímskirkju, þegar rafmagnað verðlaunaatriði í samkeppni Orkusölunnar og Höfuðborgarstofu verður afhjúpað í kvöld kl. 19:30.
Við lofum góðu stuði, miklu sjónarspili og mögnuðu myrkri.
Hafðu með þér myndavél eða síma og taktu þátt í skemmtilegri ljósmyndasamkeppni á facebook.com/orkusalan.
Finndu okkur á Facebook
orkusalan
Orkusalan er styrktaraðili Vetrarhátíðar 2012.
Brandenburg
LUXOR

**FRÉTTASKÝRING:** Hugmyndir um nýja valmöguleika í samgöngumálum

## Einfalt ferli

Einn af kostum skyndibílakerfisins þar sem það hefur verið tekið í notkun er að það er ekki eins flókið og að leigja bíl eftir hefðbundnum leiðum. Notandinn pantar bílinn á netinu, sækir hann sjálfur og skilar án þess að aðrir þurfi að koma að því. Þá er hægt að leigja bílinn til skemmri tíma, til dæmis þegar þarf að reka stutt erindi annars staðar í bænum.




**1. Bíllinn pantaður í tölvu**
Notandi skráir sig hjá skyndibílafyrirtæki. Hann getur svo pantað sér bíla á netinu og tiltekur þar hvert hann hyggst sækja bílinn, hversu lengi hann hefur bílinn á leigu hvenær hann hyggst sækja bílinn og hversu langt hann hyggst keyra hann.

**2. Bíllinn sóttur**
Notandinn kemur að bílnum og opnar hann, mögulega með lykilkorti frá leigufyrirtækinu, eða með því að senda skilaboð með farsíma. Í bílnum losar hann svo lyklana og eldsneytiskort með lykilnúmeri sem honum var sent og keyrir af stað.

**3. Bílnum skilað**
Eftir notkun er eldsneytistankur fylltur og bílnum skilað á sama stað. Lyklum og eldsneytiskorti komið fyrir í bílnum, sem er tilbúinn fyrir næsta notanda.




# Möguleikar skyndibílakerfis kannaðir hérlendis

**Hugmyndir eru uppi hér á landi um að koma á laggirnar nýju samgöngukerfi sem miðar að því að fjölga valkostum í samgöngum og draga úr þörf almennings á að eiga marga bíla á hverju heimili.**

Um er að ræða svokallað skyndibílakerfi þar sem hægt er að leigja bíla til lengri eða skemmri tíma, eftir nýstárlegum leiðum, en að fyrirmynd sem er vel þekkt í Evrópu.

Hópur íslenskra stórfyrirtækja, sem hafa áhuga á að gera starfsfólki sínu kleift að nota slíka þjónustu, fundar í dag með fulltrúum frá bílaleigum, bílaumboðum og olíufélögum um möguleikana á aðkomu þeirra að slíku kerfi.

Meðal þeirra eru Landsbankinn, Landsvirkjun, Orkuveita Reykjavíkur, Alcoa og Reykjavíkurborg.

Kerfið gengur þannig fyrir sig að viðskiptavinir kaupa sér aðgang að þjónustunni og panta svo bíl til leigu í gegnum vefinn. Þar er hægt að tiltaka leigutíma og mögulega akstursvegalengd.

Notendur fara svo að geymslustæði þar sem bíllinn stendur, opna bílinn annað hvort með lykilkorti eða símaskilaboðum, og aka svo af stað. Eftir notkun er bílnum svo skilað á sama stað, til reiðu fyrir næsta viðskiptavin.

Samkvæmt útreikningum fyrirtækjanna sem standa að verkefninu er vel mögulegt að spara mögulegum notendum talsverðar upphæðir, enda má gera ráð fyrir að kostnaður við rekstur smábíls sé á bilinu ein til ein og hálf milljón króna á ári.

Finnur Sveinsson, sérfræðingur í samfélagslegri ábyrgð hjá Landsbankanum, er einn af forsprökkum þessa verkefnis og í samtali við Fréttablaðið segist hann hafa kynnst slíku kerfi er hann bjó erlendis.

„Ég hugsaði með mér að gott væri að koma upp sambærilegu kerfi hér á landi, bæði til að draga úr fjölda bifreiða á hverju heimili og ekki síður til að fjölga valmöguleikum fólks í samgöngumálum.“

### Hagræði skyndibíla

Ef gert er ráð fyrir að rekstur smábíls kosti um 1.100.000 króna á ári má álykta að fyrir sömu upphæð stæði eftirtalið til boða í skyndibílakerfinu:

- 510 stuttar ökuferðir
- 125 lengri ökuferðir
- 150 næturleigur
- 60 helgarleigur



„Þetta mun ekki endilega koma í stað fyrsta bíls á heimili, en mögulega í stað annars eða þriðja bíls.

**FINNUR SVEINSSON**
SÉRFRÆÐINGUR HJÁ LANDSBANKANUM

Finnur tekur þó fram að þessar hugmyndir séu ekki settar til höfuðs einkabílum.

„Þetta mun ekki endilega koma í stað fyrsta bíls á heimili, en mögulega í stað annars eða þriðja bíls.“

Fyrirtækin hugsa sér ekki að reka verkefnið sjálf, heldur opna augu bílaleiganna, bílaumboðanna og olíufyrirtækjanna fyrir möguleikunum sem í þessu felast.

„Hugmynd okkar er sú að ef við getum komið þessu á laggirnar fyrir okkar vinnustaði og okkar starfsmenn sé ekkert því til fyrirstöðu að rekstraraðilarnir selji öðrum aðgang að þessari þjónustu.“

Ekki er enn ljóst hvort eða hvenær verkefnið gæti komið til framkvæmda, en Finnur segir það einmitt vera takmarkið með fundinum í dag að fá á hreint þarfir hugsanlegra kaupenda og seljenda og hvað þurfi til að hugmyndin geti orðið að veruleika. Hann segist þó vonast til þess að það verði sem fyrst, en stærsti þátturinn verði eflaust hversu fljótt rekstraraðilar geti komið sér upp tæknibúnaði til að starfrækja kerfið.

„Við höfum fundið fyrir áhuga frá þessum aðilum, en næstu skref í málinu munu vonandi skýrast á þessum fundi.“

Fyrirtækin hafa fengið til sín sérfræðing frá Svíþjóð, Mats-Ola Larsson að nafni, sem hefur unnið að innleiðslu sambærilegs skyndibílakerfis hjá borgaryfirvöldum í Gautaborg.

Larsson segir í samtali við Fréttablaðið að þetta fyrirkomulag eigi uppruna sinn að rekja til Sviss og það hafi verið nokkuð vaxandi í Svíþjóð síðustu tíu til fimmtán árin.

„Núna er að finna um 600 skyndibíla í um 40 borgum og bæjum í Svíþjóð. Það er að sjálfsögðu ekki mikið í samhengi við þær fjórar milljónir bíla sem eru í Svíþjóð, en síðustu ár hefur verið stöðug aukning. Í Gautaborg í fyrra voru um það bil 5.000 skráðir notendur að slíkri þjónustu og um 120 bílar, en nú eru notendur um 7.000 talsins og um 170 bílar.“

Larsson segir bílaleigur koma að rekstri skyndibílakerfa í Svíþjóð og það sé vaxandi þáttur í þeirra rekstri á meðan hefðbundin bílaleiga standi í stað.

„Vöxturinn hefur ekki síst borist manna á milli þar sem fólk þekkir til einhvers sem hefur góða reynslu af skyndibílum, og slær því til.“

Kostirnir eru margir að sögn Larssons.

„Það er auðveldara að leigja bíla en að kaupa þá og þrátt fyrir að aksturskostnaðurinn sé vissulega hærri þá verður þetta frekar til þess að fólk verði meðvitaðra um kostnað við hverja ferð og leggi ekki af stað að óþörfu.“

**Þorgils Jónsson**
thorgils@frettabladid.is



INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ
Háskólinn á Akureyri

**Málþing um eflingu sveitarstjórnarstigsins**

Föstudaginn 10. febrúar 2012
í Háskólanum á Akureyri klukkan 11.00 til 15.30

Greint verður frá tillögum nefndar innanríkisráðuneytisins um eflingu sveitarstjórnarstigsins, skýrt verður frá niðurstöðum könnunar HA um viðhorf sveitarstjórnarmanna og alþingismanna til eflingar sveitarfélaga og sveitarstjórnarmenn ræða stöðu og áskoranir í starfi sveitarstjórna.

Málþingið er opið öllum sem áhuga hafa á starfsemi sveitarfélaga.


GUERLAIN
SPEGILL, SPEGILL,
HERM ÞÚ MÉR
HVER Á LANDI FEGURST ER.
KYNNUM NÝJAN MASKARA
ÁN PARABENA FRÁ GUERLAIN, G NOIR,
ÁSAMT VORLÍNUNNI 2012
Sérfræðingur okkar verður í Hagkaup Holtagörðum
dagana 9. – 15. febrúar og veitir þér ráðgjöf
um förðun sem hentar þér.
GUERLAIN KYNNIR:
• Nýjan maskara án parabena efna. Maskarinn,
G NOIR, er extra svartur, þykkir og lengir.
Hægt er að fá fyllingu í maskarann.
• Nýja og bjarta liti í G ROUGE varalitalínunni.
• Nýja rómantíska liti í KISSKISS varagloss línunni.
• Augnskuggapallettur með nýjum litum og eyeliner.
• "Transparent" púður sem gefur húðinni einstaklega
fallegan ljóma.
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## FIMMTUDAGUR OPNUM KLUKKAN ELLEFU

ÓDÝRT Í BÓNUS **ÓDÝRT Í BÓNUS** ÓDÝRT Í BÓNUS



**298** KR. KG

KS FROSIN **LAMBAHJÖRTU**

ÓDÝRT Í BÓNUS **ÓDÝRT Í BÓNUS** ÓDÝRT Í BÓNUS




**698** KR. KG

1. FLOKKUR

KS FROSIÐ **LAMBASÚPUKJÖT**




**175** KR. 1. LTR

MS 1. LTR
**KÓKÓMJÓLK**

ÓDÝRT Í BÓNUS **ÓDÝRT Í BÓNUS** ÓDÝRT Í BÓNUS



**259** KR. KG

KS FROSIN **LAMBALIFUR**

ÓDÝRT Í BÓNUS **ÓDÝRT Í BÓNUS** ÓDÝRT Í BÓNUS




**1359** KR. KG

KS FROSIÐ **LAMBALÆRI**

BÓNUS NÝBÖKUÐ
**GULRÓTARTERTA**
**998 KR.**



760 GRÖMM




**398** KR. 376G

**Ristorante Pizza**
MEÐ GEITAOSTI OG TÓMÖTUM: 376g




**398** KR. 500 GR

**BÓNUS KAFFI**




**179** KR. 1 LTR.

BÓNUS
**FLORIDA SAFI 1 LTR.**



**198** KR. 4 STK

**BÓNUS MJÚKAR KRINGLUR**



**259** KR. 4 STK

**BÓNUS KJALLARA-BOLLUR MEÐ OSTI**




**259** KR. 10 STK

**GÆÐA-KLEINUR 10 STK. Í POKA**




**398** KR. 360 GR

BÓNUS **SÚKKULAÐI-BITAMUFFINS**

**BÓNUS BÝÐUR BETUR**

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA VISA Vildarklúbbur

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## NAUTAVEISLA
FJÓRIR FERSKIR
# NAUTA
HAMBORGARAR
100% KJÖT 80 GR
MEÐ BRAUÐI
**598 KR.PK**







**1498** KR. KG
SLÁTURFÉLAGIÐ **FERSKT RIFSBERJA LAMBALÆRI**




**1698** KR. KG
**FERSKT NAUTAGÚLLAS**




**1698** KR. KG
**FERSKT NAUTASNITSEL**

ALI FERSKT GRÍSAKJÖT
*GOTT VERÐ Í BÓNUS*



**698** KR. KG
FERSKUR **GRÍSABÓGUR**




**798** KR. KG
**FERSKT** 100% **GRÍSAHAKK**




**998** KR. KG
**GRÍSAKÓTILETTUR**

KJARNAFÆÐI



*100% KJÖT*
10 STK. / 120 GRAMMA
**1598** KR. 10 STK.
FROSNIR
**NAUTABORGARAR**

BÓNUS FROSNIR
## KJÚKLINGAVÆNGIR
*ÞRJÚ TONN Í BOÐI*




**198** KR. KG




**1298** KR. KG
**GRÍSAHNAKKASN.** ÚRB.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2 | | 3 | | | | | |
| 4 | | | | 9 | 5 | | | 6 |
| | | | | 7 | 4 | | | 3 |
| | 4 | 9 | | 8 | | 7 | | 2 |
| 3 | | | | | | | | 5 |
| 2 | | 7 | | 5 | | 4 | 8 | |
| 1 | | | 5 | 3 | | | | |
| 6 | | | 8 | 4 | | | | 9 |
| | | | | | 2 | | 4 | |

ÚRLAUSN Á SUDUKO
GÁTU 36 ER Á BONUS.IS



**798** KR. 620G
FROSIÐ *100%* **NAUTAHAKK**




**498** KR. KG.
**KF SALTKJÖT 2. FLOKKUR**

BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# neytendur
hagur heimilanna

**740 KRÓNUR** var meðalkílóverðið á frosnum kjúklingi í nóvember, samkvæmt mælingu Hagstofu Íslands. Verðið hefur nærri tvöfaldast frá árinu 2005 þegar það var 386 krónur. Í nóvember 2009 var kílóverðið 518 krónur, og hefur hækkað um 43 prósent síðan.



■ **Heilsa**

## Tvö glös af áfengi á viku auka hættuna á fósturláti

Drekki ófrísk kona tvo glös af áfengi á viku eykst hættan á fósturláti um 50 prósent. Séu fjögur glös drukkin tvöfaldast hættan. Þetta kemur fram í grein danskra vísindamanna í ritinu International Journal of Epidemiology en þeir skoðuðu gögn um 92 þúsund danskar konur og upplýsingar um áfengisdrykkju þeirra á meðgöngu. Hættan á fósturláti var sérstaklega mikil ef konur drukku áfengi snemma á meðgöngunni. Nær þriðjungur allra danskra kvenna sem gengu með barn á árunum 1996 til 2002 tók þátt í rannsókninni en í henni var tekið tillit til annarra áhættuþátta sem hafa áhrif á fósturlát. Niðurstaða rannsóknarinnar kom vísindamönnunum á óvart, að sögn eins þeirra, Anne-Marie Nybo Andersen.

■ **Matvæli**

## ESB þarf að umorða lagatexta um fitu- og sykurmagn

Evrópuþingið samþykkti ekki reglugerð framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, ESB, um að matvæla- og drykkjarframleiðendur hefðu rétt til að auglýsa smávegis minnkun á magni salts, sykurs og fitu framan á vöruumbúðum. Meirihluta þingmanna þótti slíkar merkingar villandi. Framkvæmdastjórnin þarf nú að endurskoða textann en hún vildi til dæmis leyfa svohljóðandi merkingu: „Nú með 15 prósentum minna sykurmagni“ og var þá miðað við það magn sem sama vara innihélt áður. Gagnrýnendur bentu meðal annars á að það yrði of erfitt að bera saman hversu mikið fitu-, salt- og sykurmagn í ýmsum vörum hefði minnkað þar sem magnið hefði verið mismunandi áður. Jafnframt var bent á að vara gæti til dæmis enn innihaldið mikið sykurmagn og meira en aðrar vörur þótt það hefði verið minnkað. Samkvæmt reglu ESB frá 2006 má ekki auglýsa á umbúðum minnkun salts, fitu eða sykurs nema hún sé að minnsta kosti 30 prósent.



■ **Samgöngur**

## Icelandair mun stundvísari en Express




Stundvísi flugvéla Icelandair um Keflavíkurflugvöll er mun meiri en þeirra frá Iceland Express. 75 prósent véla Icelandair voru á réttum tíma til og frá landinu í síðari hluta janúar en hlutfallið var 57 prósent hjá Iceland Express. Það er ferðasíðan Túristi.is sem hefur tekið saman komu- og brottfarartíma íslenskra flugfélaga. Á síðunni segir að bæði flugfélögin hafi bætt sig í stundvísi undanfarnar vikur og þá sér í lagi Iceland Express, því síðustu tvo mánuði hafi vélar fyrirtækisins sjaldan lent við Leifsstöð á réttum tíma. „Iceland Express flýgur nú aðeins til London og Kaupmannahafnar og voru ferðirnar til og frá landinu tæplega fjórðíu á síðari hluta janúar. Það var einn tíundi af fjölda ferða á vegum Icelandair á tímabilinu,“ segir á vef Túrista.



**VERSLUN RAUÐA KROSSINS** Margrét Einarsdóttir og Pálína Ósvald sjálfboðaliðar við störf í verslun Rauða krossins á Laugavegi 12. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Mikil eftirspurn eftir notuðum fötum

**Rauðakrossbúðirnar anna varla eftirspurn eftir notuðum fatnaði. Strákar hafa ekki síður áhuga á að kaupa notuð föt en stelpur. Stefnt er að því að auka og bæta úrvalið í verslununum, að sögn Helgu Pálsdóttur verslunarstjóra. Rauði krossinn selur ekki bara fatnað, heldur úthlutar einnig fatnaði.**

Lítil herradeild er í verslun Rauða krossins á Laugavegi 12 þar sem seld eru jakkaföt, skór, skyrtur og peysur. „Við erum með vandaðan fatnað fyrir karlmenn á öllum aldri í þessari verslun og setjum í hana allt spennandi sem við getum fundið. Áhugi herra á notuðum fatnaði er að aukast miðað við magnið sem við seljum. Við önnum varla eftirspurn,“ segir Helga Pálsdóttir verslunarstjóri.

Hún getur þess að með meiri flokkun á þeim fatnaði sem berst til Rauða krossins ætti alltaf að vera nóg úrval.

Að sögn Helgu er hluti fatnaðarins seldur óflokkaður til Hollands og Þýskalands. „Ég er viss um að fólk sem gefur Rauða krossinum vonast til þess að fatnaðurinn komi í góðar þarfir, bæði innanlands og utan. Það góða við endurnýtingu á fatnaði er að fólk sparar peninga með því að kaupa hann samtímis því sem það styrkir góð málefni. Féð sem kemur inn fer í alls konar hjálparstarf, bæði hér á landi og erlendis.“

Rauði krossinn úthlutar einnig fatnaði, að því er Helga greinir frá. „Úthlutunin fer fram á Laugavegi 116 alla miðvikudaga frá klukkan 10 til 14.“

Ágústa Guðmundsdóttir, verslunarstjóri hjá Hertex, verslun Hjálpræðishersins í Garðastræti, segir stráka hafa komið í jafnmiklum mæli í gegnum tíðina og stelpur til þess að kaupa föt. „Þeir finna hér fín föt. Stelpurnar koma að vísu oftar en strákarnir. Þeir koma ekki bara til að skoða, heldur þegar þá vantar nauðsynlega flík. Það ættu allir að geta fundið eitthvað hér ef þeir gefa sér tíma til að leita.“

Hægt er að fá beiðni fyrir fataúthlutun hjá Hjálpræðishernum í Kirkjustræti 2, að því er Ágústa greinir frá. „Fólk kemur þá til okkar með beiðnina og velur sér fatnað sem það fær án endurgjalds.“

Fatnaður er einnig seldur í verslun Hjálpræðishersins við Eyjarslóð. **ibs@frettabladid.is**





Morgunverðarfundur á Hilton Reykjavík Nordica, fimmtudaginn 23. febrúar kl. 8:30-9:45.

Hafa flugsamgöngur meiri áhrif á eyríki langt úti í Atlantshafi en ríki á meginlandi Evrópu? Hver eru áhrif flugs á Íslandi? Að undanförnu hefur hið þekkta rannsóknarfyrirtæki **Oxford Economics** unnið að úttekt á efnahagslegum áhrifum flugstarfsemi í 55 löndum um allan heim í samstarfi við **IATA**, Alþjóðasamtök flugfélaga. Nú er skýrslan um Ísland komin út og á fundinum verða athyglisverðar niðurstöður hennar kynntar undir fundarstjórn hinnar góðkunnu sjónvarpskonu **Þóru Arnórsdóttur.**

Dagskrá fundarins er eftirfarandi:

Efnahagslegur ábati af flugrekstri á Íslandi
Kynning á niðurstöðum skýrslu Oxford Economics
**Julie Provici**, hagfræðingur IATA

Pallborðsumræður um efni skýrslunnar
**Steingrímur J. Sigfússon**, efnahags- og atvinnumálaráðherra
**Pétur K. Maack**, flugmálastjóri
**Björn Óli Hauksson**, forstjóri Isavia
**Björgólfur Jóhannsson**, forstjóri Icelandair Group

Fáið nýjustu upplýsingar um samgöngumál á Íslandi beint í æð.

Vinsamlega skráið þátttöku á **info@saf.is. Aðgangur er ókeypis.**

SAF  isavia  ICELANDAIR GROUP  FLUGMÁLASTJÓRN ÍSLANDS Icelandic Civil Aviation Administration

ÍSLENSKA/SIA.IS/ICE 58354 02/12


Matvælaeftirlitið í Noregi afhjúpaði alvarleg brot:

# Velferð dýranna ábótavant

Alvarleg brot á reglum voru framin hjá 102 af þeim 152 kjúklingaframleiðendum í Noregi sem Matvælaeftirlitið þar í landi gerði kannanir hjá í fyrra. Fylgst var með framleiðslunni frá klaki til slátrunar hjá fjórðungi allra kjúklingaframleiðenda í Noregi. Farið var í eftirlitsferðir til þeirra sem grunaðir voru um reglubrot, að því er kemur fram á vefsíðunni mattilsynet.no.

Norska blaðið Aftenposten hefur það eftir starfsmanni Matvælaeftirlitsins að áhyggjur manna af því að meðhöndlun dýranna væri ábótavant hefðu verið staðfestar.

Dæmi voru um að dimmt væri í of stuttan tíma hjá dýrunum þannig að þau gátu ekki hvílst nægilega. Of þröngt var um dýr, loftræsting slæm og skortur á fóðri og vatni. Einnig voru dæmi um að reglur skorti um hvernig fjarlægja ætti og meðhöndla veik og slösuð dýr.



**KJÚKLINGAR** Norska matvælaeftirlitið fylgdist með kjúklingaframleiðslu frá klaki til slátrunar.

Aðferðir við slátrun þóttu ekki nógu góðar. Ekki var hugað nógu vel að því hvernig tæma ætti gáma með lifandi dýrum auk þess sem dæmi voru um að beinbrotnir kjúklingar væru hengdir upp á sláturlínuna. **-ibs**




# TIL HAMINGJU!

ÍAV og samstarfsaðilar óska Verne Holding til hamingju
með glæsilegt gagnaver við Ásbrú í Reykjanesbæ.

ÍSLOFT
BLIKK OG STÁLSMIÐJA EHF.
Bíldshöfða 12, 112 Reykjavík - Sími 587 6666 - Fax 567 3624
isloft@isloft.is - www.isloft.is

GLÓFAXI

verneglobal

KRAFTLAGNIR ehf.
pípulagningaverktakar

VÉLSMIÐJAN ALTAK

BYKO 1962-2012 50
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.

HS HITASTÝRING hf.
Ármúla 16 108 Reykjavík Sími: 552-2222

JRJ málningarþjónusta

ORKUVIRKI

LímtréVírnet

MANNVIT

upb EHF

T.ark

ÍAV
Við breytum vilja í verk

www.iav.is

ÍAV hf., Höfðabakka 9, 110 Reykjavík, sími 530 4200

**10,5%** **VAR AUKNING** heildarveltu íslenskra Visa kreditkorta á árinu 2011 miðað við árið 2010

Útgáfufélag skilar ársreikningi:

# Smugan tapaði 1,4 milljónum króna

Útgáfufélagið Smugan ehf., sem á og rekur vefmiðilinn Smugan.is, tapaði 1,4 milljónum króna á árinu 2010. Eigið fé félagsins var neikvætt um 1,1 milljón króna í lok þess árs. Þetta kemur fram í ársreikningi Smugunnar fyrir árið 2010 sem skilað var inn til Ársreikningaskráar 2. febrúar síðastliðinn.

Stöðugildi hjá félaginu voru tvö á umræddu ári og námu launagreiðslur vegna þeirra 8,2 milljónum króna. Launagreiðslur hækkuðu umtalsvert frá árinu 2009 þegar Smugan greiddi 4,6 milljónir króna í laun vegna tveggja stöðugilda. Launakostnaður jókst því um 3,6 milljónir króna án þess að stöðugildum væri fjölgað.

Stærsti eigandi Smugunnar er Vinstrihreyfingin - grænt framboð (VG) með 40,24% eignarhlut. Þá á Lilja Skaftadóttir 23,81% hlut en hún er einnig stærsti eigandi útgáfufélags DV. Aðrir eigendur, sem meðal annars eru þingmenn og ráðherrar VG, eiga minna en 5% hlut. - þsj



**SMUGAN** Steingrímur J. Sigfússon á tæpan 5% hlut í Smugunni. Vinstrihreyfingin - grænt framboð á rúmlega 40% hlut.

Endurgreiðslur erlendra lána hafa veikt krónuna:

# Raungengi krónunnar enn mjög lágt

Raungengi íslensku krónunnar lækkaði um 0,6% á milli desember og janúar. Seðlabankinn birti tölur þessa efnis fyrr í vikunni en raungengið hefur lækkað samfellt frá því í október, um samtals 1,8%.

Raungengi krónunnar er því enn umtalsvert undir langtímameðaltali sínu. Þannig var á það bent í Morgunkorni greiningardeildar Íslandsbanka að raungengið væri 21% undir meðaltali áranna 1980 til 2011.

Fjallað var um gengi krónunnar í Peningamálum Seðlabankans sem birt voru í gær. Þar er bent á að gengið hefur lækkað um rúmlega 2% gagnvart evru og 6,3% gagnvart Bandaríkjadal frá síðustu hagspá bankans sem var birt í nóvember.

Telur Seðlabankinn að þessa miklu lækkun gagnvart Bandaríkjadal megi sennilega rekja til almennrar lækkunar gjaldmiðla gagnvart Bandaríkjadal vegna aukins óróleika á alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Þá hafi árstíðabundnir þættir og lakari viðskiptakjör valdið hluta af lækkun krónunnar gagnvart öðrum gjaldmiðlum.

Loks segir Seðlabankinn að ýmislegt bendi til þess að veikingu krónunnar undanfarið megi að hluta rekja til hlutfallslega mikilla endurgreiðslna fyrirtækja og sveitarfélaga á erlendum lánum.

Í uppfærðri hagspá Seðlabankans er því spáð að gengi krónunnar haldist tiltölulega stöðugt í kringum 160 krónur fyrir evru á næstu misserum. - mþl



**KRÓNUR OG EVRUR** Krónan hefur veikst um rúm 2% gagnvart evru frá því í október. Þá hefur hún veikst um 6,3% gagnvart Bandaríkjadal. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**SEÐLABANKINN** Þórarinn G. Pétursson, aðalhagfræðingur Seðlabankans, og Már Guðmundsson seðlabankastjóri kynntu vaxtaákvörðun peningastefnunefndar og uppfærða hagspá bankans í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Seðlabankinn kom markaðnum á óvart

**Peningastefnunefnd Seðlabankans tilkynnti að vöxtum bankans yrði haldið óbreyttum um sinn á vaxtaákvörðunarfundi í gær. Víðast hvar hafði verið búist við vaxtahækkun. Uppfærð hagspá bankans er í stórum dráttum óbreytt.**

**EFNAHAGSMÁL** Peningastefnunefnd Seðlabankans kynnti í gær þá ákvörðun sína að halda vöxtum bankans óbreyttum um sinn. Þá kynnti bankinn uppfærða hagspá sem er í stórum dráttum svipuð spá bankans frá því í nóvember.

Ákvörðun peningastefnunefndar um að halda vöxtum óbreyttum virðist hafa komið markaðsaðilum á óvart þar sem krafa á öllum skuldabréfaflokkum lækkaði umtalsvert í gær. Væntingar virðast því hafa verið til þess að bankinn hækkaði vexti.

Í yfirlýsingu peningastefnunefndarinnar segir að verðbólguhorfur til skamms tíma séu í takti við það sem bankinn hefur gert ráð fyrir. Þá ítrekaði nefndin að eftir því sem efnahagsbatanum vindi fram verði nauðsynlegt að draga úr slaka peningastefnunnar.

Þó má segja að aðeins breyttan tón megi greina í yfirlýsingu nefndarinnar þar sem segir einnig að batni verðbólguhorfur ekki á næstunni kunni nafnvaxtahækkanir að vera nauðsynlegar.

Þá bendir Seðlabankinn á það í fyrsta Peningamálahefti ársins, sem kom út í gær, að hærri verðbólga hafi valdið því að raunvextir bankans hafa heldur lækkað frá því í nóvember og eru um -0,8%.

Í Peningamálum birtir Seðlabankinn uppfærða hagspá sína. Gert er ráð fyrir að hagvöxtur hafi verið 3,0% á árinu 2011, verði 2,5% í ár og svipaður á næstu tveimur árum. Verður aukin fjárfesting helsti aflvaki hagvaxtar á næstu misserum en framlag einkaneyslu þó áfram nokkurt.

Telur bankinn að fjárfesting hafi aukist um 7% á síðasta ári en vaxi um heil 18% á þessu ári. Hefur atvinnuvegafjárfesting þar mest að segja en því er spáð að hún aukist um 19% á árinu sem er nokkru meira en áður var gert ráð fyrir.

Seðlabankinn metur horfur um atvinnuleysi svipaðar og í síðustu hagspá. Áætlað er að það verði 6,3% að meðaltali á þessu ári en verði komið niður í 4,5% í lok árs 2014.

Nú spáir Seðlabankinn því að 2,5% verðbólgumarkmiði bankans verði náð snemma árs 2014 sem er heldur seinna en bankinn gerði ráð fyrir í nóvember. Skýrist það helst af því að bankinn spáir gengi krónunnar nú veikara á komandi misserum.

Þá telur Seðlabankinn nokkra óvissu vera um það hve hratt verðbólgan hjaðni. Þar ráði óviss gengisþróun miklu. Til skamms tíma telur bankinn hins vegar ljóst að verðbólga hjaðni smám saman á þessu ári og að meðalverðbólga verði 4,6%. Það er 0,5 prósentustigum hærra en bankinn spáði í nóvember. magnusl@frettabladid.is

## Vinnustundum opinberra starfsmanna fækkað?

Í Peningamálum Seðlabankans er vakin athygli á áhrifum þeirra breytinga sem urðu á fjárlagafrumvarpinu í haust eigi forsenda fjárlaga um launakostnað á árinu 2012 að standast. Er bent á að heildarútgjöld endanlegra fjárlaga var þremur milljörðum króna lakari en í upphaflegu frumvarpi. Þar munar mestu um að launakostnaður var 2,1 milljarði hærri en upphaflega var stefnt að. Ein forsenda frumvarpsins var að launakostnaður á þessu ári yrði 2,5% meiri en í fyrra en ef marka má þennan hærri launakostnað í fjárlögum er ljóst að enn þarf að skera niður vinnumagn hjá opinberum starfsmönnum eigi þessi forsenda að halda.

Lífeyrissjóðir telja stjórnendur Glitnis hafa blekkt sig og reka mál gegn slitastjórn:

# Sömu rök og í New York-stefnu

Málsrök þeirra lífeyrissjóða sem telja sig hafa verið blekkta til að kaupa víkjandi skuldabréf í umdeildu skuldabréfaútboði Glitnis í mars 2008 eru að hluta til þau sömu og slitastjórn Glitnis beitti þegar hún stefndi hópi fyrrum eigenda, stjórnenda og starfsmanna Glitnis fyrir dómstóla í New York. Í tilkynningu vegna New York-málsóknar sagði að kjarni hennar hafi verið „útboð skuldabréfa upp á einn milljarð dala. Bréfin voru seld í september 2007 til fjárfesta í New York, sem höfðu verið blekktir varðandi fjárhagslega áhættu Glitnis“. Það mál var endanlega fellt niður í byrjun árs. Nú er slitastjórn Glitnis hins vegar hinum megin við borðið.

Steinunn Guðbjartsdóttir, formaður slitastjórnar Glitnis, segir ekki hægt að bera þessi útboð saman. „Það er lítið annað um þetta mál að segja annað en að við erum í samningaviðræðum við lífeyrissjóðina um uppgjör.“



**SLITASTJÓRN** Steinunn Guðbjartsdóttir, formaður slitastjórnar Glitnis, segir samningsviðræður í gangi við lífeyrissjóðina um uppgjör. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Hópur lífeyrissjóða hefur hafið málarekstur vegna þess að hann telur sig hafa verið blekktan til að kaupa víkjandi skuldabréf fyrir 10,7 milljarða króna í útboði í mars 2008. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa lögmenn lífeyrissjóðanna reynt að knýja fram fyrir dómstólum að slitastjórn Glitnis verði gert að leggja fram margvísleg gögn sem þeir telja líklegt að sýni fram á að bankinn hafi verið öðruvísi og mun verr staddur en útboðsgögnin sögðu til um. Þeir telja að eiginfjár- og lausafjárstaða Glitnis hafi verið mun verri auk þess sem áhættuskuldbindingar bankans hefðu verið vanmetnar. Lögmennirnir munu fara fram á að dómskvaddir matsmenn meti hvort útboðsgögnin hafi endurspeglað raunverulega stöðu bankans. - þsj

# ÚTSÖLULOK
# Á LAUGARDAG KLUKKAN 16.00

## AÐEINS ÖRFÁIR DAGAR EFTIR.
## FRÁBÆRT VERÐ. ALLT Á AÐ SELJAST.

HAGLABYSSUR, RIFFLAR, VEIÐISTANGIR, HJÓL, BYSSUSKÁPAR, GERVIGÆSIR, SPÚNAR, FLOTHOLT, VÖÐLUR, JAKKAR, UNDIRFÖT, VEIÐIVESTI, FLUGULÍNUR, OG MARGT FLEIRA Á VERÐI SEM ALDREI Á EFTIR AÐ SJÁST AFTUR. VIÐ FÖRUM AÐ LOKA. MISSTU EKKI AF ÞESSU

OPIÐ TIL 18 FÖSTUDAG
10 TIL 16 Á LAUGARDAG

AUÐVELDAÐU OKKUR FLUTNINGINN OG HJÁLPAÐU OKKUR VIÐ AÐ TÆMA BÚÐINA

*Sportbúðin flytur í febrúar frá Krókhálsi 5 og opnar í mars að Krókhálsi 4.*

**SPORTBÚÐIN**

KRÓKHÁLSI 5 - 110 REYKJAVÍK - SÍMI 517 8050

*Í leiðinni úr bænum*

MÁN. TIL FÖS.- 10 TIL 18 /// LAU. - 10 TIL 16


KRÓNAN
– fyrst og fremst ódýr!
40% afsláttur
998 kr. kg
Verð áður ~~1698~~ kr. kg
Grísasnitsel
40% afsláttur
998 kr. kg
Verð áður ~~1698~~ kr. kg
Grísagúllas
GRÍSAKJÖTSÚTSALA
30% afsláttur
598 kr. kg
Verð áður ~~698~~ kr. kg
Grísabógur
30% afsláttur
319 kr. kg
Verð áður ~~459~~ kr. kg
Grísaskankar
3568 kr. kg
Lambafille með fituröndd
1498 kr. kg
SS sirloinsneiðar í poka
1698 kr. kg
SS blandaðar lærissneiðar, 2. flokkur
GJAFAKORT
KRÓNAN
Gjafakort Krónunnar fæst á www.kronan.is
EXPO • www.expo.is
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl


GRÍSAKJÖT
– fyrir þig og þína!
33% afsláttur
998 kr. kg
Verð áður 1498 kr. kg
Grísakótilettur
30% afsláttur
1598 kr. kg
Verð áður 2298 kr. kg
Grísalundir
FRÁBÆRT VERÐ!
30% afsláttur
698 kr. kg
Verð áður 998 kr. kg
Grísasíða, pörusteik
30% afsláttur
559 kr. kg
Verð áður 798 kr. kg
Grísa Spare Ribs
Ódýrt!
698 kr. kg
Grísahakk
40% afsláttur
349 kr. kg
Verð áður 596 kr. kg
Mangó
30% afsláttur
489 kr. kg
Verð áður 699 kr. kg
Paprikur, blandaðir litir í pakka
Alabamasalat
379 kr. pk.
H&G Alabamasalat , 200 g
KÍKTU Á kronan.is
– meira fyrir minna
Sjá opnunartíma verslana Krónunnar
á www.kronan.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Nýtt framboð siglir undir fölsku flaggi:

## Samstaða um gamlar hugmyndir

Nýja stjórnmálaaflið Samstaða, undir forystu Lilju Mósesdóttur alþingismanns, gefur sig út fyrir að vera „ekki vinstri, ekki hægri og ekki miðjumoð heldur ný hugsun í stjórnmálum“. Þetta virðist strax pínulítið vafasöm fullyrðing af því að leiðtogi flokksins stimplaði sig út úr Vinstri grænum meðal annars af því að þeir voru ekki nógu vinstrisinnaðir; vildu til dæmis ekki reka ríkissjóð með eins ríflegum halla og þingmaðurinn hefði kosið.

Stefnuskrá nýja flokksins virðist heldur ekki rík af nýjum hugmyndum. Þar stendur vissulega margt fallegt og markmiðin eru göfug, en hugmyndirnar sjálfar virðast flestar notaðar – og klárlega ættaðar af vinstri væng stjórnmálanna, eins og hefðbundið er að skilgreina hann.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Þannig vill Samstaða „öflugt norrænt velferðarkerfi sem tryggir almennan rétt til velferðarþjónustu án tekjutengingar“. Lög og skattkerfi á að nota til að ná fram „jöfnuði, samstöðu og sameiginlegum velferðargrunni“. Amazt er við því „tvöfalda heilbrigðiskerfi sem þróast hefur á Íslandi“ og sagt að „hagnaðardrifin einkaframkvæmd“ skuli ekki vera fyrsti kostur. Eitthvað er þetta nú kunnuglegt.

Sama má segja um þau stefnumið að orkufyrirtækin eigi að vera í samfélagslegri eigu og setja skuli lög um lágmarkslaun. Á fjármálamarkaði vilja Lilja og félagar að sé „einn öflugur banki í eigu ríkisins“ en fólk hafi val um sparisjóði til hliðar við hann.

Samstaða vill veita ríkinu forkaupsrétt á landi, að eigendur og notendur lands greiði gjöld af land- og auðlindanotkun til hins opinbera, vill greiða flutningsjöfnunarstyrki af almannafé og að „á fákeppnismörkuðum ber[i] samvinnufélögum og hinu opinbera að hafa leiðandi hlutverk“. Í sjávarútvegsmálum er flokkurinn fylgjandi fyrningarleiðinni; allur kvóti verði innkallaður og samningar gerðir um endurúthlutun.

Í ríkisfjármálum vill Samstaða að ríkið grípi til þensluhvetjandi aðgerða með útgjaldahækkunum og skattalækkunum, sem stækka þá væntanlega fjárlagagatið myndarlega.

Einna athyglisverðustu hugmyndirnar eru settar fram í lífeyrismálum; Samstaða vill að „hið opinbera tryggi öllum lífeyrisþegum viðunandi lífeyri án skerðingar“ og segir umbúðalaust að flokkurinn vilji gegnumstreymiskerfi, eins og það sem er að setja ríkissjóði margra Evrópulanda á hausinn, í stað sjóðssöfnunarkerfisins sem Íslendingar hafa byggt upp og eru öfundaðir af.

Nýi flokkurinn vill svo vera utan ESB og er alveg á móti „landakaupum erlendra auðhringa og spákaupmennsku þeirra.“

Hér er ekki ráðrúm til að ræða hversu vitlausar eða skynsamlegar þessar hugmyndir eru. Þetta eru vissulega hugmyndir sem margt fólk hefur haft lengi. En þegar þær eru kynntar sem „ný hugsun í stjórnmálum“ er siglt undir fölsku flaggi. Samstaða er gamaldags vinstriflokkur af þjóðernissinnuðu sortinni – svona svipaður og þessi sem flokksformaðurinn var í til skamms tíma.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Skilum handboltasilfrinu



Þörf umræða á sér nú stað um það hvort Íslendingar eigi að hætta í Eurovision vegna mannréttindabrota stjórnvalda í Aserbaídsjan. Það er nánast undantekning frekar en regla að þegar einhver stórviðburður fer fram í landi þar sem mannréttindum er ábótavant beita viðkomandi stjórnvöld óhreinum meðölum til að tjalda öllu til. Þetta á jafnt við um íþróttakappleiki, söngvakeppnir og alþjóðlegar ráðstefnur. Kínverjar eru stórtækir í mannréttindabrotum en samt veifum við silfrinu sem handboltalandsliðið vann í Peking. Kannski við ættum að skila því?

### Mjór er mikils vísir

Með þessu er ekki verið að gera lítið úr því að Ísland mundi gefa skýr skilaboð með því að neita þátttöku í Bakú. Allt of oft hafa íslensk stjórnvöld neitað að taka afstöðu á þeim forsendum að við séum lítil þjóð sem litlu skipti. Mjór er hins vegar mikils vísir og hvort sem er í mannréttinda- eða friðarmálum skipta allir raddir máli. Þá gildir hins vegar að vera samkvæmur sjálfum sér, hvort sem um Aserbaídsjan, Kína eða Bandaríkin er að ræða.

### Eggjatökunámskeiðið



Hægt er að senda inn umsagnir um frumvarp umhverfisráðherra um nýtingu hlunninda. Líklega sendir Ásmundur Einar Daðason, en hann telur tillögu í frumvarpinu um veiðibann á fimm fuglategundir ættaða frá ESB. Verði frumvarpið að lögum mun þurfa veiðikort til eggjatöku, þó ekki sé gert ráð fyrir því að þeir sem hana stundi þurfi að sækja námskeið og taka próf. Ansans. Það hefði nefnilega verið virkilega áhugavert námskeið.

kolbeinn@frettabladid.is

HALLDÓR




## Arðurinn – 44:2 fyrir LÍÚ

Sjávarútvegsmál



Kristinn H. Gunnarsson
fv. alþingismaður

Hagstofa Íslands birti fyrir nokkrum dögum nákvæm gögn um afkomu sjávarútvegsins árið 2010. Fiskveiðiarðurinn varð það ár hvorki meira né minna en 44 milljarðar króna eða 20% af tekjunum. Fiskveiðiarðurinn er hagnaðurinn sem eftir stendur þegar búið er að draga frá tekjum í veiðum og vinnslu allan kostnað og 6% árgreiðsluvexti sem kemur í stað afskrifta og fjármagnskostnaðar. Að mati Hagstofunnar er þetta besti mælikvarðinn á afkomu greinarinnar og hafa opinberar stofnanir lengi gert svona upp.

Arðinum var árið 2010 þannig skipt á milli þjóðarinnar, eigandans og handhafa kvótans að kvótahafarnir fengu 44 milljarða króna eftir að hafa greitt 2 milljarða kr. í veiðigjald. LÍÚ vann togstreituna um skiptingu arðsins 44:2. Þó bætti ríkið hlut sinn frá fyrra árinu. Árið 2009 fóru leikar þannig að gjafagróði LÍÚ varð 45 milljarðar króna en ríkið fékk 1 milljarð króna, 45:1.

Fiskveiðiarðurinn verður til vegna dugnaðar og útsjónarsemi sumra útgerðarmanna sem greiða öðrum útgerðarmönnum háar fjárhæðir fyrir að fá að veiða fiskinn. Þessar greiðslur endurspegla fiskveiðiarðinn. Þegar veiðarnar eru arðbærar þá er verðið hátt. Sem dæmi þá eru greiddar meira en 200 kr. fyrir veiðiréttinn á 1 kg af ýsu og 330 kr. fyrir 1 kg af þorski. Að teknu tilliti til mögulegra ívilnana í kerfinu má segja að um 60% af fiskverðinu miðað við fiskmarkaðsverð fari til greiðslu á veiðiréttinum þegar um leigu er að ræða. Hlutfallið kann að vera lægra þegar rétturinn er keyptur til langs tíma, en það er samt ekki frábrugðið í grundvallaratriðum. Íslenskir bankamenn hafa reiknað þetta verð út.

Afkoma þeirra sem veiða sinn eigin kvóta er að sjálfsögðu gríðarlega góð. Samkeppni og jafnræði í sjávarútvegi er ráðið til þess að skipta arðinum á sanngjarnan hátt. Landsmenn hafa til þessa borið byrðarnar af hruninu með hækkandi sköttum og skuldum og hlíft LÍÚ. Kerfisbreyting og jafnræði í úthlutun kvóta er forsenda þess að nota megi fiskveiðiarðinn til þess að bæta stöðu almennings. Tími gjafagróðans er liðinn. Það getur enginn lengur skorist úr leik.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Frá trú til skynsemi

Í DAG

Jón Ormur Halldórsson
dósent



Það er undur stutt síðan málið sýndist afgreitt. Þetta með markaðina og ríkið. Markaðir vissu og gátu en ríkið þvældist fyrir. Þetta mál málanna í stjórnmálum var raunar hvergi afgreitt utan Vesturlanda. Síst í Asíu þar sem menn hafa náð heimssögulegum árangri í efnahagsmálum á síðustu árum. Sá árangur hefur gefið nokkrum ríkjum kennivald sem mikinn hroka þarf til að hafna.

### Lýðræði

Þessi ríki hafa þó lítið að kenna Vesturlöndum um mannréttindi eða lýðræði og oft minna en menn halda um fíngerðari hluti mannlífsins. Hagstjórn í þeim ríkjum sem best hafa staðið sig hefur hins vegar í veigamestu atriðum lítið með einræði eða lýðræði að gera. Flest eru þau líka að þróast í átt til aukins lýðræðis sem mun efla þau enn frekar.

### Þrenn mistök

Singapúrbúinn og diplómatinn Mahbubani, einn af gleggri dálkahöfundum Asíu, skrifaði nýlega á þá leið að Vesturlönd hefðu lent í kreppu vegna þrennra mistaka. Ein voru að taka hugmyndafræðilega fremur en praktíska afstöðu til markaða. Önnur voru gleymska á þau sannindi að kapítalisminn lifir ekki nema flestir þjóðfélagshópar hafi hag af honum. Þau þriðju voru að lofa sköpunarmátt kapítalismans en gleyma því að öll sköpun byggir á eyðileggingu þess sem fyrir er.

### Sjálfstæði ríkisvaldsins

Asískir menntamenn hafa lengi undrast þá hugmyndafræðilegu trú sem vestrænir menn hafa á mörkuðum. Þótt mörg lönd Asíu séu opin markaðskerfi er hvergi þar í álfu að finna þá einlægu trú á mörkuðum sem er ríkjandi í Bandaríkjunum og var ráðandi hérlendis og víðar í Evrópu um nokkurn tíma. Í Asíu snúast umræður um markaði oftast um praktískar leiðir til nota þá og um það hvernig efla megi styrk og sjálfstæði ríkisvaldsins svo það geti veitt mörkuðum virkt aðhald.

### Gleymska

Menn vissu við lok stríðsins að kapítalisminn myndi ekki lifa af í Evrópu nema tvennt kæmi til. Annað, að menn gætu hamið verstu sveiflur kapítalismans og komið í veg fyrir kreppur sem leiddu til skelfinga hjá launafólki. Hitt, að til yrðu velferðarkerfi sem tryggðu almenna menntun, aðgengi allra að heilsugæslu og sæmilegan jöfnuð í lífskjörum. Þetta tókst og það svo vel að til urðu í Evrópu einhver upplýstustu, jöfnustu og heilbrigðustu samfélög í sögu heimsins. En svo gleymdist þetta aftur.

### Skapandi eyðilegging

Menn vissu líka að heimsvæðingin myndi eyða störfum á Vesturlöndum og auka ójöfnuð. Þetta er af einföldum ástæðum. Heimsvæðingin snýst um að gera allan heiminn að einum vinnumarkaði og ná þannig sem mestri skilvirkni. Vestræn ríki með dýrt vinnuafl geta ekki keppt við ódýrara vinnuafl í risasamfélögum Asíu nema með því að hækka sífellt tæknistig og auka menntun vinnuaflsins. Ef ekki, þá fellur kaupmáttur og atvinnuleysi eykst. Með heimsvæðingunni vaxa hins vegar tækifæri þeirra sem mest kunna fyrir sér og ójöfnuður eykst. Þetta eiga menn að vita en ríki Vesturlanda hafa ekki brugðist rétt við.

### Lömun ríkisvalds

Ástæðurnar fyrir fátæklegum viðbrögðum eru þrjár. Ríkisvald á Vesturlöndum hefur verið að veikjast af pólitískum ástæðum. Hugmyndafræðileg tíska hefur líka meinað mönnum að beita þeim björgum sem ríkin búa þó yfir. Ábyrgðarlaus skuldsetning ríkja á síðustu áratugum hefur að auki dregið stórlega úr getu þeirra til að bregðast við með aukinni fjárfestingu í menntakerfum, rannsóknum, stoðkerfum og atvinnusköpun.

### Ríkisstjórnir í vanda

Svo kom kreppa og kröfur manna urðu meiri en ríkisstjórnir fá ráðið við. Þær hafa misst vald bæði til alþjóðlegra markaða og innlendra. Valdið hefur líka færst frá kjósendum til neytenda, sem er að vísu sami hópurinn en með ólíka sýn og hagsmuni þó. Menn hrópuðu fyrir skemmstu sem neytendur en nú hrópa þeir sem kjósendur. Kjósendur skiptast að auki meira en fyrr eftir ólíkum hagsmunum kynslóða, sem pólitíska kerfið ræður illa við. Þeir skuldsettu á miðjum aldri hafa allt aðra hagsmuni en þeir eldri sem vilja öruggan lífeyri og sem minnsta skatta.

### Mörg módel

Kapítalisminn er ekki á útleið. Af honum eru líka til hin ólíkustu afbrigði. Sum bera þess merki að hagsmunir einstakra atvinnugreina hafa ráðið miklu í stjórnmálum. Víða í Evrópu var reynslan af afskiptum ríkisins af atvinnulífi lengi mjög slæm og markaðslausnir sýndust því heillandi. Afreglun átti að leiða menn frá klíkuskap, pólitískri spillingu, óskilvirkni og sérhagsmunum. Hún leiddi inn í annað öngstræti. Þau módel af kapítalismanum sem nú eru við lýði, ein fjögur eða fimm í Evrópu og önnur fjögur eða fimm í Asíu, bjóða fram ólíka kosti. Innan þeirra takast á hagsmunir, trú og skynsemi. Trúin er víða að veikjast.

### Skynsemi

Málið snýst öðru fremur um að finna módel þar sem sértækir hagsmunir ráða sem minnstu. Hverjir sem þeir eru. Og þar sem skynsemi fær að ráða oftar en kreddur. Ríki hafa stærra hlutverk við uppbyggingu atvinnulífs en að forða verðbólgu með tískukenningum hvers tíma í peningastjórn. Hagkerfið er undirstaða alls þjóðlífsins og ekki fyrir fikt eða fúsk. Skynsemi er stundum snjallari en markaðir og alltaf betri en kreddur.

## AF NETINU

### Velviljaður verkleysingi



Ögmundur Jónasson ráðherra sagði í Kastljósi í gær, að lífeyrissjóðir byggðu á braski. Hefði verið leyft með lögum árið 1997. Hann hefði sjálfur verið andvígur breytingunni. Samt settist hann í stjórn lífeyrissjóðs og varð þar formaður fram undir hrun. Hafði ekki þrek til að fylgja þar eftir skoðunum sínum. Sjóðurinn hans tapaði hundrað milljörðum, mest allra lífeyrissjóða. Ögmundur virðist vilja vera metinn eftir góðum vilja sínum, en ekki eftir verkum sínum eða verkleysi. Samkvæmt eigin lýsingu er hann góðviljaður auli, sem ráfar með mótmælaspjaldið um gylltar hallir. Skrítin mannlýsing það.

http://jonas.is/

**Jónas Kristjánsson**

### Kreppan búin



Við getum ekki búist við því, þremur árum eftir hrun, að allt sé fallið í sömu skorður og áður. Hrunið hafði skaða í för með sér, tap sem ekki endurheimtist svo glatt, og aldrei að fullu. Þetta tap bera bæði einstaklingar og fyrirtæki, samfélagið allt.

En batinn er hafinn og það er bjartara framundan núna, þremur árum eftir þess atburði.

http://blogg.smugan.is

**Ólína Þorvarðardóttir**

# Það er ljótt að skilja útundan herra borgarstjóri

Menntamál

Soffía Ámundadóttir
leikskólakennari í Reykjavík



Ég skora á borgarstjórann í Reykjavík að draga til baka ákvörðun varðandi niðurfellingu neysluhlés leikskólakennara borgarinnar.

Ég er leikskólasérkennari og hef starfað hjá Leikskólum Reykjavíkur í 11 ár samtals. Ég hef látið margt yfir mig ganga en nú er komið nóg.

■ Kreppan skellur á og hvergi er eins mikið dregið úr útgjöldum eins og í leikskólum borgarinnar. Leikskólakennarar leggja mikið á sig til að halda úti faglegu starfi og starfsánægju við þessar miklu og erfiðu þrengingar.

■ Reykjavíkurborg hættir að gefa starfsmönnum sínum jólagjafir. Við þurfum greinilega ekki klapp á bakið fyrir vel unnin störf.

■ Undirmönnun í leikskólanum er mjög algeng og mjög sjaldan sem börn eru send heim vegna manneklu líkt og gerist í grunnskólanum. Starfsmenn leikskólans taka á sig verulega mikið aukaálag sem er slítandi til lengri tíma litið.

■ Leikskólakennarar missa/sleppa undirbúningstíma vegna manneklu til að láta starfið ganga. Undirbúningstímar eru bundnir í kjarasamningum og skulu greiddir ef leikskólakennari fær ekki sinn undirbúning, en það er yfirvinnubann hjá Reykjavíkurborg.

■ Starfsmenn leikskóla hafa ekki lengur forgang á inngöngu barna sinna í leikskólann. Sem þýðir að við getum komið aftur til starfa eftir tvö ár. Hver borgar svo langt fæðingarorlof? Ekki Ísland.

■ Leikskólakennarar stóðu í kjarabaráttu og borgin lofaði að standa vörð um neysluhléið. Við náðum fínum samningum en þá kemur hnífsstungan. Taka á neysluhléið af leikskólakennurum í borginni en ekki öðrum starfsmönnum leikskólans. Sem sagt Reykjavíkurborg ætlar að éta upp þann ávinning sem leikskólakennarar fengu við nýja samninga.

Hver segir að það sé ekki gott að vinna hjá Reykjavíkurborg? Þar er greinilegt að jafnrétti og virðing eru í hávegum höfð!

Það á að vera hagur Reykjavíkurborgar að hafa fagmenntað fólk í leikskólum borgarinnar. Mikil óánægja er meðal starfandi leikskólakennara í borginni. Mér finnst vanta mikið upp á metnað borgarinnar þegar einungis 30% starfsmanna leikskólanna eru leikskólakennarar og ekki borginni til framdráttar. Með aðgerðum sem þessum fer þessi tala lækkandi svo einfalt er það.

En hvað getum við leikskólakennarar gert til að mótmæla þessari framkomu?

■ Við getum sagt upp og farið til vinnu í öðru sveitarfélagi.

■ Við getum sent börnin heim þegar mikil mannekla er.

■ Við getum sent börnin heim og tekið okkar undirbúningstíma þegar mikil mannekla er.

■ Við getum sleppt því að eignast börn. Nei, takk!

■ Við getum farið út af leikskólanum í matartíma. En hver á þá að vera með börnunum?

Ég skora á leikskólakennara í Reykjavík að láta í sér heyra og láta þetta EKKI yfir sig ganga.

Með von um ítarlega endurskoðun, jafnrétti og heiðarlega framkomu herra borgarstjóri.




# Opið bréf til Ögmundar Jónassonar

Samfélagsmál

Lúðvík Börkur Jónsson
stjórnarmaður í Félagi um foreldrajafnrétti



Á Íslandi er skilnaðartíðni há en lagaumhverfið hefur ekki tekið mið af því á Íslandi í sama mæli og gert er annars staðar á Norðurlöndunum – í þeim tilgangi að vernda hagsmuni barna og tryggja jafnræði milli foreldra þegar að nýju og gjörbreyttu lífi kemur eftir skilnað. Hér erum við að tala um hagsmuni 25-30% allra barna í landinu sem innlendar og erlendar rannsóknir hafa undantekningarlítið sýnt að er margfalt hættara við að lenda afvega í lífinu en öðrum börnum.

Þetta málefni hefur verið nánast hunsað í tvo áratugi, breytingar gerðar seint og illa. Í hvert skipti sem endurskoða á þessi mál fer af stað umræða sem oftar en ekki er tengd kvenréttindahópum eða jafnréttisbaráttu af einhverju tagi og berst gegn öllum breytingum. Litið er á aukin réttindi barna og þess foreldris sem barnið býr ekki fast hjá sem óskiljanlega ógn við stöðu kvenna. Á sama tíma berjast jafnréttishreyfingar á Norðurlöndum fyrir breytingum á lögum í þá átt að jafna út aðstöðumun foreldra eftir skilnað – telja það grunnatriði til að auðvelda einstæðum mæðrum lífsbaráttuna, að auka ábyrgð og möguleika feðra til að taka aukinn þátt, fyrir utan auðvitað hagsmuni barnanna sjálfra.

Hjá öðrum norrænum ríkjum hafa þessi mál verið í stígandi og stöðugri endurskoðun en breytingar sjaldnast eða aldrei komið til Íslands fyrr en öll önnur lönd hafa tekið upp viðkomandi breytingu. Þannig fengu íslenskir feður síðastir feðra umgengnisrétt við börnin sín, sameiginlega forsjáin kom síðust til Íslands og er innihaldsrýrust hér. Sameiginleg forsjá var síðust lögtekin sem meginregla á Íslandi, meðlagsgreiðslukerfið íslenska er eina kerfið sem ekki hefur tekið breytingum í grundvallaratriðum, kerfi um raunverulega búsetu barna á tveimur heimilum er ekki til á Íslandi og svo má áfram telja. Enn á eftir að taka upp um 10 sjálfsögð réttindamál á Íslandi sem öll eru lögtekin annars staðar á Norðurlöndum.

Það var loksins árið 2007 sem eitthvað fór að gerast í kjölfar mikillar umræðu. Jóhanna Sigurðardóttir skipaði 12 manna hóp sem undirritaður sat í til að koma með tillögur um breytingar á barnalögum eftir skoðun á aðstöðu barna í mismunandi fjölskyldugerðum. Hópurinn skilaði skýrum tillögum. Björn Bjarnason dómsmálaráðherra skipaði þriggja manna nefnd til að koma með frumvarp um endurskoðun á barnalögum. Ragna Árnadóttir tók við boltanum og voru frumvörpin kláruð í góðu samstarfi við umhverfi málaflokksins. Byggt var á tillögum 12 manna hópsins sem Jóhanna skipaði og tekið mið af lagaþróun hjá öðrum norrænum ríkjum.

En Ögmundur, þá kemur þú í ráðuneytið – með Höllu Gunnarsdóttur. Refurinn komst í hænsnabúið og át allar hænurnar. Þú leggur fram frumvarp án dómaraheimildar til að dæma sameiginlega forsjá sem var hrygglengjan í áður tilbúnu frumvarpi ásamt fleiri atriðum. Slík dómaraheimild er grundvallaratriði og nú í lögum allra annarra vestrænna ríkja. Annars getur annað foreldrið í mörgum tilfellum ákveðið eitt og sjálft hvort barn verði í sameiginlegri forsjá eða ekki. Einnig getur foreldrið sem barnið býr fast hjá í raun og veru haft það í hendi sér hvort það vill slíta sameiginlegri forsjá eða ekki – hafi hún komist á. Tal um sáttaferli án dómaraheimildar er hjóm eitt, enda er óvissa í réttarsal lykilhvati til sátta.

> Þegar þú lagðir frumvarpið fram á Alþingi árið 2011 hló þingheimur í tvígang því allir sáu að þú hafðir lágmarksþekkingu á því sem þú varst að segja og kom það fram í umræðunum.

Ögmundur, þú mættir á ráðstefnu nýlega og náðir á 5 mínútum að opinbera vanþekkingu þína á málaflokknum. Nefndir þrjú atriði í ræðu sem dæmi um það að ómögulegt væri að dæma fólk til sameiginlegrar forsjár því fólk þyrfti að koma sér saman um þessi þrjú atriði. Þau voru öll röng og heyra undir ákvörðunarvald þess foreldris sem barnið býr fast hjá en ekki undir sameiginlega forsjá. Falleinkunn. Þegar þú lagðir frumvarpið fram á Alþingi árið 2011 hló þingheimur í tvígang því allir sáu að þú hafðir lágmarksþekkingu á því sem þú varst að segja og kom það fram í umræðunum. Rökin sem þú barst á borð fyrir þinni eyðileggingu á góðu frumvarpi Rögnu Árnadóttur, voru allt að því hjákátleg. Greinargerðin sjálf með frumvarpinu kaffærði þín rök, öll með dómaraheimild.

Með öðrum orðum Ögmundur, ef þú yrðir nú skyndilega það vinsæll að þú yrðir ráðherra einhvers Norðurlandanna, Frakklands – nú eða Bandaríkjanna eða Ástralíu, þá myndir þú fella út dómaraheimildina og svona 10-20 réttindaatriði í málefnum skilnaðarbarna og foreldra þeirra. Þú veist betur en samanlögð þjóðþing vestrænna ríkja. Veist betur en sérfræðingar Norðurlanda, svo að ekki sé minnst á 12 manna hópinn sem Jóhanna skipaði, nefndina sem skrifaði frumvarpið, forsjárnefndin sem skilaði lokaskýrslu fyrir nokkrum árum – já, veist bara betur og trúlega best.

Eða hvað! Halla Gunnarsdóttir er fyrrverandi talsmaður Femínistafélags Íslands. Það annars ágæta félag lagði sig niður við það að senda inn umsögn árið 2006 og mælti á móti því að sameiginleg forsjá yrði meginregla á Íslandi – einu allra ríkja! Annað hefur verið eftir því í málflutningi þess ágæta félags. Ögmundur, færðu þig nú í bílstjórasætið í þessu máli.

Félag um Foreldrajafnrétti heldur ráðstefnu í Háskóla Reykjavíkur þann 10. febrúar kl 13.30 undir nafninu „af hverju bara á Íslandi?“ Þar verður lagaprófessor frá Noregi sem var formaður ráðherraskipaðrar nefndar um endurskoðun barnalaga árið 2008. Þar verður einnig danskur skilnaðarlögfræðingur sem sat í sams konar nefnd í Danmörku árið 2006 og er fyrrverandi formaður samtaka lögfræðinga sem sérhæfa sig í fjölskyldurétti í Danmörku. Síðan verða þrír íslenskir sérfræðingar með erindi. Þarna verða allir þingmenn sem láta sig fjölskyldumál einhverju varða. Því miður Ögmundur getur þú ekki komið á þessa ráðstefnu þar sem þú ert upptekinn á annarri á Akureyri, bókaður þar áður en þessi ráðstefna var endanlega ákveðin. Þér er fyrirgefið að mæta ekki.

# Til of mikils mælst?

Menning

Ragnheiður Gestsdóttir
rithöfundur



Þegar ógnvekjandi tölur um treglæsi unglinga birtust sl. haust tók ég mig til og skrifaði langa grein um málið. Of langa – hún fékk ekki inni hér í blaðinu. Síðan hefur talsvert vatn runnið til sjávar og aðrir orðið til að segja margt af því sem mér lá þá á hjarta, bæði í ræðu og riti. Allir ættu nú orðið að vera meðvitaðir um alvöru málsins og skilja að sjálf bókaþjóðin er í miklum ólestri. Ég ætla því ekki að vera að þusa, heldur leggja þess í stað til einfalda aðgerð: Gefum börnunum okkar og íslenskri tungu einn klukkutíma á dag. Til þess að þetta geti orðið þurfa foreldrar og skólar að taka höndum saman og gera örlitlar breytingar á daglegum venjum – en það myndi, samkvæmt því sem rannsakað hefur verið, bæta stöðu barnanna umtalsvert hvað varðar lestraráhuga og málþroska. Og svo kostar það ekki krónu.

Í fyrsta lagi: Notið tuttugu mínútur (að minnsta kosti) af hverjum skóladegi til yndislestrar. Með því er átt við lestur sjálfvalinna bóka í friði og ró, án nokkurra kvaða. Allir í skólanum nota þessa stund til lestrar, jafnt börn og fullorðnir, og það gildir um nemendur á öllum aldri. Ef skólinn sem þitt barn gengur í hefur ekki enn þá tekið upp daglegan yndislestur, leggðu þá til að það verði gert!

Í öðru lagi: Lesið upphátt í skólanum fyrir grunnskólanemendur á öllum stigum í tuttugu mínútur (eða meira) á dag. Lesið úr góðum og skemmtilegum bókum sem hæfa þroska nemendanna. Ef ekki er lesið fyrir barnið þitt í skólanum, spurðu þá hvers vegna það sé ekki gert! Ef þú ert kennari, íhugaðu þá hvort þetta gæti ekki verið einhver mikilvægasta og lærdómsríkasta stund dagsins! Hlustun eykur orðaforða og máltilfinningu, skerpir athygli og einbeitingu, góðar bókmenntir fræða og kenna lífsleikni – og innprenta um leið þá mikilvægu staðreynd að bækur geta verið áhugaverðar og skemmtilegar.

Í þriðja lagi: Lestu fyrir barnið þitt heima í tuttugu mínútur (hið minnsta) á hverjum degi! Ekki hætta þótt barnið sé sjálft farið að lesa – haltu áfram eins lengi og það vill sjálft. Þessar stundir geta verið einhverjar þær indælustu sem þið eigið saman. Lestu bækur sem þér þóttu skemmtilegar í bernsku og fylgstu líka með og lestu nýjar bækur. Talið saman um efni bókanna. Farið saman á bókasafnið í leit að nýjum og gömlum fjársjóðum. Hlustið saman á hljóðbækur. Kannið í sameiningu þá heima sem bækurnar veita ykkur aðgang að.

Einn klukkutími á dag. Klukkutími sem gefur af sér margfalda ávöxtun í skilningi, færni og ekki síst gleði. Er það til of mikils mælst?

# Heggur sá er hlífa skyldi

Menntamál

Líf Magneudóttir
fulltrúi VG í skóla- og frístundaráði



Ekki alls fyrir löngu stóð Skóla- og frístundaráð Reykjavíkur (áður Menntaráð) frammi fyrir því að þurfa að skera töluvert niður. Þurfa er kannski ofsagt – það var pólitísk ákvörðun meirihlutans að skera svona mikið niður í menntamálum en hlífa í staðinn öðrum sviðum. Meirihluti Besta flokks og Samfylkingarinnar var auðvitað fljótur að finna upp á frábærri leið til þess að spara hundruð milljóna króna ef ekki milljarða. Þau ætluðu bara að sameina fullt af skólum og leikskólum og alls konar menntastofnunum. Nýr og skapandi meirihluti.

Í aðdraganda málsins og í ferlinu sjálfu gerðum við Vinstri græn mýmargar athugasemdir og vöktum máls á margvíslegum vandamálum við sameiningarnar. Fag- og stéttarfélög gagnrýndu fyrirætlanirnar líka harðlega, og þegar áformin urðu almenningi ljós bárust jafnframt alvarlegar athugasemdir frá foreldrum.

Tvennt stóð að mínu mati upp úr. Ekkert mat lá fyrir um faglegan ávinning fyrir nemendur borgarinnar og fjárhagslegi ávinningurinn af sameiningunum var sýnd veiði en ekki gefin.

Nú þegar nokkuð er liðið frá því að ákvörðunin var tekin er meintur fjárhagslegur ávinningur umdeilanlegur. Hins vegar blasir við að sameiningarnar skapa hin ýmsu vandkvæði í skólunum. Það hefur sannast á foreldrafundum sem haldnir hafa verið nýlega þar sem foreldrar hafa bent á alvarlega galla á sameiningarhugmyndunum. Auðvitað hafa ákvarðanir líkt og þær að sameina skóla margar hliðar og koma sér misvel fyrir borgarbúa. Eflaust breyta sameiningarnar ekki miklu fyrir stóran hluta þeirra en foreldrar í Grafarvogi hafa sýnt að þær hafa ýmiss konar neikvæð áhrif fyrir börnin þar. Til dæmis hefur óvissa skapast um sérkennsluna og leið barnanna í skólann lengist og þurfa þau að fara yfir fleiri umferðargötur svo eitthvað sé nefnt. Samgöngumál í Hamrahverfinu í Grafarvogi voru lítið skoðuð þegar ákvörðunin var tekin og hefur meirihlutinn ekki beitt sér fyrir því að strætó keyri í hverfið.

Þegar upp er staðið virðist því sem áhrif sameininganna á skólastarf hafi í besta falli verið hlutlaus en því miður neikvæð fyrir alltof marga án þess að nokkur fjárhagslegur ávinningur hafi fylgt sameiningunum. Faglegt starf menntastofnana hefur hins vegar verið sett í uppnám og tekur tíma að leysa úr því. Minnir þetta nokkuð á útrásarvíkingana sem sömdu sér svo vel við að skipuleggja viðskiptalífið á landakorti og reiknuðu sér alltaf gríðarlegan hagnað með aðstoð einhverra fínna reikniformúla. Ekki er nú reynslan af þeirri aðferðafræði góð.

> Þessari ógæfuför hefði meirihlutinn getað afstýrt ef hann hefði hlustað á borgarbúa, kennara, foreldra, fulltrúa minnihlutans og marga fleiri sem bentu á gallana strax í upphafi.

Það verður því að segjast að betra hefði verið heima setið en af stað farið. Þessari ógæfuför hefði meirihlutinn getað afstýrt ef hann hefði hlustað á borgarbúa, kennara, foreldra, fulltrúa minnihlutans og marga fleiri sem bentu á gallana strax í upphafi. En eins og svo oft áður valdi meirihlutinn að skella skollaeyrum við allri gagnrýni og keyra málið í gegn. Fá leik- og grunnskólabörn í borginni, foreldrar þeirra og fagstéttir nú að súpa seyðið af því.

# Lendandi á Hólmsheiði í 96-98% tilvika – 95% er nóg

Reykjavíkurflugvöllur

Gunnar H. Gunnarsson
verkfræðingur



Örn Sigurðsson
arkitekt



Háskólinn í Reykjavík (HR) og talsmenn flugvallar í Vatnsmýri (flugvallarsinnar) stóðu fyrir Málþingi um flugmál þann 19. janúar sl. Umfjöllunarefni málþingsins var og er eitt af erfiðari og afdrifaríkari deilumálum íslensks samfélags á síðari tímum.

Einhliða val HR á framsögumönnum úr röðum eindreginna flugvallarsinna varpar skugga á hlutlæga nálgun, vísindaleg efnistök og akademíska þekkingarleit, sem samkvæmt eðli málsins ættu að vera meginmarkmið HR líkt og annarra háskóla.

Á undangengnum árum og áratugum hafa flugvallarsinnar beitt illa fengnu pólitísku valdi (vegna misvægis atkvæða) jafnt á Alþingi sem í ríkisstjórn, sveitarstjórnum og í fjölmiðlum. Yfirlýsingar þeirra og greinaskrif einkennast af slagorðum og tilfinningatengdum rökleysum.

Á málþingi HR þann 19. janúar sl. keyrði um þverbak. Í framsöguerindum þriggja forkólfa flugmála, þeirra Péturs K. Maack flugmálastjóra, Þorgeirs Pálssonar prófessors, fyrrverandi forstjóra Flugstoða ohf., og Þórólfs Árnasonar, stjórnarformanns ISAVIA, er því haldið fram að Hólmsheiði komi ekki til greina fyrir innanlandsflugvöll vegna veðurfarsaðstæðna og því standi valið um miðstöð innanlandsflugs á milli Vatnsmýrar og Miðnesheiðar.

Af framsöguerindi Haralds Sigþórssonar, lektors við HR, sem vinnur nú að greinargerð fyrir ISAVIA um framtíð innanlandsflugs, er ljóst að í því ritverki verður ekki reiknað með flugvallarvalkosti á Hólmsheiði.

Þannig reyndu flugvallarsinnarnir með rangfærslum að skerpa átakalínurnar á milli landsbyggðar og höfuðborgar með því að tala niður þann flugvallarvalkost, sem sýndi mesta þjóðhagslega arðsemi í úttekt ráðgjafafyrirtækisins ParX, sem unnin var fyrir samgönguráðherra 2007.

Flugvallarsinnar hafa áratugum sama látið eins og Vatnsmýri sé eini nothæfi staðurinn fyrir flugvöll, allir aðrir staðir á höfuðborgarsvæðinu væru of hátt yfir sjávarmáli, of langt frá sjó, of nálægt fjöllum o.s.frv.

Í janúar 2006 var hafin athugun á veðurfari á Hólmsheiði, sem skipt var milli Veðurstofunnar og Flugstoða ohf. (f.h. samgönguyfirvalda ríkisins), sem skyldi annast athugun á skýjahæð, skyggni og ókyrrð í lofti.

Í desember 2009 kom út áfangaskýrsla um veðurathuganir á Hólmsheiði (Veðurstofa Íslands, Guðrún Nína Petersen).

Dr. Haraldur Ólafsson veðurfræðingur hefur látið hafa eftir sér í fjölmiðlum, m.a. á mbl.is, að fyrirliggjandi veðurrannsóknir sýni að nýtingarhlutfall þar sé 96-98% og frekari rannsóknir á ókyrrð í lofti muni ekki lækka nýtingarprósentuna undir 96% (flugrekendur telja að 95% nægi). Af framansögðu er því nú þegar ljóst að Hólmsheiði hentar afar vel fyrir flugvöll.

Í byrjun árs 2012 er athugunum á ókyrrð í lofti yfir Hólmsheiði ólokið og ekki vitað hvort þær séu hafnar. Þeim átti að vera lokið skv. sameiginlegri bókun samgönguráðherra og borgarstjóra frá febrúar 2005. Vanefndir þessara athugana eru á ábyrgð ISAVIA (arftaka FLUGSTOÐA ohf.) og ráðherra samgöngumála, Ögmundar Jónassonar.


RAFVÖRU MARKAÐURINN
FLÚRLAMPAR OG KASTARAR
Við Fellsmúla - Reykjavík
FLÚRLAMPAR
10W
15W
18W
30W
36W
Verð frá 2.595
FLÚRLAMPAR
14W
21W
28W
Verð frá 2.995
IÐNAÐARLAMPAR M/ SKERM
2.995
1 x 36W
4.995
2 x 36W
SPEGLALAMPAR
Verð frá 4.995
Verð frá 5.595
Með tengli
Verð frá 4.995
Með tenglum
INNF. FLÚRLAMPAR Í LOFT
6.995
4 x 14W
5.995
4 x 18W
RAKAÞÉTTIR FLÚRLAMPAR
MEÐ ELECTRONIC BALLAST
T8
1 x 18W 3.595
2 x 18W 4.595
1 x 36W 5.995
2 x 36W 6.995
1 x 58W 6.595
2 x 58W 7.595
T5
1 x 14W 4.595
2 x 14W 4.995
1 x 28W 5.495
2 x 28W 5.995
INNRÉTTINGALAMPAR
3.995
8W
4.595
13W
FLÚRLAMPAR
Á LOFT
5.995
4 x 18W
5.995
2 x 36W
ÚTIKASTARI M/ KLEMMU
150W
2.595
150W
1.990
ÚTIKASTARI
FLÚRLAMPI Á LOFT
2 x 36W
4.959
ÚTIKASTARAR M/ HREYFISKYNJARA
400W
150W
4.595
3.995
ÚTIKASTARAR M/ HREYFISKYNJARA
400W
150W
4.595
3.995
GÖTULJÓS
MÁLMHALOGEN
70W
8.990
FLÓÐKASTARAR - MÁLMHALOGEN
250W & 400W
150W
14.995
9.995
ÚTIKASTARAR Litir: svart, hvítt, grátt
150W 1.995
500W 2.495
1000W 3.729
ÚTIKASTARAR M/ SPARPERU
9W
3.995
24W
4.595
ÚTIKASTARAR Á STANDI
150W
500W
3.495
3.995
RAFVÖRU MARKAÐURINN
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888
OPIÐ
Mán. til fös. kl. 9 - 18
Laugard. kl. 10 - 16
Sunnud. kl. 12 - 16

# Breytt framtíðarsýn lesblindra

Menntun
Guðmundur S. Johnsen
formaður félags lesblindra



Flestar skólabyggingar á Íslandi í dag eru með þeim hætti að fatlaðir eiga auðvelt með að komast inn og af því erum við nokkuð stolt. Aðgengismál í nýjum skólum eru þannig að verulega fatlaðir einstaklingar eiga til þess að gera auðvelt með að komast inn og út um skóladyrnar. Ekkert er sjálfsagðara í hugum okkar. En þegar inn er komið vandast málin. Þá bregður svo við að um það bil 15 til 20% nemenda lenda í vandræðum vegna fötlunar sem skólakerfið er ekki enn tilbúið að takast á við.

Ef svo vill til að einstaklingur, sem bundinn er við hjólastól, býr einnig við lesblindu (dyslexíu) þá má segja að hann sé strand þegar hann er kominn inn í skólann. Hin sýnilega fötlun hefur fengið aðstoð en námsefnið er honum sama hindrunin og tröppurnar vegna þess að hann býr við fötlun sem enn hefur ekki fengið þau úrræði sem duga. Hvernig má það vera? Þó lesblinda hafi verið undangengnum kynslóðum erfið er ekkert sem segir að hún þurfi að vera það fyrir komandi kynslóðir. Með betri skilningi, betri greiningaraðferðum en þó ekki síst nýrri tækni ætti að vera auðvelt að búa til skóla án bóka. Í nútíma þjóðfélagi ætti nefnilega mismunun þegar kemur að texta að vera óþörf. Í dag finnast tæki sem duga til að yfirvinna þessa fötlun. Það höfum við hjá Félagi lesblindra bent á en félagið fagnar 10 ára afmæli sínu á næsta ári.

**Tíðni lesblindu**

En áður en lengra er haldið er rétt að útskýra aðeins hvað við er að eiga, hver er tíðni lesblindu? Fræðimenn nefna tölur allt frá 4% til 20% nemenda í hverjum grunnskóla. Það fer eftir því hvaða viðmið eru notuð og enn er deilt um hvað fellur undir hugtakið dyslexia. Til að sýna við hvað er að eiga má nefna að þekktar eru 70 mismunandi tegundir lesblindu. Breskar rannsóknir, sem framkvæmdar voru árin 2000 og 2001, leiddu í ljós að 4% grunnskólanemenda í Bretlandi voru með alvarlega lesblindu á meðan önnur 6% voru með vægari einkenni lesblindu. Fimm ára gömul könnun sem Capacent Gallup gerði fyrir Félag lesblindra sýndi að 14,6% nemenda á aldrinum 16 til 24 ára taldi sig glíma við lesblindu eða áþekka annmarka. Því má grunnskólakennari, með 20 nemendur í bekk, eiga von á því að tveir nemendur í bekknum séu lesblindir og aðrir tveir eigi við lestrarörðugleika að etja.

> Margir lesblindir hafa gengið í gegnum 10 ára nám i grunnskóla með þá tilfinningu að vera alveg vonlausir nemendur.

Margir lesblindir hafa gengið í gegnum 10 ára nám í grunnskóla með þá tilfinningu að vera alveg vonlausir nemendur. Þeir hafa upplifað pirring og jafnvel niðurlægingu kennara þegar þeir standa sig ekki í náminu. Baklandið er mismunandi heima fyrir og fyrir marga nemendur verður skólavistin að hreinni og klárri kvöl og eftir á finnst þeim að menntakerfið hafi brugðist þeim. Þegar út í lífið er komið fær þjóðfélagið ekki þá þegna sem það gæti fengið og viðkomandi einstaklingar fá ekki þau tækifæri sem ella hefðu beðið þeirra.

Svona þarf ekki að fara. Meðal lesblindra einstaklinga eru miklir hæfileikar og geta sem ætti að verða mikilvæg viðbót við samfélagið. Þar eru einstaklingar sem sjá hlutina öðrum augum og koma með aðrar lausnir. Önnur bresk rannsókn leiddi í ljós lesblindu meðal 40% af 300 manna úrtaki sem tekið var meðal þekktra breskra athafnamanna. Í þessum hópi eru menn eins og Sir Richard Branson og sjónvarpskokkurinn Jamie Oliver. Einnig má geta þess að sjálfur Winston Churchill bjó við mikla lestrarerfiðleika sem líklega má rekja til lesblindu. Hugsanlega hefði mátt skrifa handritið að Ræðu Konungs (The King‘s Speech) með öðrum hætti sé þetta haft í huga. Sem betur fer ná margir einstaklingar að uppvinna fötlun sína og sigrast á lífsins erfiðleikum.

**Að brjóta venjurnar**

Við hjá Félagi lesblindra reynum að líta svo á að lesblinda sé ekki sjúkdómur þó vissulega sé hún erfið fötlun. Þó hún sé í flestum tilvikum ólæknanleg eru margar leiðir til að draga úr neikvæðum áhrifum hennar. Með þekkingu á lesblindu, árangursríkum náms- og kennsluaðferðum og jákvæðum viðhorfum geta lesblindir náð tökum á tækni og aðferðum sem stuðla að árangri í námi og starfi. Nú í upphafi 21. aldarinnar hefur því skólakerfið allar forsendur til að standa við bakið á þessum nemendum sem í gegnum tíðina hafa ekki fengið þá aðstoð sem þeir eiga rétt á. Það er nauðsynlegt að tryggja.

# Ávöxtun (tap) lífeyrissjóða

Fjármál
Bergur Hauksson
lögmaður og viðskiptafræðingur



Nýlega er komin út skýrsla rannsóknarnefndar um lífeyrissjóði. Mikið hefur verið rætt um hana í fjölmiðlum og sýnist sitt hverjum eins og gengur. Tap sjóðanna er sagt vera hundruð milljarða króna. Margir telja rétt að stjórnendur og stjórnarmenn verði látnir sæta ábyrgð vegna þess. Jafnvel er farið fram á að gerð sé önnur rannsókn á lífeyrissjóðunum. Þar sem ég hef greitt í nokkra lífeyrissjóði á ævi minni ákvað ég að skoða þau framtíðarréttindi sem ég á hjá þessum sjóðum. Af fréttum að dæma virtist tap mitt mikið.

Ég skoðaði þrjá lífeyrissjóði, tvo sem ég greiddi í annars vegar frá árinu 1979 og til ársins 1984 og hins vegar frá árinu 1984 og til 1990. Þann þriðja greiddi ég í frá 1994 til 2010. Lífeyrissjóðirnir gefa upp þau réttindi sem ég á við 67 ára aldur. Til að kanna hvernig réttindi mín væru ákvað ég að bera þau saman við þær greiðslur sem hafa verið lagðar inn í lífeyrissjóðina vegna mín. Ég framreiknaði þessar greiðslur miðað við verðbólgu og 3% ársvexti.

> Þetta kom mér að sjálfsögðu töluvert á óvart miðað við þær umræður sem hafa verið í þjóðfélaginu.

Réttindi mín í fyrsta sjóðnum miðað við framangreindan uppreikning eru mjög slæm. Ef miðað er við að lífslíkur séu 80 ár þá er ég einungis að fá 25% af því sem ég fengi ef upphæðin hefði verið ávöxtuð með 3% vöxtum og uppfærð miðað við verðbólgu. Þetta eru greiðslur sem lagðar voru í sjóðinn 1979-1984.

Réttindi mín í sjóð númer tvö eru töluvert betri. Þar er ég þó að fá 50% af því sem ég fengi ef upphæðin hefði verið ávöxtuð með 3% vöxtum og uppfærð miðað við verðbólgu. Ég er þó enn í tapi og það töluvert miklu.

Sjóður númer þrjú hlýtur því að vera mjög slæmur hugsaði ég þar sem hann er rekinn af þessum stjórnendum sem krafa er um að reka vegna þessa gífurlega taps sem rætt er um. Raunin reyndist allt önnur. Miðað við sömu reikniformúlu og notuð er hér að framan þá eru réttindi mín 100%. Tap mitt í þeim sjóði er þess vegna ekkert.

Þetta kom mér að sjálfsögðu töluvert á óvart miðað við þær umræður sem hafa verið í þjóðfélaginu. Niðurstaða mín er þess vegna að ef reka þyrfti einhverja þá eru það stjórnendur lífeyrissjóða á níunda áratug síðustu aldar en líklega er það erfitt. Einnig má segja að þetta tap sé jafnvel ekki þeim alfarið að kenna heldur einnig efnahagsstjórnun landsins á þessum tíma. Svo ef rannsaka þyrfti eitthvað þá er það efnahagsstjórnun Íslands á níunda áratug síðustu aldar. Ég held við ættum samt að sleppa því.

# Hvað hefur komið fyrir litla Ísland?

Samfélagsmál
Jórunn Rothenborg
fulltrúi hjá Vinnumálastofnun



Ég var agndofa í lok vinnudags í byrjun árs.

Ég á ættir að rekja bæði til Íslands og Danmerkur, flutti hingað frá Danmörku fyrir nákvæmlega 23 árum, full eldmóðs, glöð, ung, með góðan mann mér við hlið og fallegt lítið barn okkar. Mér fannst spennandi að flytja til heimalands mannsins míns – og móður, sem sjálf hafði flutt til ókunnugs lands 30 árum áður.

Árin liðu og ég og mín fjölskylda komum okkur vel fyrir, við bættist annað fallegt barn og undum við hag okkar vel hér á Íslandi. Við tókum þátt í þessari venjulegu íslensku lífsbaráttu við að koma okkur upp heimili og hlúa sem best að fjölskyldunni ásamt því að byggja upp lítið en öflugt einkarekið fyrirtæki.

Eins og öllum er kunnugt fór eitthvað mikið úrskeiðis hér á Íslandi. Hjólin fóru að snúast allt of hratt. Við, hinir venjulegu borgarar, köstuðumst út í fjárhagshvirfilbyl sem færði allt upp, upp, upp til þess eins að falla að lokum til jarðar með svo miklu brauki og bramli við hrun efnahags landsins haustið 2008 að við vissum ekki hvað sneri upp og hvað niður. Síðan eru liðin rúm þrjú ár. Landinn er enn að reyna að átta sig og sætta sig við orðinn hlut, margir sligast undan skuldum og áhyggjum, flestum óverðskulduðum.

Fyrirtæki, sem við „venjulega“ fólkið höfum af seiglu einbeitt okkur að byggja upp síðustu áratugi hafa mörg orðið að engu. Hinn óbreytti Íslendingur þarf að berjast gegn ofurafli nýja hvirfilbylsins, sem eru vextirnir, skattarnir, stöðnun og margt, margt fleira. Nú hef ég miklar áhyggjur af hinni fallegu og skemmtilega lifandi íslensku sál sem ég heillaðist af þegar ég kom hingað fyrst sem barn og unglingur – já, landinu og þjóðinni sem ég á fullorðinsárum kaus að deila kjörum með.

Starfs míns vegna hjá Vinnumálastofnun hef ég að mörgu leyti getað fylgst náið með afleiðingum hrunsins haustið 2008, horft á landa mína, háa og lága, smáa og stóra, missa lífsviðurværið, missa andlitið, missa tökin. Margir hafa litið á raunir sínar sem óhjákvæmilegan hlut, stoppað stutt við, risið upp aftur og haldið áfram á nýjum vettvangi, aðrir hafa þurft að horfast í augu við að atvinnuleysi er orðin staðreynd í lífi þeirra og íslensku þjóðfélagi – og að það muni taka langan tíma að rétta sig við og losna úr þeim viðjum.

Ég nefndi í inngangi mínum að ég hefði orðið agndofa. Og ég spyr, hvað hefur komið fyrir litla Ísland? Ég segi „litla“ – við erum lítil þjóð, þar sem „allir þekkja alla“, vön að hugsa vel um og til náungans, vön að stökkva til ef eitthvað bjátar á. Við sem vinnum með afleiðingar hrunsins á einn eða annan hátt erum orðin vön að hjálpa til eftir bestu getu.

En hvert stefnir þegar þessi venjulegi landi okkar – nú á fjórða ári eftir hrun – er svo fullur örvæntingar að hann í heift og vonleysi hreytir út úr sér ókvæðisorðum, skellir hurðum og lemur í veggi andspænis óbreyttum starfsmanni opinberrar stofnunar sem í þessu tilfelli situr „hinumegin við borðið“ og reynir eftir bestu getu að aðstoða og benda á ráð úr ógöngum samkvæmt lögum og reglum sem settar hafa verið?

Ég hef áhyggjur af þessari hörku sem kraumar undir, kröftum sem áður voru jákvæðir en víða hafa breyst í ólgandi neikvæða strauma sem hvergi fá útrás.

Íslendingar eru lítil þjóð sem verður að beita þrautseigjunni sem hefur einkennt hana í gegnum aldirnar. Okkur mega ekki fallast hendur og freistast til að kenna „öðrum um“. En til þess að það gangi upp þurfum við að tendra aftur glóðina í þjóðarsálinni, virða náungann og umhverfið okkar. Það eru fleiri í basli, líka þeir sem geta talist svo heppnir að hafa fasta stöðu hjá ríki eða sveitarfélögum.

Eitt á hrunið að kenna okkur – að hægja á, finna rætur okkar, læra hvað við eigum fallega og góða fjölskyldu – kannski hjálpar það okkur smám saman að líta í eigin barm og gæta þess að gleyma ekki sjálfsvirðingunni, heldur ekki gagnvart náunganum.

Látum nýtt ár byrja með jákvæðum straumum. Reynum að búa til svigrúm fyrir nýjar hugmyndir. Landið Ísland býr yfir svo mörgum möguleikum, hér er uppspretta orku af ýmsu tagi, gjöful náttúra og tekjulindir fyrir íbúana. Við höfum orðið ýmiss konar landkynningar aðnjótandi undanfarin ár. Nýtum okkur hana. Fólkið í landinu er frjótt. Sameinum krafta okkar. Landið og fólkið verða að rísa upp úr hinum djúpa öldudal. Reynum – án þess þó að leika of mikið „Pollýönnu“ – að hressa andann og taka gleði okkar á ný.

# Sæll Sighvatur Björgvinsson

Menntamál
Jakobína Ingunn Ólafsdóttir
doktorsnemi í menntunarfræðum



Við eigum sameiginlegt áhugamál sem eru íslenskir grunnskólar. Af skrifum þínum má þó ætla að þú verjir ekki miklum tíma í að auka skilning þinn á uppeldi og menntun barna. Með þessari yfirlýsingu er ég ekki að ráðast á manninn heldur einfaldlega að benda á að þú færir ekki önnur rök fyrir máli þínu en skoðanir og reynslu þína og pabba þíns. Vissulega höfum við mörg tilhneigingu til þess að móta skoðanir út frá eigin reynslu og þeim skoðunum sem við ölumst upp við. Ég verð þó að játa að ég hef miklu meiri áhuga á að heyra skoðanir sérfræðinga og fagmanna á málefnum grunnskólans heldur en skoðanir þínar og pabba þíns. Á vef Alþingis kemur fram að þú hafir ekki lokið námi í viðskiptafræði og fellur því í hóp þeirra fjölmörgu Íslendinga sem heykjast á námi. Ekki er neitt í ferli þínum sem bendir til þess að þú hafir neitt fram að færa um menntun barna.

Vissulega er það áhyggjuefni að Ísland er með langmesta brottfall úr námi á Norðurlöndum. Og vissulega er það áhyggjuefni að 25% drengja geti ekki lesið sér til skilnings. Skýringuna er þó vart að finna í því að prestar fái ekki að hlýða börnum yfir faðirvorið í skólum.

Það er táknrænt fyrir samtímann að þekking á málefnum uppeldis og menntunar sé lokuð inni í fílabeinsturnum menntaelítunnar, en leikmenn eins og veðurfræðingar og gamlir stjórnmálamenn þeysist fram á völlinn með illa ígrundaðar fullyrðingar um ástæður fyrir vandamálum sem varða menntun barna.

Nokkrar doktorsrannsóknir hafa verið gerðar á íslenska grunnskólanum og vil ég benda þér á að lesa t.d. doktorsritgerðir Þorsteins Gunnarssonar, Gunnars Finnbogasonar eða Rúnars Sigþórssonar sem gera þessu málefni ágætis skil.

Góður skilningur og umbætur á íslenska grunnskólakerfinu verða ekki til með því að hlusta á kerlingabækur um menntun og uppeldi. Foreldrar og nemendur eru mikilvægir samstarfsaðilar grunnskólans og hafa töluverð áhrif á árangur. Það er því mikilvægt að auka skilning þessara aðila á mikilvægum þáttum uppeldis og menntunar. Þann skilning þarf að sækja í fræðin, í reynslu þeirra skóla sem sýna góðan árangur og taka mið af samfélagsgerð.

Við þurfum að spyrja hvað unglingar þurfa að kunna og geta eftir tíu ára setu í grunnskólum. Vissulega er það ekki að lepja upp gagnrýnislaust texta sem þeim er settur fyrir eða góða þjálfun í að þegja í fimm tíma á dag.

Það sem einkenndi íslenska umræðu fyrir bankahrunið var gegndarlaus áróður, skortur á gagnrýni og meðvirkni. Eflaust má gera því skóna að vissu vel heppnuð þöggunin var í fyrirhrunssamfélaginu megi rekja til afleits uppeldis í grunnskólum á síðustu öld.

Menningin í grunnskólum er afrakstur af aldargamalli stofnanavæðingu en aðilar eins og menntasvið Háskóla Íslands og fræðsluyfirvöld hafa vilja til þess að færa grunnskólann í nútímahorf. Það er þó ekki auðvelt verkefni vegna innbyggðs mótþróa og tilhneigingu stofnana til þess að vernda gamlar venjur og starfshætti fyrir óróa umhverfisins.



**Listaverk** úr safni leikkonunnar og tískugyðjunnar Elizabeth Taylor seldust á uppboði hjá Sotheby's í London í gær fyrir litla 2,7 milljarða króna. Meðal verka var málverk eftir Vincent van Gogh sem fór á tvo milljarða. Taylor lést í mars í fyrra eftir langvinn veikindi 79 ára að aldri.




FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar:** **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Brynja Dan Gunnarsdóttir** brynjadan@365.is 512 5465 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512 5457













**Magna Rún Rúnarsdóttir tískubloggari gramsar eftir gömlum fötum og dreymir um textílnám í Köben.**

# Bleik ást við fyrstu sýn



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Bleiki leðurjakkinn minn," segir Magna Rún Rúnarsdóttir tískubloggari þegar hún er spurð út í uppáhaldsflíkina í fataskápnum. „Ég fann hann í Rauðakross-búðinni á Laugaveginum fyrir ári og hef notað hann mikið. Hann er öðruvísi, bleik-ferskjulitaður og sniðið passar alveg fullkomlega, Það var ást við fyrstu sýn," segir Magna.

Hún gramsar reglulega eftir „second-hand" fötum í Rauðakross-búðinni, Hjálpræðishernum og í Kolaportinu og segist hrifin af einstökum fötum.

„Ég er reyndar oft frekar dökkklædd en poppa það upp með einstaka flík í lit. Ég sauma líka svolítið sjálf og kaupi oft kjóla sem ég breyti."

Magna heldur úti blogginu magnarunarsd.blogspot.com og skrifar þar um áhugamál sín, þar á meðal tísku. Hún byrjaði að blogga fyrir þremur árum þegar hún bjó í Danmörku eitt ár.

„Ég var í lýðháskóla í Danmörku og kunni mjög vel við mig úti. Núna er ég í Myndlistaskóla Reykjavíkur á sjónlistadeild sem er mjög skemmtilegt nám. Í framtíðinni langar mig aftur til Danmerkur. Ég fór og skoðaði Listaháskólann í Kaupmannahöfn þegar ég bjó úti og varð mjög hrifin. Draumurinn er að fara þangað í textílnám."

*heida@frettabladid.is*






**Ragna Fróðadóttir**, hönnuður og listrænn stjórnandi hjá Edelkoort inc., flytur fyrirlestur í Norræna húsinu 11. febrúar klukkan 14. Þar mun Ragna fjalla um strauma og stefnur í hönnun og áhrif þjóðararfs á hana. Allar nánari upplýsingar á nordice.is






# Mundi í samstarf við IT

**Fyrirtækið IT hefur tekið hluta af vor- og sumarlínu Guðmundar Hallgrímssonar, Munda vonda, til sölu. IT er ein stærsta og virtasta verslanakeðjan í Hong Kong og sérhæfir sig í sölu á hátískuvörum.**

IT er ein stærsta og virtasta verslanakeðjan í Hong Kong og því ekki sjálfgefið að komast þar á mála. Fatahönnuðurinn Guðmundur Hallgrímsson, eða Mundi vondi, er því í skýjunum þessa dagana með að hafa landað samningi við fyrirtækið sem hefur tekið hluta af 2012 vor- og sumarlínu hans til sölu.



Mundi fatahönnuður.

„Samningurinn er sá stærsti sem ég hef gert hingað til, langstærsta pöntunin sem ég hef fengið frá byrjun," segir Mundi og vonar að fleiri dyr eigi eftir að opnast honum á Asíumarkaði sem sé í mikilli uppsveiflu um þessar mundir. Hann verst hins vegar allra nánari fregna þegar talið berst að upplagi og fjárupphæðum.

Mikil upphefð þykir að komast að hjá IT sem sérhæfir sig í sölu á hátískuvörum. Íslendingurinn verður enda ekki í amalegum félagsskap þar sem þekkt merki á borð við Alexander McQueen, Balenciaga, Christopher Kane, Gareth Pugh, Givency, Helmut Lang, Jil Sander og Sonia Rykiel eru meðal annars á boðstólum í þeim sjö verslunum sem IT rekur í Hong Kong.

Spurður hvernig fundum hans og IT hafi borið saman, segir Mundi fulltrúa fyrirtækisins hafa komið að máli við sig á tískuvikunni í París fyrir ári. „Þeir pöntuðu fund með mér án þess að hafa í raun séð tangur né tetur af sumarlínunni. Höfðu bara heyrt svona góða hluti um hana," rifjar hann upp og getur þess að þegar línan hafi verið afhjúpuð hafi IT eingöngu pantað það allra vandaðasta og dýrasta. Vörurnar fari nú fljótlega í sölu hjá fyrirtækinu með vorinu.

Mikil spenna virðist vera fyrir Munda innanbúðar hjá IT því fulltrúar fyrirtækisins hafa þegar staðfest komu sína á sýningu hans í París í lok febrúar. „Þar verð ég með nýja vetrarlínu fyrir dömur og herra, AW12, á tískuvikunni. Ég og mitt fólk höfum verið að vinna baki brotnu að henni síðustu mánuði. Hún á örugglega eftir að koma á óvart," segir hann leyndardómsfullur.

*roald@frettabladid.is*



Úr sumarlínunni Chained and Dumped in the Ocean sem vakti hrifningu IT. Mikil leynd hvílir yfir vetrarlínunni sem verður sýnd í París.


















Sigríður Klingenberg er kynnir kvöldsins.

# Styðja Bleiku slaufuna

**Tískusýning og tónlistaratriði á Enska barnum í kvöld.**

Enski barinn í samstarfi við Krabbameinsfélag Íslands stendur fyrir konukvöldi í húsakynnum barsins í Austurstræti 12 í kvöld klukkan 20. Ágóði af kvöldinu rennur til styrktar Bleiku slaufunni.

Á meðal atriða verður lifandi tónlist og tískusýning úr smiðju Gunnhildar Stefánsdóttur hjá Gammi og Ágústu Arnardóttur hjá Arfleifð. Þá verða bleikur fatnaður frá Gunnhildi og töskur úr íslensku hráefni og slaufur úr karfa- og laxaroði og hrosshárum eftir Ágústu boðnar sérstaklega upp.

Kynnir kvöldsins er Sigríður Klingenberg.


ÚTSÖLULOK
EKKI BINDA ÞIG Í EINHVERJU ÖÐRU
30% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM FATNAÐI
GILDIR AF OUTLETVERÐUM*
50% AFSLÁTTUR AF FATNAÐI FRÁ ZARA*
ATH! TÖKUM UPP NÝJAR VÖRUR ALLA DAGA
TILBOÐIN GILDA FRÁ FIMMTUDEGI TIL SUNNUDAGS
* AFSLÁTTURINN GILDIR AF OUTLETVERÐUM OG GETUR ÞVÍ VERIÐ ALLT AÐ 85% FRÁ UPPHAFLEGU VERÐI!
KORPU OUTLET
Fylgstu með okkur á Facebook!
KORPUOUTLET, KORPUTORGI • Opið mánudag til laugardags frá 11 til 18 • Sunnudaga frá 12 til 18 • S. 578 9400
Ráðandi - auglýsingastofa ehf

# Föt sem ganga á milli

**Ný íslensk barnafatalína er væntanleg á markað í sumar. Hönnuðirnir hafa nýtni fyrri kynslóða að leiðarljósi og sækja innblástur í bækur á borð við Benna og Báru.**

Íslensk barnaföt undir heitinu AS WE GROW voru kynnt á CPH KIDS tískuvikunni í Kaupmannahöfn í byrjun mánaðarins við góðar undirtektir. „Þegar eru komnar pantanir frá Berlín og Kaupmannahöfn en línan verður fáanleg á Íslandi frá og með næsta sumri,“ segir Guðrún Ragna Sigurjónsdóttir, einn hönnuðanna. Guðrún Ragna er prjóna- og fatahönnuður. Hún hefur um árabil sérhæft sig í prjóni og meðal annars unnið fyrir Steinunni og Karen Millen. Með henni starfa fata- og búningahönnuðurinn María Ólafsdóttir, aðalhönnuður búninga Latabæjar, og lögfræðingurinn Gréta Hlöðversdóttur sem hefur sérhæft sig í frumkvöðlaverkefnum, oft tengdum hönnun.



Þær María, Guðrún Ragna og Margrét leitast við að skapa jafnvægi á milli norrænnar hönnunar í bland við fortíðarþrá og klípu af samtímastíl. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þær stöllur segja um að ræða tímalausan fatnað sem endist. „Hugmyndin varð til út frá peysu sem ferðast á milli margra barna í níu ár. Hún var uppáhaldsflík þeirra allra og er enn í notkun. Með skírskotun í nýtni fyrri kynslóða leggjum við áherslu á þá verðmætaaukningu sem getur skapast þegar föt ganga manna á milli. Eins gerir sagan það að verkum að fötin fá tilfinningalegt gildi. Við erum hrifnar af þessari sögu og er það ósk okkar að flíkurnar fari í áhugavert ferðalag og verði þannig partur af sögunni,“ segir Guðrún Ragna.



Hún segir fyrstu línuna ætlaða yngstu kynslóðinni. Hún er úr alpaca-ull frá Perú og eru sniðin þannig að hver stærð getur dugað lengur en almennt gerist. „Börnin geta í raun vaxið út úr flíkunum án þess að notagildi þeirra minnki,“ segir Guðrún Ragna. Stærðirnar eru enn sem komið er þrjár; 6-18 mánaða, 18-36 mánaða og 3-4 ára. Sniðin eru hins vegar þannig að sex mánaða og tveggja ára börn geta hæglega notað sömu flíkina.

Guðrún Ragna segir markmiðið að stækka við línuna hægt og sígandi. „Innblásturinn kemur meðal annars úr bókum á borð við Benna og Báru en ekki síst frá teikningum Bretans E.H. Shepard sem myndskreytti meðal annars Bangsímon og Þytur í laufi.“

Línan er að sögn Guðrúnar Rögnu einföld og tímalaus. „Litirnir eru valdir af kostgæfni og eiga að vekja minningar um göngutúr með fjölskyldunni að hausti. Við leitumst við að skapa jafnvægi á milli norrænnar hönnunar í bland við dálitla fortíðarþrá og klípu af samtímastíl.“ Nánari upplýsingar er að finna á www.aswegrow.com.

vera@frettabladid.is


Útsala - Útsala
allt að 50% afsláttur
+ 20% af völdum vörum



TOPPVÖRUR • TOPPÞJÓNUSTA
Topp HÚSIÐ
Mörkinni 6 - Sími 588 5518
Opið mán - fös 10-18, laugardaga 10-16,
www.topphusid.is
NÆG BÍLASTÆÐI

Selena
Hæðasmára 4
í sama húsi og Bílaapótek fyrir ofan Smáralind.



Útsala
30-70% afsláttur
af völdum vörum
Selena
Hæðasmára 4 • Sími 555 7355/553 7355
Opið virka daga 11-18, laugard. 11-15
www.selena.is



Frjáls aðgangur að opna kerfinu og tækjasal
Stelpur Konur
Staðurinn - Ræktin
Stutt og strangt
S&S stutt og strangt
Skráning alltaf í gangi í síma 581 3730!

Komdu þér í gang!
- 2ja vikna námskeið 5x í viku í tækjasal með persónulegri leiðsögn og aðhaldi
- Tilvalið að mæta með vinkonunum – hámark 6 í hóp
- Leiðbeiningar um mataræði
- Mæling og vigtun í byrjun og enda námskeiðs

Verð aðeins kr. 10.000.
Barnagæsla - Leikland JSB
Velkomin í okkar hóp!
DANSRÆKT JSB leggur línurnar
Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • jsb@jsb.is • www.jsb.is
EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun



Stelpur Konur
Staðurinn - Ræktin
STOTT PILATES
STOTT PILATES®
Ný námskeið að hefjast
innritun í síma 581 3730

STOTT PILATES er krefjandi æfingakerfi og frábær leið til að:
- Móta líkamann, bæta líkamsvitund og líkamsstöðu.
- Lengja vöðva og styrkja djúpvöðva í kvið og baki.
- Losa spennu, auka liðleika og bæta jafnvægi milli vöðvahópa.

Frjáls aðgangur að opna kerfinu og tækjasal

6 vikna námskeið - Mánudaga og miðvikudaga kl. 10:30
Þriðjudaga og fimmtudaga kl. 16:30
Kennari: Agnes Amalía Kristjónsdóttir.
Verð kr. 19.900.
Barnagæsla - Leikland JSB
Velkomin í okkar hóp!
DANSRÆKT JSB leggur línurnar
Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • jsb@jsb.is • www.jsb.is
EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun



Stelpur Konur
Staðurinn - Ræktin
TT námskeið
Viltu ná kjörþyngd og komast í form?
Ný námskeið að hefjast
innritun á fullu í síma 581 3730

TT tímar á Akranesi!
mán, mið, fös kl 6:15
mán, mið, fim kl 17:30

| TT tímar í boði: | | | |
|---|---|---|---|
| 6:15 | A | mánu-, miðviku- og föstudagar | |
| 7:20 | C | mánu-, miðviku- og föstudagar | |
| 10:15 | D | mánu-, miðviku- og föstudagar | Barnapössun |
| 14:20 | G | mánu-, miðviku- og föstudagar | |
| 16:40 | H | mánu-, miðviku- og föstudagar | Barnapössun |
| 17:40 | I | mánu-, miðviku- og föstudagar | Barnapössun |
| 18:40 | J | mánudagar kl. 18:40, miðviku- og fimmtudagar kl. 18:25 | |
| 18:25 | TT3 | mánudagar kl 18:25 og miðvikudagar kl. 19:25 - (16-25 ára) | |

NÁMSKEIÐUM FYLGIR FRJÁLS MÆTING Í TÆKJASAL

Fundur fyrir alla TT flokka sunnudaginn 19. febrúar kl. 16:30
15% afsláttur fyrir þær konur sem halda áfram!
Velkomin í okkar hóp!
DANSRÆKT JSB leggur línurnar
Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • jsb@jsb.is • www.jsb.is
EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

# FJÁRMÁL HEIMILANNA

**Kynningarblað** Sparnaður, lífeyrismál, endurfjármögnun, leyndarmálin að baki velgengni og góð ráð.




# Lausnir fyrir heimilin í landinu

**Fyrsta skrefið í átt til sparnaðar getur verið heimsókn til Sparnaðar að Holtasmára 1 í Kópavogi eða að Kaupvangsstræti 1 á Akuureyri en þar er aðaláhersla á að bjóða lausnir fyrir heimilin í landinu. Þar er meðal annars boðið upp á uppgreiðsluþjónustu auk þess sem lífeyrismálin vega þungt**

Við hjá Sparnaði höfum lagt aðaláherslu á að koma með lausnir fyrir heimilin í landinu síðan við tókum til starfa í október 2007," segir framkvæmdastjórinn Gestur Breiðfjörð Gestsson en starfsfólk Sparnaðar vinnur að miklu leyti eftir hugmyndafræði stjórnarformannsins Ingólfs H. Ingólfssonar.

### Uppgreiðsluþjónusta

Sparnaður reið á vaðið með að bjóða viðskiptavinum upp á að reikna út fyrir þá hvort ekki myndi borga sig að reyna að greiða upp lán með aukagreiðslum inn á höfuðstól og eins að finna út hvaða lán myndi borga sig að greiða inn á fyrst. „Í kjölfarið buðum við upp á að annast þessa þjónustu við mikla ánægju viðskiptavina. Þessi valkostur er enn í hávegum hafður hjá Sparnaði og eru fjölmargir sem nýta sér hann," segir Gestur.

### Mikilvægt framlag til upplýstrar umræðu

Sparnaður kom fram með gengislánareikni þegar óvissan var sem mest varðandi lögmæti gengistryggðu lánanna og gaf hann í gegnum heimasíðu sína. „Fjörutíu þúsund aðilar höluðu reikniverkinu niður og hafa margir verið mjög þakklátir fyrir þá vinnu okkar og framlag til upplýstrar umræðu á meðal almennings, þar á meðal Hagsmunasamtök heimilanna. Auk þess virkaði þetta sem ákveðið aðhald á fjármálastofnanir varðandi undangengnar leiðréttingar."

### Lífeyrismálin vega þungt

Sparnaður sérhæfir sig í lífeyrismálum og státar af mikilvægum samningi við þýska tryggingafélagið Bayern-Versicherung sem hefur tryggt hagsmuni margra kynslóða þar í landi. „Við bjóðum í samstarfi við þá tryggð eftirlaun með tryggðum lífeyri til æviloka og teljum samninginn afar mikilvægan fyrir íslenska neytendur. Við mælum eindregið með því að áhættunni sé dreift þegar kemur að lífeyrissparnaði og leggjum áherslu á mikilvægi þess að réttindi séu tryggð."

Sparnaður hefur hannað þarfagreiningarkerfi sem reiknar út raunverulega vátryggingaþörf vegna andláts og meina með tilliti til ráðstöfunartekna heimilisins en að sögn Gests er mikið um það að aðilar séu annað hvort með of lága tryggingu eða of háa. „Við sýnum jafnframt við hverju má búast í tekjum til heimilisins við starfslok og er það mjög mikilvægt sérstaklega þar sem mikil óvissa ríkir um stöðu lífeyrissjóðanna. Það versta er að í flestum tilvikum hefur fólk ekki val um hvort það greiðir í vel eða illa rekinn lífeyrissjóð vegna ósanngjarnrar aðildarskyldu sjóðanna," segir Gestur.

### Besti sparnaðurinn felst í að greiða niður lánin

Eins og fyrr segir vinnur Sparnaður meðal annars eftir hugmyndafræði Ingólfs H. Ingólfssonar. Hann heldur námskeið fyrir vinnustaði auk þess sem boðið er upp á einkaráðgjöf og aðstoð við að semja við lánardrottna. „Við höfum fundið fyrir því síðastliðin ár að aukasparnaður (varasjóður) fólks er svo til horfinn og fólk er farið að hugsa meira um í hvað það setur krónurnar. Besti sparnaðurinn er að greiða niður lánin og við veitum aðstoð við það. Jafnframt er nauðsynlegt að leggja í viðbótarlífeyrissparnað í formi tryggingar með lífeyri til æviloka, bæði vegna mótframlags launagreiðanda og þeirrar skattfrestunar sem það býður upp á," segir Gestur.

### Fá vonlítil dæmi til að ganga upp

Hann segir Sparnað ekki síst hafa innan sinna raða starfsfólk sem hefur hjartað á réttum stað og leggur sig fram um að aðstoða fólk eftir bestu getu við að leysa úr sínum málum. „Það hefur aldrei verið mikilvægara en einmitt nú að standa saman í að hjálpa hvert öðru í gegnum þann vanda sem steðjar að heimilum. Við höfum fjölmörg dæmi þess að fólk hefur talið sig í vonlausri stöðu en farið að sjá fram úr sínum málum eftir ítarlega ráðgjöf hjá okkur. Það veitir starfsfólki okkar mikla hvatningu og gefur starfinu gildi, segir Gestur og bendir á að fyrsta skrefið til sparnaðar geti verið heimsókn til Sparnaðar."



Gestur segir starfsfólk sparnaðar hafa hjartað á réttum stað. Það leggur sig fram um að aðstoða fólk eftir bestu getu til að leysa úr sínum málum. MYND/GVA





Með því að greiða 5.000 krónur inn á höfuðstól á verðtryggðu láni til 40 ára með 4% vöxtum í 4% verðbólgu út lánstímann þá sparar þú 22.840 krónur við þessa einu greiðslu í vexti og verðbætur!

**Viltu vita hvaða lán er best að greiða upp fyrst?**

Með því að greiða inn á höfuðstól á réttu láni í réttri röð sparar þú gríðarlegar fjárhæðir í vexti og verðbætur. Þetta gerir það að verkum að lánstíminn styttist til muna.

Pantaðu tíma á sparnadur.is og byrjaðu strax að spara!

Holtasmári 1, Kópavogur
Kaupvangsstræti 4, Akureyri
Sími: 577-2025
Fax: 577-2032
sparnadur@sparnadur.is
www.sparnadur.is

SPARNAÐUR

# Vísdómur um velgengni

**Farsæld í fjármálum er langt í frá sjálfgefin eins og margir af helstu milljarðamæringum heims þekkja af eigin raun.**



Englendingurinn **Richard Branson**, stofnandi og stjórnarformaður Virgin Group, byrjaði ferilinn aldeilis ekki með fulla vasa fjár. Hann hófst með útgáfu tímaritsins Student seint á sjöunda áratugnum. Í kjölfarið sneri Branson sér að sölu á plötum – og byrjaði á því að bjóða vegfarendum þær úr skottinu á bílnum sínum! Fyrstu verslunina opnaði hann með aðeins fimm daga fyrirvara í London og ekki leið á löngu þar til búðunum fjölgaði. Nú rekur hann meðal annars flugfélag og farsímafélag undir merkjum Virgin og átti um tíma útgáfu. Hann á líka eyju í Karíbahafinu. Branson hefur margsinnis verið spurður út í leyndarmálin að baki velgengninni og svarið er ávallt á einn veg: „Fylgdu innsæinu. Rekstur á alltaf að snúast um innsæi, áhuga og þátttöku.“



Bandaríkjamaðurinn **Bill Gates,** annar stofnandi, stjórnarformaður og fyrrum framkvæmdastjóri Microsoft, hefur verið í hópi ríkustu manna heims síðustu ár. Líkt og Richard Branson er hann þeirrar skoðunar að áhugi og ástríða leiki lykilhlutverk í velgengni hvers og eins. Þannig hefur Gates látið hafa eftir sér að peningar séu alls staðar fyrir hendi og þeirra sé hægt að afla með ýmsum hætti. Ástríða sé hins vegar eitt mikilvægasta hreyfiaflið í átt að farsæld. Þá skoðun hefur Gates enda haft að leiðarljósi alla tíð en hann og félagi hans Paul Allen byggðu veldu sitt Microsoft á sínum helstu áhugamálum: Tölvum og forritun.



Bandaríska spjallþáttadrottningin, leikkonan og kvikmyndaframleiðandinn **Oprah Winfrey** hefur margsinnis lent á lista tímaritsins Forbes yfir auðugustu og valdamestu konur heims. Að mati Winfrey er mikilvægt að setja sér skýr og háleit markmið til að ná langt. „Ég trúi ekki á mistök. Hins vegar má draga mikinn lærdóm af röngum ákvörðunum,“ hefur hún líka látið hafa eftir sér. Winfrey fæddist sannarlega ekki með silfurskeið í munninum heldur ólst upp í sárri fátækt í Mississippi og sætti þar harðræði. Hún vann sig smám saman upp í heimi fjölmiðla með fyrrnefnd gildi til hliðsjónar og heldur nú úti eigin tímariti og sjónvarpsstöð sem njóta mikilla vinsælda.

## LOSNAÐ VIÐ SEÐILGJALDIÐ

**Algengt er** að fyrirtæki leggi aukagjald á kröfur sínar sem greiðanda er ætlað að inna af hendi. Algengt heiti þessa gjalds er seðilgjald en það ber einnig ýmis önnur heiti svo sem tilkynningagjald, innheimtugjald, útskriftagjald og jafnvel „annar kostnaður“. Til að lækka eða losna við seðilgjöldin kjósa sífellt fleiri rafræna greiðsluseðla, en sú leið er einnig umhverfisvænni en að fá pappírsreikninga inn um lúguna. Langflestir innheimtuaðilar eru farnir að bjóða upp á þessa leið og sums staðar er jafnvel gert ráð fyrir því að fólk fái aðeins rafræna greiðsluseðla nema beðið sé um annað.



Gallinn við rafræna greiðsluseðla er sá að þegar greiðsluseðlarnir og reikningarnir hætta að berast inn um lúguna og eru greiddir sjálfkrafa í greiðsluþjónustu eða af kreditkortareikningi er hætt við að fólk skoði ekki reikningana reglulega. Því er það góð regla um mánaðamót að renna yfir reikningana sína í heimabankanum til að ganga úr skugga um að allt sé þar rétt því mistökin gerast enn.

## HEIMILISBÓKHALD BORGAR SIG




**Skynsamlegt er** að færa heimilisbókhald. Þannig má betur sjá greiðslugetu sína og hægt að gera áætlanir um framtíðina. Með heimilisbókhaldi fær fólk betri yfirsýn yfir fjármálin, hægt er að sjá í hvað peningarnir eru að fara og hvort mögulega megi spara í einhverjum liðum. Þetta er auðvitað smá vinna en borgar sig margfalt. Flestir bankar bjóða upp á heimilisbókhald í heimabönkum sínum. Einnig er hægt að fara á vef Umboðsmanns skuldara og hlaða niður Excel-skjali sem auðvelt er að prófa sig áfram með. www.ums.is/reiknivelar/heimilisbokhald.

# Alltaf rétti tíminn til að byrja að spara

**Það er góð tilfinning að eiga sparifé á bók, geta leyft sér lífsins lystisemdir og greitt óvænt útgjöld án afborgana eftir á. Agnes Hlöðversdóttir reyndi kosti reglubundins sparnaðar þegar hún safnaði fyrir 100 manna fermingarveislu og meiru til á aðeins sjö árum fyrir andvirði tveggja bíómiða.**



Agnes Hlöðversdóttir er sérfræðingur á Eignastýringarsviði Landsbankans þar sem bjóðast margir góðir kostir fyrir þá sem nú huga að reglubundnum sparnaði. MYND/GVA

Það er alltaf skynsamlegt að spara, hvort sem horft er til styttri eða lengri tíma. Að eiga varasjóð veitir öryggistilfinningu því þá er betur hægt að mæta óvæntum útgjöldum og eiga fyrir því sem hugurinn girnist, eins og langþráðu sumarfríi, veisluhöldum, bíl eða útborgun í íbúð,“ segir Agnes Hlöðversdóttir sérfræðingur á Eignastýringarsviði Landsbankans.

Þegar Agnes hóf störf í banka sá hún fram á fermingu dóttur sinnar sjö árum síðar. Því ákvað hún að stofna til mánaðarlegs sparnaðar svo hún gæti betur mætt ýmsum kostnaði fermingarinnar.

„Upphæðin sem ég lagði fyrir samsvaraði tveimur bíómiðum en sá sparnaður greiddi á endanum fyrir hundrað manna fermingarveislu og fleira til, sem var óneitanlega mjög þægilegt.“

### Lækkun viðbótarlífeyrissparnaðar úr fjögur í tvö prósent

Um síðustu áramót voru gerðar breytingar á skattlagningu viðbótarlífeyrissparnaðar og þá lækkaði hámarks frádráttur frá tekjuskatti vegna viðbótarlífeyrissparnaðar úr fjögur í tvö prósent. Agnes segir lækkunina hafa áhrif á fjölmarga sem leggja nú fyrir aðeins helming af því sem þeir áður lögðu í slíkan sparnað.

„Hins vegar er óhagstætt að leggja fyrir meira en 2 prósent af launum því þá verður iðgjaldið tvískattlagt,“ útskýrir Agnes, en til að mæta lækkun á viðbótarlífeyrissparnaði segir hún bestu leiðina að hefja reglubundinn sparnað.

„Hægt er að byggja upp eignasafn í verðbréfum með áskrift að sjóðum frá 5000 krónum á mánuði, eða með því að spara reglubundið á innlánsreikninga. Tilgangur verðbréfasjóða er að dreifa áhættu og draga úr sveiflum í ávöxtun með því að fjárfesta á mörgum stöðum í senn svo eigandinn verði síður háður verðbreytingum á einu fyrirtæki eða ákveðnum flokki verðbréfa.“

Agnes segir helstu kosti við reglubundin kaup í verðbréfasjóðum vera að viðskiptaþóknun sem annars greiðist við stök kaup falli niður, og að inneign í sjóðunum sé alltaf laus til útborgunar.

„Ef ætlunin er að spara fyrir öllu í senn; sumarfríi, bíl og lífeyri, er hentugast að finna rétt form fyrir hvert markmið. Í netbanka Landsbankans má fylgjast með ávöxtun sparnaðar og hægt er að fá sent yfirlit hvenær sem er.“

### Nýr kostur í sparnaði

Eignabréf er nýr blandaður fjárfestingarsjóður sem Agnes segir henta einkar vel fyrir reglubundinn sparnað.

„Sjóðurinn er með virka eignastýringu en gefur fjárfestum færi á að kaupa í sjóði með dreifðu og blönduðu safni verðbréfa. Grunnfjárfestingin er þó í ríkistryggðum verðbréfum. Þannig verður áhættan meiri en í hreinum ríkisskuldabréfasjóðum, en á móti kemur að líkur eru á hærri ávöxtun til lengri tíma,“ útskýrir Agnes og ítrekar að Landsbankinn bjóði fjölmarga aðra verðbréfasjóði sem fjárfesti eingöngu í ríkistryggðum verðbréfum.

Allar nánari upplýsingar um samsetningu sparnaðar og sparnaðarform veita ráðgjafar í Verðbréfa- og lífeyrisráðgjöf í síma 410 4040 eða úr netfanginu fjarmalaradgjof@landsbankinn.is.

# Endurfjármögnun húsnæðislána raunhæfur kostur í dag

**Íslandsbanki veitir afslátt á lántökuþóknun vegna endurfjármögnunar húsnæðislána.**

„Það á að vera raunhæfur kostur að endurfjármagna húsnæðislánin sín,“ segir Una Steinsdóttir, framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs Íslandsbanka. Hún bendir þó á að erfitt sé að segja til um hvernig efnahagslífið þróast á Íslandi. Því skipti miklu máli að fólk leiti sér fjármálaráðgjafar svo það geti tekið upplýsta ákvörðun um hvort það taki verðtryggð eða óverðtryggð húsnæðislán. Íslandsbanki hefur ákveðið að veita viðskiptavinum sem hyggjast endurfjármagna húsnæðislán helmingsafslátt af lántökugjaldi óháð því hvort verið sé að endurfjármagna eldra húsnæðislán hjá Íslandsbanka eða annarri lánastofnun. Lántökugjald er því 0,5% í dag. Að auki er ekkert uppgreiðslugjald á lánum með breytilegum vöxtum hjá Íslandsbanka. Tilkostnaður við endurfjármögnun er því með minnsta móti um þessar mundir þar sem stjórnvöld hafa þegar framlengt ákvæði um stimpilfrelsi við endurfjármögnun fasteignaveðlána út árið 2012. „Allt þetta gefur heimilum færi á að endurfjármagna skuldir sínar með hagstæðari hætti en ella,“ segir Una.



Una Steinsdóttir

## Hagstæðustu vextirnir á markaðnum í dag

Íslandsbanki kynnti nýtt fyrirkomulag á húsnæðislánum bankans í október á síðasta ári. Bankinn hækkaði þá lánshlutfall úr 70% í 80% af markaðsvirði eigna og lækkaði um leið vexti á óverðtryggðum húsnæðislánum. Viðskiptavinir geta fengið allt að 70% af fasteignamati íbúðar á 5,40% breytilegum óverðtryggðum vöxtum eða 6,20% föstum óverðtryggðum vöxtum í þrjú ár sem eru lægstu óverðtryggðu föstu vextirnir á ársgrundvelli sem eru í boði á markaðnum í dag. Ef viðskiptavinir þurfa hærra lán geta þeir fengið viðbótarlán upp að allt að 80% af kaupverði húsnæðis. Kjörin á þessum viðbótarlánum eru 5,90% breytilegir óverðtryggðir vextir og 7,1% fastir óverðtryggðir vextir í þrjú ár. „Við hvetjum fólk til að skoða reiknivélarnar sem eru á heimasíðunni okkar sem sýna greiðsluáætlun miðað við þær forsendur sem valdar eru. Svo er alltaf heitt á könnunni í útibúunum okkar og ráðgjafarnir taka auðvitað vel á móti öllum,“ segir Una.

## Höfuðstólslækkun hefur skipt sköpum fyrir viðskiptavini

Íslandsbanki hefur í gegnum margvíslegar aðgerðir komið til móts við viðskiptavini sína sem hafa átt í greiðsluerfiðleikum. Í uppgjöri á þriðja ársfjórðungi á síðasta ári kom fram að um 17.700 einstaklingar og 2.700 fyrirtæki í viðskiptum við Íslandsbanka hafa fengið afskriftir, eftirgjafir eða leiðréttingar á skuldum sem nema alls um 280 milljörðum króna, þar af nema eftirgjafir og niðurfærslur til einstaklinga um 65 milljörðum króna. „Íslandsbanki bauð einn banka upp á höfuðstólsleiðréttingu verðtryggðra lána þar sem viðskiptavinum gafst kostur á að skipta yfir í óverðtryggð húsnæðislánakjör. Rúmlega 3.000 viðskiptavinir nýttu sér þetta úrræði,“ segir Una. Þeim sem þáðu höfuðstólslækkun voru að auki boðin sérkjör á óverðtryggðum vöxtum sem fól í sér stiglækkandi vaxtaafslátt í þrjú ár. Í dag eru lægstu óverðtryggðu vextir hjá aðila sem nýtti sér höfuðstólslækkun 3,9%, og eru það lægstu óverðtryggðu vextirnir á markaðnum í dag. Una bendir á að kostnaður vegna þessa úrræðis hafi numið 4,5 milljörðum króna en það hafi skipt sköpum fyrir þá einstaklinga sem nýttu sér það. „Greiðslubyrði þeirra einstaklinga hefur verið mun lægri en ella auk þess sem höfuðstóll hefur lækkað umtalsvert.“

Frá því að Íslandsbanki hóf að bjóða óverðtryggð húsnæðislán í núverandi mynd árið 2009 hafa um 70% nýrra lántaka kosið að taka óverðtryggð húsnæðislán. Hins vegar kusu 97% viðskiptavina óverðtryggð lán í stað verðtryggðra eftir endurútreikning og höfuðstólslækkun.

## SAMANBURÐUR Á VERÐTRYGGÐU LÁNI (4,50% VEXTIR) OG HÖFUÐSTÓLSLÆKKUÐU ÓVERÐTRYGGÐU LÁNI




Einstaklingur sem fékk 10% höfuðstólslækkun á 15 m.kr. verðtryggðu láni sínu 1. nóvember 2009 og breytti láninu sínu um leið yfir í óverðtryggða breytilega vexti hefur samtals greitt 1.823.655 kr. samanborið við 1.991.385 kr. greiðslur ef viðskiptavinur hefði haldið láni sínu óbreyttu á verðtryggðum kjörum. Höfuðstóll óverðtryggða lánsins stendur þá í rúmlega 13 milljónum króna samanborið við tæplega 16 milljónir króna ef lánið væri enn verðtryggt.




*Óverðtryggð húsnæðislán Íslandsbanka geta numið allt að 80% af markaðsverðmæti og eru ýmist með breytilegum vöxtum eða föstum vöxtum fyrstu þrjú árin. Hvort hentar þér betur?*

Fáðu allar nánari uppýsingar um húsnæðislán Íslandsbanka hjá þjónustufulltrúa í næsta útibúi eða á islandsbanki.is.

5,40 %
**Breytilegir vextir***
Greiðslubyrði tekur mið af gildandi vöxtum á hverjum tíma.

6,20 %
**Fastir vextir fyrstu 3 árin***
Stöðug greiðslubyrði fyrstu þrjú ár lánstímans. Að þeim tíma liðnum gilda breytilegir vextir húsnæðislána samkvæmt vaxtatöflu á hverjum tíma.

islandsbanki.is | Sími 440 4000

* Vextir skv. vaxtatöflu Íslandsbanka 1.2.2012 og miðast við lánsfjárhæð sem rúmast innan 70% af fasteignamati ríkisins. Íslandsbanki býður upp á viðbótarlán upp að 80% af markaðsverðmæti.

Íslandsbanki

# Ráð til sparnaðar



**SKATTLEGGÐU FJÖLSKYLDUNA:** Komdu upp innheimtukerfi og sektum fyrir brot á heimilisreglum til að safna fyrir salti í grautinn. Til dæmis mætti sekta 100 krónur fyrir hvert blótsyrði sem meðlimir fjölskyldunnar missa út úr sér, 200 krónur fyrir að svíkjast um að vaska upp, 500 krónur fyrir að hengja ekki upp útifötin og svo framvegis.

Til að auka skattheimtuna gæti verið sniðugt að búa til fleiri verkefni og leggja frekari skyldur á hvern og einn í fjölskyldunni. Þannig aukast líkurnar á að eitthvað gleymist og hægt verði að innheimta skattinn. Varaðu þig þó að ganga ekki of langt, það gæti skapað þér óvinsældir.



**SPARIBAUKUR HEIMILISINS:** Settu fallega krukku á mitt eldhúsborðið eða í eldhúsgluggann og vendu þig á að setja alla smápeninga sem þú finnur á lausu í krukkuna. Laumaðu líka seðlum í krukkuna öðru hverju. Notaðu krukkuaurana síðan í matarinnkaup.

**FALINN FJÁRSJÓÐUR:** Smápeningar leynast víða á heimilum ef vel er að gáð. Veltu sófapullunum fram og þreifaðu milli púða. Farðu gegnum vasana á öllum yfirhöfnum og jökkum í skápum, sérstaklega þær flíkur sem þú hefur ekki notað lengi. Gleymdir seðlar leynast þar merkilega oft. Athugaðu vel brjóstvasa innan á frökkum.





**SLEPPTU SJOPPUNNI:** Taktu með þér heimasmurt í vinnuna. Helltu líka upp á kaffið heima og taktu það með á brúsa.

**SKYNSAMLEG KAUP:** Kauptu föt á útsölum eða kauptu efni og saumaðu fötin á fjölskylduna. Ef saumaskapurinn leikur í höndunum á þér gætirðu einnig drýgt tekjurnar með því að sauma á aðra.



**MARKAÐUR:** Seldu óþarfa dót úr geymslunni á netinu og leggðu vel á. Þú gætir líka dreift lítilli auglýsingu í öll hús í hverfinu og haldið bílskúrssölu einhvern laugardagseftirmiðdag. Fylgstu bara með veðurspánni, menn eru kaupglaðari þegar veðrið er gott.


# Nýr kostur í sparnaði

**Eignabréf er nýr blandaður** fjárfestingarsjóður sem hentar vel fyrir reglubundinn sparnað. Sjóðurinn hentar vel í langtímasparnað fyrir einstaklinga sem vilja ávaxta hluta af sparnaði sínum í öðrum verðbréfum en ríkisskuldabréfum.

Sjóðurinn fjárfestir í dreifðu safni skuldabréfa, hlutabréfa og hlutdeildarskírteina. Grunnfjárfesting sjóðsins er í verðbréfum með ábyrgð ríkisins. Þannig verður áhættan meiri en í hreinum ríkisskuldabréfasjóðum og vænt ávöxtun til lengri tíma hærri.

**Reglubundinn sparnaður**
Með reglubundnum sparnaði í sjóðum getur þú byggt upp eignasafn með áskrift frá 5.000 kr. á mánuði. Enginn munur er á kaup- og sölugengi í áskrift. Sparnað í sjóðum má alltaf innleysa.

**Eignabréf** – Eignasamsetning 01.01.2012




Eignasamsetning ræðst af fjárfestingarstefnu og markaðsaðstæðum hverju sinni. Fjárfestingarstefnu má finna í útboðslýsingu á landsbankinn.is.

**Komdu við í næsta útibúi,** hringdu í 410 4040 eða sendu okkur póst á fjarmalaradgjof@landsbankinn.is.

Fyrirvari: *Eignabréf* er fjárfestingarsjóður samkvæmt lögum nr. 128/2011 og lýtur eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Landsvaki hf. er rekstrarfélag sjóðsins og Landsbankinn hf. vörslufélag hans. Áhætta fylgir ávallt fjárfestingu í sjóðum þar sem gengi þeirra getur bæði hækkað og lækkað. Ávöxtun í fortíð gefur ekki vísbendingu um framtíðarávöxtun. Nánari upplýsingar um sjóðinn má finna í útboðslýsingu eða útdrætti úr henni á landsvaki.is eða landsbankinn.is. Fjárfestum er bent á að kynna sér útboðslýsinguna áður en fjárfest er í sjóðnum, en þar er meðal annars ítarleg umfjöllun um fjárfestingarstefnu sjóðsins og áhættu sem felst í fjárfestingu í honum.

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4040


Dior
DIORSHOW
NEW LOOK
LASH-MULTIPLYING EFFECT
VOLUME AND CARE MASCARA
The infinite New Look, by Diorshow.
DIORSHOW
NEW LOOK
www.dior.com

# ALLT SEM ÞIG VANTAR

**Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is**

Smáauglýsingasíminn
er opinn alla daga kl. **8–17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
**smaar@frettabladid.is / visir.is**

Afgreiðslan er opin:
alla virka daga **8–17**

## BÍLAR & FARATÆKI

bifreiðasalan



Toyota lc 120 35" 4-2006 Ek. 150þ. sjálfsk. Ný dekk, nýir diskar og klossar allan hringinn. Mjög fallegur bíll. Ath ýmis skipti, v-5590.



SKODA OCTAVIA AMBIENTE COMBI 4X4 DISEL 2-2006 EK 232Þ ÞJÓNUSTUBÓK ALLT LANGKEYRSLA NÝ UPPT GÍKASSI FRÁ HEKLU V-1490.



NISSAN PATROL 4-2006 35" EK. 87 Þ. SVART LEÐUR V-4190 ATH SKIPTI RAÐNÚMER.192426.

**Bifreiðasalan**
**Stórhöfði 15, 110 Rvk**
**Sími: 577 4400**
**www.bifreidasalan.is**

Bílamarkaðurinn



BMW 3 320i. Árgerð 2005, ekinn 114 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 2.950.000 kr tilboð 2.450.000. Rnr.103307.



BMW 1 120i h/b e87. Árgerð 2005, ekinn 81 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.830.000. Rnr.220988.

**Bílamarkaðurinn**
**Smiðjuvegi 46E, Kópavogi**
**Sími: 567 1800**

BÍLASALA ÍSLANDS



2011 Jeep Grand Cherokee Laredo Nýja V6 3,6 vélinn ekinn 25.000.- Sjá myndir og uppl, raðnumer 175438 WWW. bilasalaislands.is

**Bílasala Íslands**
**Skógarhlíð 10, 110 Rvk.**
**Sími: 510 4900**
**896 1337 / 896 9693**
**www.bilasalaislands.is**

bifreidar.is
bifreiða- & vinnuvélanetsalan



Gott 13 hesta hús á höfuðborgarsvæðinu. Verð 18.200.000. ÝMIS SKIPTI T.D. Á 20 - 30 TN BELTAGRÖFU. Rnr.103165.

**bifreidar.is**
**Réttarháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4777**
**Óskum eftir vinnuvélum og bifreiðum á skrá.**
**http://www.bifreidar.is**

BÍLALIND.IS



M.BENZ E 200 KOMPRESSOR árg. 2007, ekinn 92 Þ.km, sjálfskiptur, leður, sóllúga ofl. Verð 3.680.000. Raðnr. 284065 á www.bilalind.is - Bíllinn er í salnum!



TOYOTA LAND CRUISER 100 VX 35" breyttur. 09/2000, ekinn 270 Þ.km, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.270.000. Raðnr. 321700 á www.bilalind.is - Jeppinn er á staðnum!

**Bílalind**
**Funahöfði 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 5808900**
**Hlökkum til að sjá þig :)**
**www.bilalind.is**

HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast



SSANGYONG MUSSO diesel. Árg 1997, ek. 208 Þ.KM, 5 gírar -Ný Heddpakkning-Yfirfarnir spíssar-Nýtt í bremsum-Ný smurður-Ný kúpling-Nýjir skiptibarkar- ATH!! Gírkassi er orðinn slappur Ásett 590þ TILBOÐ 390þ. Rnr.154598. Möguleiki á 100% visa rað láni í allt að 36 mánuði.



PORSCHE Cayenne. Árgerð 2005, ekinn 95 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.990.000. Rnr.121559.

**Höfðabílar**
**Fosshals 27, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**Óskum eftir bílum á söluskrá og á staðinn**
**www.hofdabilar.is**

bifreiðasalan



Trumatic C 4002/Miðstöð og vatnshitari ónotuð ,kostar ný rúmlega 400þ ,,verð 250 þ. Góð gasmiðstöð og vatnshitari (12 lítra) sem hentar vel í ferðavagna, bíla, báta og sumarhús.

**Bifreiðasalan**
**Stórhöfði 15, 112 Reykjavík**
**Sími: 577 4400**
**www.bifreidasalan.is**




Skráið bílinn frítt hjá okkur!!, Vegna góðrar sölu vantar okkur allar gerðir bíla á skrá og á staðinn, Komdu eða sendu okkur skráningar á 100bilar@100bilar.is eða í síma 5179999, 100bílar.is,



ISUZU Crew Cab Dísel. Árg 8/2000, ek 266 Þ.KM, dísel, sjálfsk, krókur, smurbók, ofl Ásett verð 650þús.km, Rnr.192462,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16.**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



Musso 2,3 árg 2001 leður ny dekk 188,000km 450,000 sim 8960885



Opel Zafira árg. '00, 7 manna, sk. 13, góður bíll, v. 375 þ. Get tekið bílaðan uppí. S. 666 6555.



Opel vectra árg.'99, nýsk.'13, ekinn 132þús., ný tímareim, sjálfsk, vetradekk, cd, verð 490þús. tilboð 300þús. Uppl. í s. 777 9200.



WV Polo árg.'02 1,2, ekinn111000km. 5gírar. verð 499.999 gsm 863 2371.



Mitsubishi, ekinn 217þús, árg'89, verð 110þús. s. 7751824

Renault kangoo 4x4 2007,ný tímareim, kúpling dempara aftan verð 1400000 eða tilboð s. 6923132

## 0-250 þús.



**SJÁLFSKIPTUR SPARIGRÍS**
SJÁLFSKIPTUR SPARIGRÍS! 250 ÞÚS! WV Polo 1,4 árg. '97 ek. 138þús, sjálfssk. 3 dyra, vetradekk. Skoðaður og sparneytinn. Tilboðsverð 250þús S.841 8955

**Ódýr/góð Almera 195 þús**
Nissan Almera 5 d, 1600, 5g, ek. 200 þús, árg. '97 í góðu lagi. Nagladekk. S. 891 9847.

## 500-999 þús.

Grá Corolla árg. 03 e. 154 þús. Glæný dekk. Verð 800 þús. S. 8209022 e. kl. 17.

## Bílar óskast

Óska eftir bíl á bilinu 30-300þ. Ekki eldri en '00. Má þarfnast viðgerðar. S. 866 0784.

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Vörubílar



Til sölu MAN 26.464 DFLC árg. '99 ekinn 335þús. með véla flutningapalli sími 892 5855.



Til sölu sementsvagn Kassbohrer árg. '99 3 öxla á einföldu og lofti er með pressu vökvadrifinni sími 892 5855.



Til sölu vélavagn Trojan árg. '92 3 öxla á lofti hægt að yfirspenna sími 892 5855.

## Húsbílar



**Einn sá fallegasti**
Fiat Hobby FLC 650 Toskana 2007 árg. ekinn 19 þús. Með öllum mögulegum aukabúnaði. Sjón er sögu ríkari. uppl. í síma 862 3232 Halldór.

## Reiðhjól




**Veturinn er kominn!**
Ljós, nagladekk og allt hitt. KRÍA HJÓL, reiðhjóla verslun og verkstæði Hólmaslóð 2, s.5349164

## Hjólhýsi

Til sölu Hobby 560 UFE,sólars, flatskjár,Boiler,loftnet truma hitak. S.892-9260

## Vinnuvélar

JCB
VARAHLUTIR - VIÐGERÐIR
ÞJÓNUSTA
Vélfang ehf. er umboðsaðili fyrir JCB vinnuvélar og skotbómulyftara á Íslandi.
VÉLFANG
Reykjavík og Akureyri S. 580-8200



LEIGÐU LENGRI VINNUDAG! RAFSTÖÐVAR 4-160KW OG LJÓSAMÖSTUR MEÐ 220V ÚRTAKI. EINNIG DIESEL VATNSDÆLUR MEÐ 72m3/klst AFKSÖTUM. DS-LAUSNIR EHF 561-8373 www.dslausnir.is

## Bátar

**Grásleppuveiðimenn**
Nálfelld grásleppunet, flotteinar, blýteinar, felligarn, netaslöngur. Heimavík ehf. S. 892 8655 www. heimavik.is

BÁTAR OG BÚNAÐUR SKIPASALAN

Vantar báta og skip á söluskrá okkar. Mikil eftirspurn. Bátar og búnaður, Sími 663-4865 og 861-9188. www. batarogbunadur.is

## Varahlutir

Bílapartasalan
Bílhlutir
Kaplahrauni 14 • 220 Hafnarfjörður
Sími: 555 4940 • www.bilhlutir.is
Sérhæfum okkur í VW - SKODA varahlutum
Kaupum nýlega bíla til niðurrifs

NET-PARTAR
PARTASALA – NOTAÐIR VARAHLUTIR Í NÝLEGA BÍLA
486 4499
486 4477
www.netpartar.is

**Bílapartasala**
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www. netpartar.is

**Japanskar vélar Bílapartasala**
Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla og fleiri teg. Kaupum bíla. S. 565 3400 & 893 2284. www. japanskarvelar.is / www.carparts.is japvel@carparts.is

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. '03, og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

**VW - Skoda - Varahlutir**

Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá '02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

Partasalan SU-MI Smiðjuvegi 11. Hyundai Sonata '97, Accent '01, Impreza '99 og felicia '99, Peugeot 306 '99, 206 og 406 ST. Almera '97-'99, Terrano '98, Ford 250 '99, Megane 01. Vectra '98, Astra '97, Corsa '98, Baleno '98. Kia Rio '02. Benz 230 '97. Kaupi bíla til niðurrifs. sími 661 5270.

## Viðgerðir

Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Uppl. s. 555 6020

## ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**Faglærðir Píparar**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar

Þrif & þvottur
Reykjavíkurvegi 48 - S. 893 0611

Alhliða hreingerningarþjónusta. Teppahreinsun / Bónþjónusta / flutningsþrif. Þrif og þvottur, Reykjavíkurvegi 48, 101, S. 893 0611.

### Gott nudd - 105 Rvk/ Hlíðar

Bíð upp á gott nudd. Afslappandi og gott umhverfi. Opið til 21 á kvöldin. S. 894 4817.

Vandaðir og ódýrir ferðanuddbekkir og óléttubekkir til sölu. Uppl í 8916447 Óli

## Þjónusta



Dóra Dröfn Skúladóttir, geðhjúkrunarfræðingur, hefur opnað samtalsmeðferðarstofu að Skipholti 50b. Með Diploma í Hugrænni atferlismeðferð. Viðtalspantanir alla daga í síma 841-7010. Netfang: hamir@simnet.is.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**GÓÐ GISTING Í MIÐBÆ RVK**
**Gott verð, dags, viku- og mánaðarleiga.**

**www.hotel105.com**
**GISTIHÚSIÐ VÍKINGUR**
**sími 896 4661**

**Gistiheimili - Guesthouse**

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

Til leigu 30 fm íbúð vönduð tveggja herbergja einstaklings íbúð (for one person) með öllu þvottavél, lítil geymsla. staðs. Kársnesi Kóp. hún er laus strax og leigist aðeins reyklausum(no smoking) skilvísum og reglusömum einstakling eldri en 24 ára uppl. s. 694 2369.

### Leigjendur, takið eftir!

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

Jarðhitaskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna vantar 3-4 herb. íbúðir í Rvk. Íbúðirnar þurfa að vera búnar nauðsynlegum húsgögnum og heimilistækjum. Leigutími er u.þ.b. 6 mánuðir, frá miðjum apríl fram í miðjan október. Nánari upplýsingar í s:5696069 / thorhildur.isberg@os.is

## Sumarbústaðir



### Stórt sumarhús til leigu í Grímsnesi!

Gistiaðstaða f. 10-12 manns. Helgarleiga 60þús. sun-föst 5 nætur 75þús . Heitur pottur og sauna. Uppl. 898 1598 sjá heimasíðu og myndir á www.sumarhus.edicypages.com

## Atvinnuhúsnæði

### Til leigu.

Fákafen, mjög vandað 140 fm skrifstofuhúsn. Tunguháls 327 fm iðnaðarhúsn, lofthæð 4,70, tvær innkeyrsludyr. Við sund, 20 fm verslunar/þjónustuhúsn. á jarðhæð ásamt 20 og 40 fm skrifstofum á 2.hæð. leiguval.is S. 553 9820 og 894 1022.

Skrifstofuhúsnæði Réttarhálsi. Hef til leigu 3 skrifstofur í sameiginlegri aðstöðu með netbílasölu. Leiguverð 25-35000 á mán. Tilvalið t.d. fyrir fasteignasala sem vill starfa sjálfstætt. Kemur ekki til greina að leigja sem íbúðarhúsnæði. Upplýsingar gefur Högni í síma 895-4444 milli 10 og 16.

## Geymsluhúsnæði

### www.geymslaeitt.is

Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

### Geymslur.com

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**HANDVERK Í HÁVEGUM HAFT KORNIÐ BAKARÍ**

**Starfsfólk óskast!**
**vantar í hálfsdagsstörf í bakaríin okkar, á virkum dögum. Framtíðarstarf.**

**Umsóknir sendist með nafni og síma og heimilisfangi á netfangið umsokn@kornid.is**

**N1**

**óskar eftir að ráða reynslumikinn og áreiðanlegan starfsmann á smurverkstæði félagsins á höfuðborgarsvæðinu.**

**Nánari upplýsingar um starfið veitir Dagur Benónýsson í síma 440 1030. Áhugasamir sæki um starfið á www.n1.is**

Afgreiðslumaður. Óskum að ráða hressan og heilsugóðan starfsmann til almennra vinnu í verslun okkar, umsóknir skulu sendast á vl@simnet.is Verkfæralagerinn ehf, Smáratorgi 1.

### Ræsting og uppvask

Veitingastaðurinn Portið í Kringlunni óskar eftir starfsmanni á morgnana í ræstingu og uppvask. Nánar á info@portid.is

Vinna í Stavanger: 2 menn vanir loftræstikerfum, 1 blikkari útivinna. Pípulagningamaður óskast í samstarf. uppl:+47 908 41 752 & stefan@jonsson-partnere.no

Viltu vinna mikið og hafa há laun? s. 841 1448.

## Atvinna óskast

Hlýr og opinn aðili sem tekur á móti gestum og túristum. Starfaði í ferðatengdri þjónustu. Er íslenskur ungur maður sem bjó í þýskalandi og tala bæði ensku og þýsku. Er með sérþekkingu í samskiptum og leiðingu hópa. Sími 8202223.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

### Góð kona

vill kynnast góðum ógiftum manni með náin kynni í huga. Rauða Torgið, s. 905-200 og 535-9920, augl.nr. 8960

### Ung kona

vill kynnast eldri karlmanni, sér til skemmtunar. Rauða Torgið, s. 905-200 og 535-9920, augl.nr. 8308

### Ungur KK

með aðstöðu vill kynnast KK 45+. Rauða Torgið, s. 905-200 og 535-9920, augl.nr. 8324

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

## Atvinna

**VÍSIR**

### Vélavörður

Vísir hf óskar eftir Vélaverði á Sighvat GK-57. Sighvatur er línuveiðiskip með beitningarvél. Nánari upplýsingar eru gefnar hjá skipstjóra í síma 856-5761.

## Fasteignir

**LEIGUHÚS.IS**
LEIGUMIÐLUN OG RÁÐGJÖF

### Sími 517 3500

**Gunnar Jón Yngvason**,Löggiltur leigumiðlari, Barónstíg 5, 101 Reykjavík,

**Fákafen, 140 fm skrifstofa/verslun/þjónusta**



Til leigu eitt af betri skrifstofu/þjónustu/verslunar-húnæðum í Reykjavík í þessu mjög svo áberandi húsi. Vel innréttuð skrifstofa , 3 herbergi , rúmgóð mótaka, sér inngangur af plani á 2 hæð. **MIKIÐ AUGLÝSINGAGILDI . Laust fljólega. Leiguverð 160 þús ( ekki vsk)**

**HÚSNÆÐI FYRIR ÞÍNA HUGMYND !**






## Fasteignir

# Boðaþing 6 Kópavogi

**AÐEINS 1 ÍBÚÐ EFTIR Í ÞESSARI BLOKK FYRIR 55 ÁRA OG ELDRI.**




**EINSTAKT TÆKIFÆRI - LÚXUS ÍBÚÐ!** Fyrir fólk á besta aldri 55 ára og eldri. Íbúð 101. 145,6 fm íbúð á 1. hæð í austurenda húsins, ásamt stæði í bílageymslu. Sérafnotaréttur lóðar er 54 fm! Eignin skiptist í forstofu með skáp, hjónaherbergi með fataherbergi og sér baðherbergi, aukaherbergi með skáp, glæsilegt eldhús, stofu, borðstofu, þvottahús innan íbúðar, minna baðherbergi, svalahýsi og verönd. **Frábært verð, aðeins 37,5 m.**

**HÚSAVÍK** FASTEIGNASALA
Elías Haraldsson, lögg. fasteignasali

**ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR Á WWW.HUSAVIK.NET Sími 510-3800**

**Fasteignasala Mosfellsbæjar**

**KJARNA - ÞVERHOLTI 2**
**• 270 MOSFELLSBÆ**
**• SÍMI: 586 8080**
**• FAX: 586 8081**
**WWW.FASTMOS.IS**

**Sóltún 5, íbúð 602 - 105 Reykjavík**




**Opið hús í dag fimmtudag frá kl. 12:30 til 13:00**
Mjög vönduð og rúmgóð 3ja herbergja 103,1 m2 íbúð á 6. hæð ásamt bílastæði í bílageymslu við Sóltún 5 í Reykjavík. Íbúðin skiptist í tvö góð svefnhe., rúmgóða stofu, eldhús, baðherbergi og þvottahús innan íbúðar. Úr stofu er gengið út á góðar svalir í suður. Þetta er sérlega falleg íbúð á besta stað í glæsilegu húsnæði miðsvæðis í Sóltúni. **V. 35,8 m.** 4723

**Kaplaskjólsvegur 39, íbúð 401 - 107 Reykjavík**




**Opið hús í dag fimmtudag frá kl. 17 til 17.30**
Falleg og björt 99 m2 íbúð með risi á efstu hæð í 4ra hæða fjölbýlishúsi við Kaplaskjólsveg 39 í Vesturbæ Reykjavíkur. Fallegt útsýni. Íbúðin skiptist í gang/hol, baðherbergi, eldhús, tvær stofur og svefnherbergi. Í risi er gangur, tvö svefnherbergi og tvö góð geymslurými.
**Sameign er snyrtileg og lítur húsið vel út. V. 25,2 m.**10226




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR 2 SPORT 2 SPORT+ 2 SPORT 3 2 SPORT 4 2 SPORT 5
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

# tímamót

timamot@frettabladid.is



59 **EGILL ÓLAFSSON** leikari og söngvari á afmæli í dag.

*„Við skulum átta okkur á því að framtíðin verður þannig að það verða æ færri sem vinna fyrir samfélaginu.“*



## Demantsbrúðkaup

**Hjónin**
**Þórdís Stella Brynjólfsdóttir og Sigurður Þorsteinsson**
vélfræðingur eiga demantsbrúðkaup (60 ár) í dag, hinn 9. febrúar.
Þau búa að Norðurbrú 5, Garðabæ og njóta dagsins með fjölskyldunni.

HUGSMIÐJAN: MARGVERÐLAUNUÐ FYRIR VEFSÍÐUGERÐ

# VILDU GERA EITTHVAÐ NÝTT

„Við erum með skýran fókus á vefhönnun og höfum í raun sérhæft okkur í henni. Fyrirtækið hefur líka á að skipa ótrúlega hæfu starfsfólki og hefur verið til lengi. Ætli þetta allt eigi ekki sinn þátt í góðum árangri,“ segir Ragnheiður H. Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri Hugsmiðjunnar, fyrirtækis sem hefur undanfarið sópað til sín verðlaunum fyrir vefhönnun.



RAGNHEIÐUR H. MAGNÚSDÓTTIR

Fyrirtækið var um síðustu helgi verðlaunað fyrir vef ársins, en þau verðlaun hlaut Hugsmiðjan fyrir hönnun sína á vef Orkusölunnar www.orkusalan.is. Þau verðlaun kallast SVEF-verðlaunin en það er vefiðnaðurinn sem stendur á bak við þau. „Það var mjög gaman að fá að vinna að þessu verkefni fyrir Orkusöluna,“ segir Ragnheiður. „Þau komu til okkur og vildu að við gerðum eitthvað skemmtilegt og nýtt. Okkar hönnuðir gátu því alveg farið á flug en það er ekki á hverjum degi sem við fáum svona skemmtileg verkefni.“

Á dögunum hlaut Hugsmiðjan önnur verðlaun, en þau voru fyrir besta ríkisvefinn. Þau hlaut fyrirtækið fyrir vef Tryggingastofnunar. „Við erum ótrúlega ánægð með árangurinn,“ segir Ragnheiður að lokum. - sbt



**ÁSKORUN Á HVERJUM DEGI** Ragnheiður segir hvern dag byrja við töflu þar sem verkefnin sem eru í gangi eru skoðuð. “Við tökumst á við áskorun í verkefnastjórn á hverjum degi,” segir hún.

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Hermann Ólafur Guðnason**
fv. yfirverkstjóri Vélamiðstöðvar Reykjavíkurborgar,

hjúkrunarheimilinu Mörk, Suðurlandsbraut 66, lést þriðjudaginn 7. febrúar.

**Elsa P. Níelsdóttir**
**Ólöf Dóra Hermannsdóttir**
**Ragnhildur Guðný Hermannsdóttir** **Hjörtur Pálsson**
**Erlendur Níels Hermannsson** **Anna María Grétarsdóttir**
**Jóhann Gísli Hermannsson** **Kristín Björg Óskarsdóttir**
**Erla Ósk Hermannsdóttir** **Gunnar S. Gottskálksson**
**barnabörn, barnabarnabörn og aðrir aðstandendur.**

---



*Elskulegur bróðir okkar,*

**Þórður Guðnason**
áður til heimilis að Efstasundi 53

lést á Hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð, föstudaginn 3. febrúar. Útförin fer fram frá Áskirkju þriðjudaginn 14. febrúar kl. 15.00.

**Systkini hins látna,**
**María Guðnadóttir**
**Magnús Guðnason**

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir og afi,*

**Sverrir Bergmann Bergsson**
taugalæknir og fyrrverandi yfirlæknir á Landspítalanum,

sem lést á heimili sínu þann 26. janúar, verður jarðsunginn frá Hallgrímskirkju 13. febrúar kl. 13.00.
Þeim sem vilja minnast hans er bent á MS félag Íslands.

**Unnur Þórðardóttir**
**Yrsa Bergmann Sverrisdóttir**
**Ýmir Bergmann Sverrisson**
**og barnabörn.**

---



*Okkar ástkæra*

**Ingibjörg Pétursdóttir**
frá Malarrifi,
Hraunbæ 166, Reykjavík,

sem andaðist á Hrafnistu í Reykjavík, laugardaginn 4. febrúar sl. verður jarðsungin frá Árbæjarkirkju föstudaginn 10. febrúar kl. 13. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hennar er bent á Minningarsjóð Hrafnistu.

**Ögmundur Pétursson** **Kristín Erla Valdimarsdóttir**
**og systkinabörn hinnar látnu.**

---



*Elsku maðurinn minn og besti vinur, sonur, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Sveinn Finnur Sveinsson**
tollfulltrúi Hjallavegi 15, Njarðvík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, mánudaginn 6. febrúar. Útförin fer fram frá Ytri-Njarðvíkurkirkju þriðjudaginn 14. febrúar kl. 13.00.

**Jónína Þóra Sigurjónsdóttir**
**Þóra Björnsdóttir**
**Alda Lilja Sveinsdóttir**
**Anna Lóa Sveinsdóttir** **Kjartan Ottó Hjartarson**
**Sveinn Sveinsson** **Elísabet Sara Reynisdóttir**
**Jón Ingi Sveinsson** **Jekatarina Kogute**
**Björgvin Þór Sveinsson** **Elsa Gehringer**
**Friðrik Ingi B. Sveinsson**
**Jökull Sverrir H. Sveinsson**
**Elísabet Fjóla Sveinsdóttir**
**og barnabörn.**

---



*Ástkær móðir mín, systir okkar og mágkona,*

**Stella Sigurðardóttir Brown**
frá Vatnsdal, Vestmannaeyjum,

lést í Englandi föstudaginn 3. febrúar.

**Edda Rigby**
**Anna Sigurðardóttir** **Högni Sigurðsson**
**Sigurður Sigurðarson** **Jóhanna Friðriksdóttir**
**Svanhildur Sigurðardóttir**
**Hilmir Sigurðarson** **Erla Erlendsdóttir**

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, fósturfaðir, afi og langafi,*

**Pálmi Anton Runólfsson**
frá Hjarðarhaga, Hólavegi 40,
Sauðárkróki,

lést sunnudaginn 29. janúar á Heilbrigðisstofnuninni Sauðárkróki. Útförin fer fram frá Sauðárkrókskirkju laugardaginn 11. febrúar kl. 14.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á deild 3 á Heilbrigðisstofnuninni Sauðárkróki.

**Anna Eiríksdóttir**
**Fróðný Pálmadóttir** **Kristján Pétur Sigurðsson**
**Sigurjón Björn Pálmason** **Kolbrún Reynholdsdóttir**
**María Guðbjörg Pálmadóttir** **Hörður Óskarsson**
**Heiður Pálmadóttir** **Roy Midtbø**
**Sigríður G. Pálmadóttir** **Kristján Ísak Kristjánsson**
**Ester Gunnarsdóttir** **Indriði Guðmundsson**
**afa- og langafabörn**

---



*Elskuleg frænka okkar,*

**Margrét Guðmundsdóttir**
áður til heimilis að Bröttukinn 2,
Hafnarfirði,

verður jarðsungin frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 10. febrúar kl.15.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Bjarni Valdimarsson**
**Eygló Valdimarsdóttir**
**Halldóra Valdimarsdóttir**

---



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna fráfalls eiginkonu, móður, tengdamóður og ömmu,*

**Maríu Schjetne**
Rjúpnasölum 10, Kópavogi.

**Þorgeir Axel Örlygsson**
**Gerður Rós Axelsdóttir** **Gunnar Már Gunnarsson**
**Örlygur Axelsson** **Regína Lilja Magnúsdóttir**
**María Rós Gunnarsdóttir**
**Gunnar Axel Gunnarsson**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**


ÉG ER Weetos®
OG INNIHELD ENNÞÁ
MINNI SYKUR EN ANNAÐ
SÚKKULAÐIMORGUNKORN
Weetabix
Weetos
Chocolatey
375g
WHOLEGRAIN
HEILKORNA
D-VÍTAMÍN
LÍTIÐ
SALT
ÁN ALLRA
LITAREFNA

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** ungdómur, **6.** fæddi, **8.** tímabils, **9.** bjargbrún, **11.** tveir eins, **12.** tjón, **14.** endurtekning, **16.** hvað, **17.** sæ, **18.** skörp brún, **20.** frá, **21.** sett.

**LÓÐRÉTT**
**1.** einómur, **3.** dreifa, **4.** jaðra, **5.** flýtir, **7.** yfirráðaréttur, **10.** flík, **13.** eldsneyti, **15.** hluti handar, **16.** gyðja, **19.** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** æska, **6.** ól, **8.** árs, **9.** nöf, **11.** ii, **12.** ógagn, **14.** stagl, **16.** ha, **17.** sjó, **18.** egg, **20.** af, **21.** lagt.
**LÓÐRÉTT: 1.** mónó, **3.** sá, **4.** kringja, **5.** asi, **7.** lögsaga, **10.** fat, **13.** gas, **15.** lófi, **16.** hel, **19.** gg.




„ER ORÐINN LEIÐUR Á AÐ VERA Á LAUSU OG HJARTAÐ HEFUR ALDREI VERIÐ JAFN OPIÐ FYRIR ÁSTINNI OG NÚ,“

segir Páll Óskar Hjálmtýsson sem berst fyrir mannréttindum í Eurovision í einlægu viðtali.

Lífið – FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Á FÖSTUDÖGUM


# Það sem ekki má

**BAKÞANKAR Friðriku Benónýs**



Karl Lagerfeld segir að Adele sé feit. Sem hún er. Netbyggðin fyllist heilagri vandlætingu. Svívirðingunum rignir yfir Karl: Hann er gamall ljótur hommi sem vill að konur séu í vextinum eins og ungir strákar. Hvað segir það um hann, ha?

**Á SAMA** tíma birtast á öllum helstu vefmiðlum myndaraðir af Demi Moore. Sem er mjó. Fyrirsagnirnar eru einróma: Hún er alltof mjó. Ógeðslega horuð. Með æskublæti. Slæm fyrirmynd fyrir ungar stúlkur. Netbyggðin breytist í halelújakór: Þetta er sko alveg rétt. Það ætti að taka svona konur og neyða ofan í þær mat. Verndið unglingana okkar fyrir þessum skaðvænlegu áhrifum.

**ÞAÐ MÁ** sem sagt óskapast yfir holdafari kvenna ef þær eru grannar en vei þeim sem minnist á að þær séu feitar. Samt er offita mun meira vandamál í vestrænum samfélögum en anorexía. Og sama fólk og óskapast yfir ummælum Karls lækar hverja „lífsstílssíðuna“ á fætur annarri þar sem allt gengur út á það að verða grannur. Ekki það að blessað fólkið hafi áhuga á útliti sínu, sussunei. Heilbrigði heitir það á pólitískt kórréttu máli.

**ÞESSI** tvískinnungur litar alla umræðu á netinu. Það má til dæmis segja að nafngreindir karlar séu hórkarlar sem dreymi um að nauðga öllum konum, en það má alls ekki segja að nafngreindir femínistar séu ómálefnalegir og hörundsárir. Einn helsti rithöfundur þjóðarinnar, Hallgrímur Helgason, gengur svo langt að segja í Facebook-svari að konum leyfist að taka dýpra í árinni þar sem þær standi höllum fæti í samfélaginu. Samkvæmt því er það orðin afsökun fyrir rógsherferðum að sá sem fyrir þeim stendur sé í minnihluta. Allt í nafni jafnréttis. Er ekki pólitísk rétthugsun farin að snúast upp í andhverfu sína í svona málflutningi?

**RÉTTHUGSUN** er hættulegt hugtak. Rétt hugsun er ekki til. Sjálfstæð hugsun var einu sinni í hávegum höfð en virðist nú fullkomlega gamaldags og úr sér gengið hugtak í álíka mikilli útrýmingarhættu og hugtakið ábyrgð. Og orðtakið gamla um að betra sé að veifa röngu tré en öngvu er algjörlega úr gildi fallið. Ef þú veifar ekki hinu rétta tré áttu ekki að veifa neinu. Ekki einu sinni blaka hendi.

**ÞAÐ VERSTA** er að þessi hugsanakúgun virkar. Fjöldi fólks óttast að viðra „rangar“ skoðanir. Þorir ekki fyrir sitt litla líf að stynja því upp að keisaraynjan sé kviknakin. Má ennþá segja að fólk sé fífl?

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# NÝR 4BLS BÆKLINGUR

## STÚTFULLUR AF NÝJUM SJÓÐHEITUM TILBOÐUM






NÝTT SJÓÐHEITT VAR AÐ LENDA

FLAKKARI KORTALESARI MINNISLYKILL

### 1TB FLAKKARI

1TB Hitachi LifeStudio Desk Plus flakkari með 4GB minnislykli og er jafnframt minniskortalesari

**14.900**

STÓRSNIÐUG NÝJUNG !



LACIE

USB 3.0

VIRKAR EINNIG Á ELDRI USB2 Á ENN MEIRI HRAÐA

### 2TB FLAKKARI

LaCie Minimus er glæsilegur 2TB USB 3.0 flakkari í höggvörðu burstuðu álhúsi

**24.900**

10X MEIRI HRAÐI MEÐ USB3



LACIE

### 2TB NETWORK SPACE2

Tengist beint við heimanetið svo allar tölvur á heimilinu geti tengst og deilt gögnum

**29.900**

LACIE NETWORK SPACE 2

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

**OPNUNARTÍMAR**

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

acer ASUS DELL hp lenovo packard bell SAMSUNG SONY TOSHIBA

# menning
menning@frettabladid.is



**HAFDÍS HULD** verður með tónleika á Gljúfrasteini annað kvöld. Með henni verður gítarleikarinn Alistair Wright og ætla þau að flytja efni af væntanlegum plötum sínum. Tónleikarnir hefjast klukkan níu.

# HVAÐ GETUM VIÐ GERT?

Myndlist ★★★★★

**Santiago Sierra, NO, Global Tour og yfirlitssýning**

Listasafn Reykjavíkur, Hafnarhús

**Til 15. apríl. Opið alla daga frá kl. 10-17 og til kl. 20 á fim.**

Spænski listamaðurinn Santiago Sierra (1966) er afar pólitískur listamaður og list hans er vægðarlaus ádeila á samtímann. Einna helst deilir hann á kerfi kapítalisma og gróðahyggju þar sem alþjóðleg stórfyrirtæki, ríki og þjóðir byggja grundvöll sinn á striti láglaunaðs verkafólks, hann bendir á ójöfnuð og bág kjör.

Sierra lærði meðal annars myndlist í Hamborg en bjó síðan í Mexíkó í fjórtán ár. Ætla má að ekki síst þar hafi hann orðið vitni að erfiðri lífsbaráttu verkamanna og ofríki stórþjóðar gagnvart minni máttar. Nútíma þrælahald, á borði þó ekki sé í orði, er staðreynd sem við þekkjum um víða veröld og birtist í mörgum myndum.



**NO** Gjörningur Sierra í aðdraganda sýningar hans í Hafnarhúsi vakti athygli. „Gjörningar hans eru undantekningarlaust hárbeittir," segir gagnrýnandi Fréttablaðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Sýning Sierra í Hafnarhúsi er yfirlitssýning á verkum hans í formi kvikmynda, um fimmtíu talsins, en hver um sig er heimild um gjörning sem listamaðurinn hefur unnið með hjálp launaðs aðstoðarfólks. Gjörningarnir eru undantekningarlaust hárbeittir og sjónrænir þættir leika stórt hlutverk í útfærslunni, gjarnan með áherslum naumhyggju. Dágóðan tíma tæki að horfa á allar myndir á sýningunni, en þó ekki séu skoðuð nema nokkur verk gefur það einnig góða innsýn.

Verk Sierra sem hefur vakið mesta athygli hér á landi nú er NO, Global Tour, ásamt innsetningu hans á Austurvelli, Minnismerki um borgaralega óhlýðni, þar sem Sierra minnist búsáhaldabyltingarinnar.

Listaverkið NO er stór skúlptúr sem ferðast hefur um heiminn síðan 2009. Nei-ið er sameiningartákn alþýðu á tímum mikillar óánægju með ríkjandi auðvaldsstefnu og kreppu sem ekki sér fyrir endann á. Hver tími á sína listamenn og sínar aðferðir í listinni og list Sierra er list samtímans. Ádeila hans felst í að endurskapa og umbreyta þekktum aðstæðum. Hann borgar meðal annars vændiskonum með heróíni fyrir að láta tattúvera línu á bakið, greiðir verkamönnum lágmarkslaun fyrir að sitja lokaðir inni í kassa, grafa tilgangslausar holur eða færa til þunga hluti. Borgar klámmyndaleikurum fyrir að hafa kynmök fyrir framan myndavél, innflytjendum fyrir að skilja eftir mót líkama síns í frauðplasti eða fela sig á götu í Madríd og fyrrverandi hermönnum fyrir að standa úti í horni og skammast sín. Fær hóp fólks til að raða sér upp í langa röð eftir húðlit, frá ljósu yfir í dökkt. Svo eitthvað sé nefnt.

Ríkjandi þættir í samtímanum skapa aðstæður sem eru hrottalegar, miskunnarlausar, óréttlátar og grimmar og er að finna alls staðar í heiminum. Spurningin er: Hvað getum við gert?

**Ragna Sigurðardóttir**

**Niðurstaða:** Hárbeitt og ögrandi samtímalist spænska listamannsins Santiago Sierra grípur áhorfandann heljartökum. Ádeiluefni listamannsins er ekki síður að finna hér á landi en á alþjóðavettvangi. Sýningin í heild er frábært dæmi um pólitískan slagkraft listarinnar. Hún er meira við hæfi unglinga og fullorðinna en ungra barna.


Leikhústilboð til Vörðufélaga

Vörðufélagar fá 1.000 kr. afslátt af miðaverði á söngleikinn Vesalingana í Þjóðleikhúsinu.




Vesalingarnir, einn vinsælasti söngleikur allra tíma, verður frumsýndur 3. mars í Þjóðleikhúsinu. Mögnuð stórsýning í flutningi framúrskarandi listamanna.

Tryggðu þér miða í miðasölu Þjóðleikhússins.

» Sími 551 1200

» midasala@leikhusid.is

Tilboðið gildir til 15. febrúar.

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

JÓNSSON & LE'MACKS • JL.IS • SÍA


# Leikur og leiðsögn

„Ég kalla þetta Fróðleik," segir Alma Dís Kristindóttir, verkefnastjóri fræðslu í Listasafni Reykjavíkur, og sýnir hlut sem líkja má við verkfærabelti og er ætlaður börnum á aldrinum átta til ellefu ára. Þetta er nýjung í safnastarfi og stendur gestum til boða í öllum húsum safnsins, þeim að kostnaðarlausu. Alma Dís er höfundurinn.

Kjarninn í verkfærabeltinu er safnastokkur með spjöldum sem á eru tillögur og hugmyndir um leiki. Þeir eru að sjálfsögðu innan þess ramma sem safnið leyfir. Í safnabeltinu er líka stækkunargler, vasaljós, tommustokkur, minnisblokk, ritfang og reiknivél. „Þetta eru verkfæri sem fjölskyldur eiga að nota í nokkurs konar leiðangri um söfnin. Tilgangurinn er sá að nálgast listaverkin á forsendum barnanna," segir Alma Dís. „Ef verið er að horfa á verk eftir Kjarval frá 1910 er til dæmis hægt að reikna út hvað hann hafi verið gamall þá."

Alma Dís kynnir Safnabeltið í Ásmundarsafni við Sigtún á



**SPENNANDI SAFNABELTI** Það kostar ekkert að fá lánað belti í einhverju af söfnunum þremur, Ásmundarsafni, Kjarvalsstöðum og Hafnarhúsi.

Safnanótt á föstudag frá 19-19.30, á Kjarvalsstöðum frá 20 til 20.30 og í Hafnarhúsi milli 21 og 21.30. Hún segir beltin komin til að vera, fimm í hverju safni. **- gun**

# Frönsk kvikmyndahátíð til Akureyrar

Franska kvikmyndahátíðin sem sett hefur svip sinn á kvikmyndahús Reykjavíkur undanfarið flyst norður til Akureyrar dagana 18. til 20. febrúar. Fjórar gæðakvikmyndir verða sýndar í Borgarbíói á Akureyri. Þar á meðal er franska kvikmyndin The Artist sem notið hefur mikilla vinsælda og vann nýlega þrenn Golden Globe-verðlaun og er sigurstrangleg í baráttunni um Óskarinn. Aðrar myndir sem sýndar verða á Akureyri eru La guerre est déclarée, Un homme qui crie frá Tsjad og L'Âge des ténèbres frá Kanada.

Það er Sendiráð Frakklands á



**THE ARTIST** Sýnd á franskri kvikmyndahátíð.

Íslandi sem skipuleggur hátíðina á Akureyri, í samvinnu við Sendiráð Kanada, Græna ljósið, Institut français og Alliance française í Reykjavík.

# Engar stjörnur fyrir list Danadrottningar

Sýning Margrétar Danadrottningar í listasafninu Arken í Danmörku hefur fengið misjafnar móttökur gagnrýnenda.

Gagnrýnandi dagblaðsins Politiken ákveður að gefa enga stjörnu, hann bendir á að listamaður í svipuðum gæðaflokki og drottningin fengi aldrei boð um að halda yfirlitssýningu á einu helsta safni landsins í samtímalistum.

Sýning hefur fengið góðar viðtökur og aðsókn, sem hefur ekkert að gera með listáhuga segir í umfjöllun Politiken sem segir engar líkur á því að mikil aðsókn að þessari sýningu skili aukinni aðsókn og áhuga á samtímalist, áhorfendur sem streyma á sýningu drottningar geri það fyrst og fremst af áhuga á henni.

„Það er ekki áhugi á samtímalist sem hefur fengið áhorfendur til þess að mæta á safnið heldur áhuginn á drottningunni sem listrænni manneskju, sem málar, gerir klippimyndir, búninga, leikmyndir og svo framvegis.“

Í öðrum miðlum hefur sýningin hlotið miðlungsdóma, Jótlandspósturinn gefur drottningu þrjár stjörnur af sex en í Berlingske tidende fær hún fjórar stjörnur af sex og tekið fram að list hennar eigi það fyllilega skilið að vera gerð skil á yfirlitssýningu.

Sýningin í Arken spannar 35 ára feril Margrétar sem listmálara. Hún stendur til 1. júlí. Arken er í Ishøj, í um 25 mínútna lestarfjarlægð frá Kaupmannahöfn.





**LISTSKÖPUN DROTTNINGAR** Til hægri má sjá eitt af nýrri verkum Danadrottningar sem sjá má á Arken.



**STRÆTÓSKÝLI** Sigurður Gunnarsson sýnir ljósmyndir sínar af strætóskýlum í Skotinu í Ljósmyndasafni Reykjavíkur.
MYND/SIGURÐUR GUNNARSSON

## Strætóskýli eru samfélagsspegill

Strætóskýli nefnist sýning Sigurðar Guðmundssonar sem opnar í Skotinu í Ljósmyndasafni Reykjavíkur í dag klukkan 14.

Í fréttatilkynningu frá Ljósmyndasafni Reykjavíkur segir að þótt hlutverk strætóskýla virðist einfalt sé útlit þeirra ekki einsleitt. Það hafi breyst mikið frá því þau voru fyrst sett upp fyrir meira en 50 árum, til að veita notendum almenningssamgangna skjól meðan beðið er eftir fari. Þá séu þau líka kennileiti sem endurspegli íslenskt samfélag, þróunina frá nýtishyggju til markaðsvæðingar.

Þetta er fimmta sýning Sigurðar, sem fæddur er 1978 og er búsettur í Reykjavík.

## Funda um sjóð Vilhjálms í dag

Tilurð, staða og framtíðaráform minningarsjóðs Vilhjálms Vilhjálmssonar verða kynnt á fundi í salarkynnum Söngskólans í Reykjavík að Snorrabraut 54 í dag klukkan 12.

Sjóðurinn var stofnaður í framhaldi af minningartónleikum um Vilhjálm Vilhjálmsson sem haldnir voru í Laugardalshöllinni 10. og 11. október 2008. Hlutverk hans er að styrkja árlega til náms söngvara sem þykja skara fram úr á sínu sviði.

Stofnendur sjóðsins eru Þóra Guðmundsdóttir, ekkja Vilhjálms, og fjölskylda, Jón Ólafsson athafnamaður, Magnús Kjartansson og Sena. Auk þess sem sjóðurinn verður kynntur fyrir öllum áhugasömum á fundinum í dag, mun Söngskólinn í Reykjavík bjóða upp á söngatriði.

- hhs





# Færeysk náttúra, veðrið, fuglarnir og húmorinn

**Færeyska listakonan Mikkalína Norðberg býr til litskrúðug glerverk sem vekja gleði. Hún er á leið til Íslands um næstu helgi á Vetrarhátíð í höfuðborginni.**

„Í draumum mínum hef ég skapað litaglöð glerverk frá því ég var unglingur en í veruleikanum eru það bara fjögur ár, fjögur yndisleg og ævintýraleg ár. Glerið mitt hefur fengið góðar viðtökur frá fyrsta degi og það hefur gefið mér möguleika á að gera listsköpunina að fullu starfi og þróa bæði tækni og hugmyndir,“ segir hin færeyska Mikkalína Norðberg glerlistakona, sem er fædd og búsett í höfuðstað eyjanna, Þórshöfn.



MIKKALÍNA NORÐBERG

Hugmyndirnar kveðst Mikkalína fá úr hinni færeysku náttúru, veðrinu, fuglunum og glerinu sjálfu. „Allt sem gerist í kringum mig hefur áhrif og svo bæti ég húmor og litum við. Oftast fæ ég hugmynd að næsta verki áður en ég hef lokið því sem ég er með.“ Mikkalína hefur sýnt verk sína á Art Copenhagen í samvinnu við Listagluggann í Þórshöfn, á árlegri Ólafsvökusýningu í Listaskálanum í Þórshöfn og í Gallerí Uggerby í Lönstrup í Danmörku. „Ég tilheyri hópi fimm kjarnorkukvenna sem kalla sig Fimm feitar flugur og heldur árlega sölusýningu. Stór verk sel ég í verkstæðinu mínu í Þórshöfn og Gallerí Uggerby í Lönstrup, auk þess að taka við pöntunum gegnum heimasíðuna http://mikkalina.com/glasfigurar en smærri hlutir fást í Norræna húsinu í Þórshöfn og flugstöðinni í Vogi.“

Mikkalína kemur í fyrsta sinn til Íslands nú um helgina í skemmtiferð með vinum sínum. „Faðir minn var sjómaður við Ísland og hrósaði landi og þjóð í hástert. Ég veit líka að mikið er að gerast á Íslandi í hönnun og listum og það eykur áhuga minn á að heimsækja landið, aka og ganga, kíkja, þefa, smakka, hreyfa við – og vonandi smitast af kraftinum sem þar er að finna. Við höfum lokkað með okkur nokkra vini frá Kaupmannahöfn. Í stað þess að heimsækja hvert annað þá höfum við öll sett stefnuna á Ísland. Það skal verða gaman, hvernig sem veðrið verður. Ég elska allar árstíðir og Ísland er örugglega spennandi að vetri til fyrir manneskju eins og mig.“

gun@frettabladid.is



**DANSANDI LUNDAR Á SYLLU** „Allt sem gerist í kringum mig hefur áhrif og svo bæti ég húmor og litum við.“ segir Mikkalína Norðberg brosandi.














Bækur ★★★☆☆

**Við tilheyrum sama myrkrinu**

Kristín Ómarsdóttir

**Stella**

## Snerting úr annarri vídd




Kristín Ómarsdóttir er einstök í röðum íslenskra rithöfunda. Hugarheimur hennar er ferskur og skemmtilega öðruvísi og hún kemur á óvart með hverri nýrri bók. Við tilheyrum sama myrkrinu samanstendur af sex smásögum um vináttu þokkadísanna Marilyn Monroe og Gretu Garbo auk eins ljóðs um amerísku móðurina sem lagt er í munn, eða öllu heldur penna, Marilyn.

Inn í sögurnar af samskiptum þeirra vinkvennanna er fléttað sögum sem þær segja hvor annarri og úr verður heillandi heimur hugarflugs og sterkra mynda. Kristín málar nefnilega myndverk með orðunum. Litir, birta og hreyfing skipa stóran sess í textanum og sögurnar minna á köflum á slæðsmyndasýningu.

Sögurnar sex eru reyndar töluvert misjafnar að gæðum og sú síðasta til muna slökust, sem er synd þar sem fyrstu sögurnar tvær og ljóðið langa hafa byggt upp í huga lesandans væntingar til glæsilegs lokahnykks.

Varla þarf að taka það fram að lýsingarnar á samskiptum þeirra stallsystra eru skáldskapur frá upphafi til enda. Engu að síður spretta þær ljóslifandi upp af síðunum; þunglynda, lesbíska ísdrottningin og kynlífsskettlingurinn bókhneigði og gjafmildi. Þær eiga fegurðina og aðdáun heimsins sameiginlega en fátt annað. Vinátta þeirra er bandalag kvenna sem standa utan við hinn raunverulega heim þar sem ímyndin er allt og enginn kærir sig um að kynnast þeim í raun og veru. Þær eru dæmdar til eilífrar veru í Valhöll heimsfrægðarinnar og sú vera getur verið ansi köld og einmanaleg.

Stíll Kristínar er jafn sérstakur og hugmyndirnar. Langir flæðandi kaflar eru brotnir upp með stakkató myndbrotum í knöppum stíl og með allt öðru innihaldi og áhrifin verða eins og að vera vakin með löðrungi.

Bókina prýðir fjöldi teikninga eftir höfundinn sjálfan sem sýna þær Monroe og Garbo í þeim hlutverkum sem heimurinn hefur skikkað þær í og stangast skemmtilega á við þá mynd af þeim sem birtist í textanum.

Friðrika Benónýsdóttir

**Niðurstaða:** Myndrænar og óvenjulegar sögur af vináttu sem aldrei átti sér stað, fullar af hugmyndaauðgi og óvæntum hlykkjum.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 09. febrúar 2012**

### → Fundir

**21.00** Kristilegt stúdentafélag heldur fund í Dómkirkjunni. Hermann Ingi Ragnarsson mun segja frá þjónustu sinni innan fangelsa og sýna stutt myndband. Allir stúdentar og aðrir á aldrinum 20 til 30 ára velkomnir. Aðgangur ókeypis.

### → Félagsvist

**20.00** Félagsvist Skaftfellinga og Rangæinga verður í Skaftfellingabúð, Laugavegi 178. Gott með kaffinu og allir velkomnir.

### → Sýningar

**14.00** Sigurður Gunnarsson opnar sýninguna Strætóskýli í Skotinu, Ljósmyndasafni Reykjavíkur. Aðgangur er ókeypis.

### → Kvikmyndir

**17.00** Konfúsíusarstofnunin Norðurljós sýnir John Woo myndina Betri framtíð frá 1986. Myndin verður sýnd í Odda, stofu 101. Aðgangur er ókeypis.

### → Uppákomur



**10.00** Vetrarhátíð Reykjavíkur hefst í dag. Fjölbreytt og skemmtileg dagskrá í boði í allan dag. Sjá nánar á vetrarhatid.is.

**20.00** Konukvöld Enska barsins verður haldið hátíðlegt. Sigga Kling sér um að halda öllum í stuði fram eftir kvöldi og allur ágóði kvöldsins rennur til Bleiku slaufunnar. Allar konur velkomnar.

### → Pub Quiz

**22.00** Gullöldin Sportbar stendur fyrir Pub Quizi þar sem þemað eru kvenmenn. Karlmenn eru þó að sjálfsögðu velkomnir líka.

### → Málþing

**14.00** Höfuðborgarstofa býður til málþings um framtíð ferðamannaborgarinnar Reykjavíkur í Hörpu. Yfirskriftin er: Hvernig aukum við samkeppnishæfni Reykjavíkur og styrkjum stöðu ferðamannaborgarinnar?

### → Dans



**20.00** SalsaIceland heldur vikulegt salsakvöld sitt á Thorvaldsen. Boðið er upp á prufutíma fyrir byrjendur. Aðgangur er ókeypis.

### → Tónlist

**21.00** Hljómsveitin Texas Muffin koma fram á Kreppukvöldi á Bar 11. Að tónleikunum loknum mun hljómsveitin Sólstafir fagna útgáfutónleikum sínum sem fara fram fyrr um kvöldið. Aðgangur er ókeypis.

**22.00** Bjartmar Guðlaugsson heldur tónleika á Ob-La-Dí, Frakkastíg 9. Aðgangseyrir er kr. 1.500.



**22.00** **Guðmundur Pétursson** og hljómsveit halda tónleika á Faktorý. Leikið verður efni af plötunni Elabórat sem kom út fyrir jól.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**

# Kvikmyndamaraþon á Northern Wave

Kvikmyndasamtökin Kinosmiðja blása til Super 8 kvikmyndamaraþons föstudaginn 2. mars á alþjóðlegu stuttmyndahátíðinni Northern Wave sem fram fer á Grundarfirði.

Maraþonið hefst með kennslu í töku og notkun á Super 8-kvikmyndatökuvél. Að því loknu verður þátttakendum skipt í tveggja manna lið, hverju liði fengið ein filma, ein myndavél til að vinna með og ákveðið viðfangsefni sem liggur fyrir. Þá fá liðin einn sólarhring til að taka upp, vinna myndina og afhenda Kinosmiðju filmuna til framköllunar á hádegi daginn eftir.

Afraksturinn verður sýndur á Northern Wave-hátíðinni sunnudaginn 4. mars og greiða áhorfendur atkvæði um vinningsmyndina.

Hægt er að skrá sig til keppni með því að senda póst á info@kinosmidja.is.



**MARAÞON** Northern Wave-stuttmyndahátíðin fer fram á Grundarfirði í byrjun mars. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR


## „Getur verið að krem hafi þessi áhrif?"



Katrín Brynja Hermannsdóttir
Blaðamaður, Flugfreyja hjá Icelandair og þriggja barna móðir.

„Þegar húðin er ekki hundrað prósent, og gæti sennilega flokkast sem vandamálahúð, er maður einhvern veginn alltaf að leita að rétta kreminu (alveg eins og leitinni að besta maskaranum og gallabuxunum virðist aldrei ljúka). Superfacelift andlitskremið hefur allt öðruvísi áferð en ég hef komist í kynni við áður. Í því eru örfín korn sem innihalda A-vítamín (Retinol) sem er eitt það besta sem húðin getur fengið. Mælt er með því að setja Skinactive rakakrem yfir Superfacelift en þar sem mín húð er feit á yfirborðinu, þá ég sleppi því og útkoman er frábær. Kremið er hvorki of feitt, né of þurrt og mér líður (ég held ég geti sagt í fyrsta sinn!) vel í húðinni og þarf ekki sífellt að pæla í því hvort ég þurfi að púðra eða "blotta".

**„Áferðin á húðinni hefur breyst, hún er þéttari og ég sé ekki betur en að hrukkur í kringum augun hafi grynnkað!! Mæ ómæ, er það ekki eitthvað sem við þráum allar?"**

„Eyetuck augnkremið hef ég borið á mig samviskusamlega kvölds og morgna í fimm vikur og þegar ég var að rýna í baksýnisspegilinn í bílnum, bara svona til að taka stöðuna á lúkkinu, þá sneri ég höfðinu á alla kanta því ég sá ekki þreytu-ættarpokana undir augunum. Getur það verið að kremið hafi þessi áhrif? :)"

### Af hverju Superfacelift?

„Andlitslyfting í krukku".
Örsmátt hjúpað A-vítamín (Retinol) viðheldur ferskleika virku efnanna og tryggir framúrskarandi árangur.

### Af hverju Eyetuck?

Skilvirk augnmeðferð hönnuð til þess að berjast við poka undir augum.

Klínískar rannsóknir sýna fram á allt að 95% árangur hjá þeim sem hafa prófað.




SKIN DOCTORS™
ÞRÓAÐ AF LÝTALÆKNUM

Skin Doctors vörurnar eru nú fáanlegar í Hagkaupum Kringlunni, Smáralind, Garðabæ og Holtagörðum.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð





## > Í SPILARANUM

**Blágresi** – Hvað ef himinninn brotnar?
**Steve Sampling** - Distance
Grimes – Visions
Air – Le voyage dans la lune

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Sigur Rós á Bestival

Hljómsveitirnar Sigur Rós og The xx spila á tónlistarhátíðinni Bestival á eyjunni Isle of Wight í Englandi í september. Þetta staðfesti skipuleggjandinn Rob da Bank. Justice, The Horrors og Hot Chip hafa einnig verið bókaðar.

Þetta verða fyrstu tónleikar Sigur Rósar í Bretlandi síðan 2008. Þá spilaði sveitin í Alexandra Palace í London og voru tónleikarnir gefnir út á plötunni Inni sem kom út í fyrra. Þetta verða einnig einu tónleikar Sigur Rósar í Bretlandi á þessu ári en hljómsveitin gefur í vor út sína sjöttu hljóðversplötu eins og Fréttablaðið greindi frá fyrir skömmu. Þess má geta að Björk spilaði á sömu hátíð í fyrra. The xx er þessa dagana að undirbúa sína aðra plötu sem margir bíða eftir með mikilli eftirvæntingu.



**Á BESTIVAL** Sigur Rós spilar á Bestival í september.




## > PLATA VIKUNNAR

Náttfari - Töf
★★★★
„Flott plata þrátt fyrir tíu ára töf."
- TJ



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

# *Dylan og Amnesty*

Fyrir nokkrum dögum kom út platan Chimes of Freedom sem hefur að geyma útgáfur ýmissa listamanna af lögum eftir Bob Dylan. Platan, sem er fjórföld, er gefin út til styrktar mannréttindasamtökunum Amnesty International í tilefni af 50 ára afmæli þeirra.

Plötur til styrktar góðum málefnum eru algengar, en þetta safn slær sennilega öll fyrri met hvað umfang og fjölbreytni varðar. Það eru hvorki meira né minna en 76 lög í pottinum og næstum allt nýjar hljóðritanir. Dylan flytur sjálfur titillag plötunnar, en það kom fyrst út á plötunni Another Side of Bob Dylan árið 1964.




**CHIMES OF FREEDOM.** Plata sem bjargar mannslífum.

Á meðal flytjenda eru bæði gamlir og ungir listamenn. Yngsti flytjandinn er Miley Cyrus (19 ára) sem tekur You're Gonna Make Me Lonesome When You Go, en sá elsti, Pete Seeger (92 ára), tekur Forever Young (nema hvað!) með barnakór. Þarna eru margir listamenn sem oft hafa tekið Dylan lög, t.d. Bryan Ferry, Patti Smith og Kris Kristofferson, ráðsettir tónlistarmenn (Carly Simon, Sting, Jackson Browne, Joan Baez, Marianne Faithfull), ungliðar (Kesha, Adele), rokkarar (Queens of the Stone Age, Bad Religion), rapparar (K'naan), heimstónlistarmenn (Angelique Kidjo, Zee Avi) og þannig mætti lengi halda áfram að telja upp, en listinn yrði of langur fyrir svo stuttan pistil.

Yfirskrift auglýsingaherferðarinnar fyrir Chimes of Freedom hljómar eitthvað á þá leið að þetta sé „Plata sem bjargar mannslífum" og engin ástæða til að draga það í efa. Amnesty International hefur gegnt mikilvægu hlutverki í heiminum undanfarna áratugi og bjargað ótal mannslífum. Því miður er ekkert sem bendir til þess að þörfin fyrir samtökin muni minnka á næstunni. Málefnið er semsagt þarft og ekki svíkur tónlistin!

# Ekki bara snjall lagasmiður

**Fyrsta plata skosku söngkonunnar Emeli Sandé kemur út í næstu viku. Áhrifavaldar hennar eru Nina Simone, Aretha Franklin og Joni Mitchell.**

Emeli Sandé gefur í næstu viku út sína fyrstu plötu, Our Version of Events. Þessi 24 ára söngkona er rísandi stjarna í Bretlandi og bíða margir spenntir eftir því hvernig ferill hennar fer af stað.

Adele Emeli Sandé fæddist í Aberdeen í Skotlandi og var snemma hvött af sambískum föður sínum til að læra á hljóðfæri. Hún spilaði á klarinett og píanó og samdi einnig sín eigin lög og flutti. Hún lærði læknisfræði við háskólann í Glasgow en hætti á fjórða ári og ákvað að einbeita sér að tónlistarferlinum. Hún gerði samning sem lagahöfundur við stórfyrirtækið EMI og eftir að hafa hitt upptökustjórann Naughty Boy byrjuðu þau að vinna saman að nokkrum lögum. Eitt þeirra var Diamond Rings með enska rapparanum Chipmunk, þar sem Sandé var gestasöngvari. Lagið komst á topp tíu á breska vinsældarlistanum og vegur Sandé fór vaxandi. Hún hélt áfram að semja fyrir aðra tónlistarmenn, þar á meðal Cheryl Cole, Susan Boyle, Leona Lewis og Professor Green.

Á síðasta ári gerði Sandé svo annan samning við EMI og í þetta sinn var stefnan sett á hennar fyrstu sólóplötu, sem núna er að líta dagsins ljós. Sandé, sem ákvað að losa sig við Adele-nafnið eftir að Adele sló í gegn, er góð söngkona en þrátt fyrir það bjóst hún ekki við því að fá tækifæri til að syngja sitt eigið efni. Hún óttaðist að festast í hlutverki lagahöfundar en miðað við smáskífulögin sem hún hefur sent frá sér, þar á meðal Heaven, er ljóst að þarna er á ferðinni áhugaverð söngkona með sérstakan stíl þar sem blandað er saman R&B, djassi og sálartónlist. Helstu áhrifavaldar hennar eru Nina Simone og Aretha Franklin, auk þess sem Massive Attack og Joni Mitchell hafa verið nefnd til sögunnar.

Í lok síðasta árs var tilkynnt um að Sandé hefði hlotið hin virtu gagnrýnendaverðlaun Brit-verðlaunanna en hátíðin sjálf verður haldin síðar í þessum mánuði. Hún hefur einnig verið tilnefnd sem besti nýi flytjandinn og keppir þar við Anna Calvi, Ed Sheeran, Jessie J og bresk-íslensku rokkarana í The Vaccines. **freyr@frettabladid.is**



NORDICPHOTOS/GETTY

## ÁHRIFAVALDURINN NINA SIMONE

Hin bandaríska Nina Simone er einn helsti áhrifavaldur Emeli Sandé. Simone var söngkona, píanisti og lagahöfundur sem var þekktust fyrir djassstandarda sína. Auk þess barðist hún fyrir mannréttindum blökkumanna í Bandaríkjunum. Meðal þekktustu laga sem hún flutti á ferli sínum voru Don't Let Me Be Misunderstood, Feeling Good, My Baby Just Cares For Me, I Put a Spell on You, Ne Me Quitte Pas og Wild is the Wind. Simone lést árið 2003, sjötug að aldri.



**NINA SIMONE**




FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS

FRÉTTIR VIÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN LÍFIÐ SJÓNVARP

TAKTU VÍSI Á HVERJUM MORGNI!




## LAGALISTINN

Vikuna 2. febrúar - 8. febrúar 2012

| | Sæti | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | Of Monsters And Men | *Lakehouse* |
| ▲ | 2 | The Black Keys | *Lonely Boy* |
| ▲ | 3 | Retro Stefson | *Qween* |
| ▶ | 4 | Lana Del Ray | *Born To Die* |
| ▼ | 5 | Gotye / Kimbra | *Somebody I Used To Know* |
| ▲ | 6 | Lana Del Ray | *Video Games* |
| ▲ | 7 | Hjálmar | *Borð fyrir tvo* |
| ▼ | 8 | Foster The People | *Call It What You Want* |
| ▲ | 9 | Ed Sheeran | *Lego House* |
| ▲ | 10 | Of Monsters And Men | *King And Lionheart* |

## TÓNLISTINN

Vikuna 2. febrúar- 8. febrúar 2012

| | Sæti | Flytjandi | Plata |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | Mugison | *Haglél* |
| ▶ | 2 | Valgeir Guðjónsson | *Spilaðu lag fyrir mig* |
| ▶ | 3 | Of Monsters And Men | *My Head Is An Animal* |
| * | 4 | Kiri Te Kanawa | *Very Best Of* |
| ▼ | 5 | Adele | *21* |
| ▲ | 6 | Friðrik Karlsson & María Ellingsen | *Jóga* |
| ▲ | 7 | Sólstafir | *Svartir sandar* |
| ▼ | 8 | Helgi Björnsson | *Íslenskar dægurperlur í Hörpu* |
| ▼ | 9 | Sigurður Guðm. og Sigríður Thorl. | *Ásamt Sinfó* |
| ▲ | 10 | Úr Leikriti | *Dýrin í Hálsaskógi* |

**Skýringar:**

▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku * Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum:** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, Kaninn, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum:** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elkó, tonlist.is

HÚSGAGNAHÖLLIN



NÝ SENDING AF AMERÍSKUM SÓFUM

# SÓFA-DAGAR!

## 20% afsláttur af öllum sófum!

Tilboðin gilda til 18. febrúar

**Breyttur opnunartími:**
Virka daga 10-18
laugardaga 12-18
Lokað á sunnudögum



**HÚSGAGNAHÖLLIN** • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • sími 585 7200 **OPIÐ** Virka daga 10-18 laugard. 12-18 sunnud. Lokað.

## > KLIPPTI ÚT DÓTTUR SÍNA

Tónlistarkonan og nú leikstjórinn Madonna klippti dóttur sína, Lourdes, út úr mynd sinni W.E. Madonna fékk Lourdes, sem er 17 ára gömul, til að hoppa inn í lítið hlutverk í myndinni en klippti svo atriðið út á síðustu stundu. „Ég veit að það var ósanngjarnt af mér að pína hana í að taka að sér hlutverkið og klippa hana svo út. Hún tók þessu samt öllu saman vel,“ segir Madonna í viðtali við MTV og útilokar ekki að setjast aftur í leikstjórastólinn.

# bíó

bio@frettabladid.is



# Ævintýri og spenna um helgina

Sex myndir verða frumsýndar í bíóhúsunum um helgina, fimm á morgun og ein á laugardag.

Denzel Washington og Ryan Reynolds leika aðalhlutverkin undir leikstjórn Daniels Espinosa í bíómyndinni Safe House. Einn hættulegasti liðhlaupi CIA (Washington) er gómaður og komið fyrir í afdrep þar sem ungur CIA fulltrúi (Reynolds) er látinn sitja yfir honum. Þegar málaliðar ráðast á húsið neyðast þeir til að taka höndum saman og flýja.

Myndin Shame, með Michael Fassbender og Carey Mulligan í aðalhlutverkum, fjallar um farsælan mann í New York sem glímir við kynlífsfíkn. Hann missir stjórn á tilveru sinni þegar systir hans kemur í heimsókn til hans. Fjölskyldumyndin Skrímsli í París fjallar um skrímsli sem gengur lausum hala í París og veldur mikilli hræðslu. Í ljós kemur að aðeins sé um ofvaxna en meinlausa fló að ræða og taka nokkrir einstaklingar sig saman um að bjarga henni frá vægðarlausum og metorðagjörnum lögreglustjóranum.

Síðast en ekki síst verður Star Wars Episode I: The Phantom Menace frumsýnd í 3D á morgun. Til stendur að sýna allar Star Wars myndirnar sex í þrívídd á næstu sex árum, í réttri röð.

Á laugardaginn frumsýna Sambíóin svo óperuna Götterdämmerung í leikstjórn Roberts Lepage. Um er að ræða lokin á Niflungahring Wagners með Ragnarökum.



**SPENNUMYNDIN SAFE HOUSE** fjallar um flótta glæpamanns og CIA fulltrúa undan málaliðum.

## KVIKMYNDARÝNI



★★★★☆
**CHRONICLE**
Fínasta skemmtun en við sjóndeildarhringinn sé ég flóðbylgju af ömurlegum framhaldsmyndum.

★★☆☆☆
**WAR HORSE**
Kvikmyndir fyrir börn eru af hinu góða en barnaleg kvikmyndagerð er það ekki. War Horse er snotur en alveg innantóm.

★☆☆☆☆
**QAQQAT ALANNGUI**
Klúður frá A til Ö. Það góða er þó það að Grænlendingar munu ekki eiga í neinum vandræðum með að toppa þetta.

★★★☆☆
**THE GREY**
Hörkuspennandi fjallatryllir sem nær þó litlu dramatísku flugi. - hva

# HRÍFANDI ÆVINTÝRI UM HUGO

**Dramatísku ævintýramyndinni um munaðarlausa drenginn Hugo hefur verið vel tekið vestanhafs en hún hlaut flestar tilnefningar til Óskarsverðlauna á dögunum. Myndin verður frumsýnd hér á landi á morgun.**

Myndin Hugo gerist í París á fjórða áratug síðustu aldar og er dramatísk ævintýramynd sem spilar á tilfinningaskalann. Myndin er sú fyrsta sem leikstjórinn frægi Martin Scorsese tekur í þrívídd en honum líkaði tæknin vel. „Mér fannst þrívíddin mjög áhugaverð vegna þess hve mikið hún sýnir af tilfinningum leikaranna. Hver einasta hreyfing og hverri einustu hugsun er mun betur fylgt eftir með hjálp tækninnar.“

Myndin er byggð á metsölubók Brians Selznick og fjallar um hinn tólf ára gamla Hugo Cabret sem neyðist til að flytja til drykkfellds frænda eftir að faðir hans fellur frá. Frændinn vinnur við að laga klukkuna á aðallestarstöð borgarinnar en lætur sig skyndilega hverfa og verður Hugo því einn síns liðs á lestarstöðinni. Hann kemur sér fyrir í veggjum stöðvarinnar og stelur sér mat. Þar vinnur hann að sínu metnaðarfyllsta verkefni, að laga vélmenni sem faðir hans byggði. Hugo kynnist jafnaldra sínum Ísabellu og saman reyna þau að leysa ráðgátuna um vélmennið en Hugo er handviss um að vélmennið geymi mikilvæg skilaboð til hans frá föðurnum.



**VÉLMENNIÐ OG HUGO** Myndin um munaðarleysingjann Hugo er sú fyrsta sem Martin Scorsese gerir í þrívídd en myndin hefur hlotið mikið lof og ellefu tilnefningar til Óskarsverðlauna.

Myndin hefur fengið góðar viðtökur gagnrýnenda og hlaut flestar tilnefningar til Óskarsverðlauna eða ellefu talsins, meðal annars sem besta myndin og besti leikstjórinn. Scorsese hlaut einmitt Golden Globe-verðlaunin á dögunum fyrir bestu leikstjórn í Hugo.

Gagnrýnendur ausa myndina lofi og hafa blöð eins og Time, New York Daily News og Hollywood Reporter gefið myndinni fullt hús stiga. Gagnrýnandi Empire segir myndina vera einstakt sjónarspil fyrir börn jafnt sem fullorðna.

## NÝJAR STJÖRNUR

Leikararnir Asa Butterfield og Chloë Grace Moretz fara með hlutverk Hugo og Ísabellu í myndinni en bæði fylla þau 15 ár á árinu. Þau eru ungar og efnilegar stjörnur í kvikmyndabransanum. Butterfield er hvað þekktastur fyrir leik sinn í myndunum The Boy in the Striped Pyjamas og Nanny McPhee. Moretz er bæði þekkt fyrir góðan leik sinn og framúrskarandi fatastíl en hún sló í gegn í myndinni Kick Ass sem var frumsýnd árið 2010.

Með önnur hlutverk í Hugo fara Ben Kingsley, Sascha Baron Cohen, Emily Mortimer og Jude Law.







FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS




CNN er fáanlegt í 2 FJÖLVARP ALLT 2 FJÖLVARP FRÆÐSLA 2 FJÖLVARP TOPPUR


# Hinn frábæri köngulóarmaður

**Nýju sýnishorni af myndinni The Amazing Spider-Man hefur verið lekið á netið en myndin verður frumsýnd í sumar. Um fjórðu Spiderman-myndina er að ræða en leikarinn ungi, Andrew Garfield, tekur við af Tobey Maguire sem köngulóarmaðurinn knái undir leikstjórn Marcs Webb.**

**Emma Stone leikur á móti Garfield í myndinni en hennar hlutverk var mjög eftirsóknarvert og þurfti hún að berjast um það við leikkonur á borð við Lindsay Lohan, Ashley Green, Emmu Roberts og Hilary Duff.**

**Það er öllu tjaldað til í myndinni, sem þykir hraðari og með meiri tæknibrellum en fyrirrennarar hennar. Hinn breski Rhys Ifans leikur óþokkann í myndinni, prófessorinn Curt Connors sem getur stökkbreyst í eðlu en Ifans leikur öll sín áhættuatriði sjálfur. Myndin The Amazing Spider-Man er líkleg til að hreppa hnossið sem sumarmynd ársins 2012.**



ANDREW GARFIELD

EMMA STONE



**KLÁR Í SLAGINN** Jaden Smith ætlar að endurtaka hlutverk sitt í The Karate Kid 2.

# Karate Kid 2 væntanleg

**Jaden Smith, sonur leikaranna Wills Smith og Jada Pinkett-Smith, ætlar að leika í framhaldi The Karate Kid.**

**Smith litli lék á móti Jackie Chan í fyrstu myndinni sem kom út 2010. Bíógestir flykktust á myndina og á endanum rakaði hún inn rúmum fjórutíu milljörðum króna í aðsóknartekjur í heiminum öllum. Að sjálfsögðu vilja peningamennirnir í Hollywood aðra mynd og núna stytt-ist í að hún verði tekin upp með Smith og Chan aftur í aðalhlutverkum.**

**The Karate Kid var ný útgáfa af upphaflegu myndinni sem kom út 1984 með Ralph Macchio í aðalhlutverki.**

# Elizabeth Arden

Byrjaðu strax í dag, gefðu húðinni aukið vítamín
og hún viðheldur **æskuljóma sínum.**

**Ceramide** Gold
ambúlurnar
gefa húðinni
aukið “boost”

Kröftug og áhrifarík
meðferð fyrir andlit og háls.



**Ceramide** Gold
ambúlur fyrir
augnsvæðið, með
hjálp náttúrulegra
efna þéttist húðin
og lyftist.

## Kynning á vörum frá Elizabeth Arden

í verslunum Hagkaups dagana 9.-15. febrúar.

Glæsilegar gjafaöskjur á góðu verði, tilvaldar fyrir Valentínusardaginn eða í fermingar-pakkann. Sérfræðingar okkar verða á staðnum og veita sérstaka ráðgjöf í Ceramide kremlínunni frá Elizabeth Arden.

**GLÆSILEGUR KAUPAUKI Í GULL LÍNUNNI FRÁ ELIZABETH ARDEN AÐ VERÐMÆTI 11.900.-**

- Ceramide Gull ambúlur vikukúr, vítamín bomba fyrir húðina.
- Ceramide “ultra lift and firm” dagkrem.
- Ceramide kornamaski slípar húðina svo hún verður silkimjúk á eftir.
- Glæsileg gullituð snyrtitaska frá Elizabeth Arden.



**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*



44 **TÍSKUSÝNINGAR** fóru fram á tískuvikunni í Kaupmannahöfn en auk þess sýna fjölmargir hönnuður fatnað sinn á sölusýningum víðs vegar um borgina. Danski hönnuðurinn Henrik Vibskov var meðal þeirra sem sýndu en sýningar hans er vanalega með óvanalegu sniði.



STINE GOYA

MALENE BIRGER

# Litrík hausttíska að mati Dana

**TÍSKA** Kaupmannahöfn fylltist af tískuunnendum um helgina þegar tískuvikan fór fram hjá frændum okkar í Danmörku. Dönsk merki á borð við Malene Birger, Bruuns Bazaar og Henrik Vibskov sýndu komandi hausttísku, sem var litríkari í ár en oft áður. Litir á borð við appelsínugulan, gulan, grænan og bláan voru áberandi í annars einföldum og víðum sniðum. Jakkafatabuxur, litríkar skyrtur og þykkar prjónapeysur verða haustflíkurnar í ár ef marka má Danina, sem oftast eru með puttana á púlsinum þegar kemur að fatatískunni.

alfrun@frettabladid.is



HENRIK VIBSKOV



GESTUZ



BRUUNS BAZAAR



VELOUR



SPON DIOGO



VERONICA B VALLENES



# Don Juan nútímans

Leikarinn ungi Joseph Gordon-Levitt stefnir nú að gerð myndar þar sem hann leikur aðalhlutverkið, leikstýrir og skrifar handritið. Myndin hefur enn ekki hlotið nafn en Gordon-Levitt segir hana koma til með að vera gamanmynd um mann sem er eins konar Don Juan nútímans.

Scarlett Johansson leikur á móti honum, en áætlað er að hefja tökur í apríl. Þetta er frumraun Gordon-Levitts í að leikstýra stórmynd, en hann hefur verið iðinn við að leikstýra stuttmyndum á síðustu árum og segir hann það eiga stóran þátt í því hversu öruggur hann er að takast á við þetta verkefni.



**FJÖLHÆFUR** Joseph Gordon-Levitt mun skrifa handritið, leikstýra og leika aðalhlutverkið í nýrri mynd.

# Chick Corea í Hörpu

Bandaríski djasspíanistinn Chick Corea, sem er sextánfaldur Grammy-verðlaunahafi, spilar í Eldborgarsal Hörpunnar 24. apríl. Með honum á sviðinu verður víbrafónmeistarinn Gary Burton, sem er einnig margfaldur Grammy-verðlaunahafi og hafa þeir félagar hlotið fern Grammy í sameiningu.

Corea, sem er sjötugur, hefur 51 sinni verið tilnefndur til Grammy-verðlauna á farsælum ferli sínum. Hann spilaði með kvintett Miles Davis á sjöunda áratugnum og þykir einn af áhrifamestu djasspíanóleikurum seinni ára.

Miðasala á tónleikana hefst 21. febrúar kl. 12.



**TIL ÍSLANDS** Bandaríski djasspíanistinn Chick Corea er á leiðinni til Íslands.



**M.I.A.** Svo gæti farið að M.I.A. þurfti að borga sekt vegna hegðunar sinnar.

## Sektuð fyrir löngutöng

**Söngkonan M.I.A. gæti þurft að borga sekt eftir að hún sýndi sjónvarpsáhorfendum löngutöng í hálfleik Ofurskálarinnar í Bandaríkjunum. Fari svo að NFL-deildin verði sektuð vegna athæfisins verður það M.I.A. sem þarf að borga brúsann, samkvæmt samningi sem hún undirritaði. NBC hefur þegar beðist afsökunar á hegðun M.I.A., sem steig á svið ásamt Madonnu og Nicki Minaj.**

**Árið 2004 var sjónvarpsstöðin NBC skikkuð til að borga hátt í sjötíu milljón króna sekt eftir að annað brjóst Janet Jackson afhjúpaðist á tónleikum hennar og Justins Timberlake í hálfleik Ofurskálarinnar.**

## Drengur fæddur

**Exton Elias Downey heitir glænýr sonur Roberts Downey Jr. og konu hans, Susan Downey. Drengurinn er við hestaheilsu og litla fjölskyldan er sögð í skýjunum yfir þessari nýju viðbót sem kom í heiminn síðastliðinn þriðjudag.**

**Litli Exton Elias er fyrsta sameiginlega barn þeirra hjóna, sem hafa verið gift í 7 ár. Fyrir á Robert þó soninn Indio, 18 ára, með fyrrum eiginkonu sinni Deborah Falconer.**



**ROBERT DOWNEY JR. OG SUSAN DOWNEY EIGNUÐUST SON Á ÞRIÐJUDAG.**




# Vill ekki krónu frá Katy

Katy Perry var brosmild á Super Bowl um helgina en ástæðan ku vera sú að fyrrum eiginmaður hennar Russell Brand vill enga peninga frá henni þó að hann eigi rétt á um 20 milljónum dollara.

Tónlistarkonan Katy Perry kom í fyrsta sinn fram opinberlega um helgina eftir skilnaðinn við leikarann Russell Brand. Perry söng í eftirpartýi eftir Super Bowl-fótboltaleikinn og skemmti sér hið besta með stuðnings- og leikmönnum sigurliðsins, Giants.

Ástæðan fyrir brosi Perry var líklegast sú að Brand hefur ákveðið að taka ekki krónu af auðæfum söngkonunnar en síðustu skilnaðarpappírarnir voru undirritaðir á dögunum. Þegar þau gengu í hjónaband fyrir rúmlega ári var enginn kaupmáli undirritaður og á Brand því rétt á helmingi af launum Perry á tímabilinu sem þau voru gift.

Perry græddi um 40 milljónir dollara á síðasta ári samkvæmt Forbes og fúlsaði Brand því við 20 milljónum dollara í vasann en hans laun voru miklu minni á árinu sem leið. Fjölmiðlar vestanhafs telja ástæðuna fyrir því að Brand ákveði að láta kyrrt liggja sé að hann vilji ganga frá skilnaðinum hið fyrsta og halda áfram. Hann hefur víst augastað á leikkonunni Zooey Deschanel en hún hefur ávallt þótt mjög lík Perry.



**BROSTI ÚT AÐ EYRUM** Katy Perry er ánægð yfir að fá að halda öllum sínum milljónum við skilnaðinn við Russell Brand. NORDICPHOTOS/GETTY

# Kröftug innkoma hjá Helga

Tónlist ★★★★☆

**Kominn heim**

Helgi Júlíus



Tónlist ★★★☆☆

**Haustlauf**

Helgi Júlíus



Helgi Júlíus Óskarsson bjó í Bandaríkjunum og starfaði sem hjartalæknir í 25 ár. Hann keypti sér upptökutæki fyrir nokkrum árum og hefur síðan samið mikið af lögum og textum. Eftir að hann flutti heim til Íslands hefur hann svo verið að taka þau upp til útgáfu. Fyrsta plata Helga, Sun for a Lifetime, kom út 2010, en þær tvær sem hér eru til umfjöllunar komu út með stuttu millibili nýlega, Haustlauf í lok síðasta árs og Kominn heim í janúar.

Haustlauf er þjóðlagaskotin poppplata. Svavar Knútur syngur flest lögin á henni, en á meðal hljóðfæraleikara eru Bensínbræður, Börkur og Daði Birgissynir. Það eru mörg fín lög á Haustlaufum. Svavar Knútur syngur þau vel og útsetningarnar, sem Svavar sá um líka, eru smekklegar. Helgi Júlíus syngur nokkur laganna einn eða með Svavari og kemst ágætlega frá því. Textarnir eru flestir stemmur um náttúruna og lífið. Þetta er róleg og þægileg plata. Það er ekkert vont lag á Haustlauf, sem léttleikandi orgelleikur setur svip á, er í mestu uppáhaldi hjá mér.



HELGI JÚLÍUS

Kominn heim er mjög ólík plata. Á henni er reggítónlist og textarnir eru tengdari stað og stund. Titillagið Kominn heim er t.d. kveðja Helga til Bandaríkjanna og Stöndum saman er beinskeytt en jákvætt uppgjör á hruninu. Eins og á Haustlaufum er valinn maður í hverju rúmi. Valdimar Guðmundsson syngur flest lögin, Kristinn Snær Agnarsson, fyrrum trommuleikari Hjálma, sér um útsetningarnar og hljóðfæraleikarar, auk hans, eru Ingi Björn Ingason bassaleikari, Ómar Guðjónsson gítarleikari, Daði Birgisson hljómborðsleikari og Ari Bragi Kárason trompetleikari.

Kominn heim er frábær plata. Hún sýnir að Íslendingar eru alveg búnir að læra að spila reggí og hún sýnir að Helgi Júlíus er mjög liðtækur laga- og textasmiður. Valdimar syngur vel, eins og áður, og hljóðfæraleikararnir eiga góð tilþrif. Lögin eru misgóð, en þau bestu eru hrein snilld. Kominn heim, Þú ert mín, Mig langar til og Eldfjöll og ísar eru öll flott, en best er samt Stöndum saman. Reggítónlist hefur oft í sögunni fengið það hlutverk að koma samfélagslegum boðskap til skila. Stöndum saman passar vel inn í þá hefð.

Á heildina litið má segja að Helgi Júlíus komi inn á íslensku tónlistarsenuna með stæl. Báðar þessar plötur eru góðra gjalda verðar, en Kominn heim er samt töluvert betri. **Trausti Júlíusson**

**Niðurstaða:** Hjartalæknirinn Helgi Júlíus með tvær fínar plötur





SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| ONE FOR THE MONEY | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| ONE FOR THE MONEY Luxus VIP | kl. 8 - 10:20 | 2D | VIP |
| MAN ON A LEDGE | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| CONTRABAND | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 2D | 16 |
| CONTRABAND Luxus VIP | kl. 5:40 | 2D | VIP |
| 50/50 | kl. 10:40 | 2D | 12 |
| PRÚÐULEIKARARNIR | kl. 5:40 | 2D | L |
| SHERLOCK HOLMES 2 | kl. 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | 3D | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| ONE FOR THE MONEY | kl. 8 | 2D | 12 |
| MAN ON A LEDGE | kl. 10:10 | 2D | 12 |
| SHERLOCK HOLMES 2 | kl. 10:30 | 2D | 12 |
| WAR HORSE | kl. 8 | 2D | 12 |

The Help — 4 TILNEFNINGAR TIL ÓSKARSVERÐLAUNA M.A. BESTA MYNDIN — TAKMARKAÐAR SÝNINGAR

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| ONE FOR THE MONEY | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| MAN ON A LEDGE | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| PRÚÐULEIKARARNIR m/ensk tali | kl. 5:40 | 2D | L |
| UNDERWORLD: AWAKENING | kl. 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| WAR HORSE | kl. 9 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| ONE FOR THE MONEY | kl. 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| WAR HORSE | kl. 5 - 8 - 10:50 | 2D | 12 |
| J. EDGAR | kl. 8 | 2D | 12 |
| SHERLOCK HOLMES 2 | kl. 10:45 | 2D | 12 |
| PRÚÐULEIKARARNIR | kl. 5:40 | 2D | L |
| THE HELP | kl. 5 | 2D | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| ONE FOR THE MONEY | kl. 8 | 2D | 12 |
| CHRONICLE | kl. 10:20 | 2D | 16 |
| SHERLOCK HOLMES 2 | kl. 10:10 | 2D | 12 |
| 50/50 | kl. 8 | 2D | 12 |

ALVÖRU FRÍÐINDI kynntu þér SAMbíóklúbbinn á SAMbio.is

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar — LAUGARÁS BÍÓ — www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075 — AUKAKRÓNUR 5%




LAUGARÁSBÍÓ — Sýningartímar

| | |
|---|---|
| CHRONICLE | 6, 8, 10 |
| THE GREY | 8, 10.25 |
| CONTRABAND | 5.50, 10.15 |
| THE IRON LADY | 5.50, 8 |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ midi.is




SMÁRABÍÓ — GLERAUGU SELD SÉR — 5%

| | | |
|---|---|---|
| CHRONICLE | KL. 4 - 6 - 8 - 10 | 12 |
| CHRONICLE LÚXUS | KL. 4 - 6 - 10.25 | 12 |
| THE GREY | KL. 8 - 10.30 | 16 |
| CONTRABAND | KL. 5.30 - 8 - 10.25 | 16 |
| THE DESCENDANTS | KL. 5.30 - 8 | L |
| UNDERWORLD / AWAKENING | KL. 10.30 | 16 |
| THE SITTER | KL. 6 | 14 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 3 | KL. 3.40 | L |
| STÍGVÉLAÐIKÖTTURINN 3D | KL. 3.40 | L |

HÁSKÓLABÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS — 5%

| | | |
|---|---|---|
| LISTAMAÐURINN | KL. 6 - 8 - 10 | L |
| ATHVARFIÐ | KL. 10 | L |
| STRÍÐSYFIRLÝSING | KL. 8 | L |
| SÉRSVEITIN | KL. 6 | L |
| BARNSFAÐIRINN | KL. 6 | L |
| ÖLD MYRKURSINS | KL. 8 | L |
| THE LADY | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| THE DESCENDANTS | KL. 10 | L |

BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| CHRONICLE | KL. 8 - 10 | 16 |
| THE GREY | KL. 10.10 | L |
| THE DESCENDANTS | KL. 6 | L |
| CONTRABAND | KL. 6 - 8 | 16 |

LYFJA – Lífið heil — www.lyfja.is

Spry tyggjó með 100% xylitoli

Spry minnkar hættuna á tannsteini.

Spry lækkar sýrustig í munni.

Spry styrkir tannglerunginn og seinkar eyðingu hans.

Spry kælir og minnkar munnþurrk.

Spry heldur munninum hreinum.



Fyrir þig í Lyfju

BÍÓ ★ PARADÍS

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is ■ Hluti af Europa Cinemas

**FIMMTUDAGUR:** A DANGEROUS METHOD 17:45, 20:00, 22:15 ■ *SKUGGARNIR Í FJÖLLUNUM* 20:00 ■ SUBMARINE 20:00, 22:00 ■ THIS MUST BE THE PLACE 17:50 ■ SUPERCLASICO 18:00, 22:00 ■ *ELDFJALL* 18:00 ■ MIDNIGHT IN PARIS 20:00, 22:15

ÍSL. TEXTI / *ENGLISH SUBTITLES.*

**NEMAR ATHUGIÐ:** 25% afsláttur af miðaverði gegn framvísun skólaskírteins!



# Hin eina sanna skósprengja

# í fullum gangi

## Allt að 90% afsláttur

Lágmarks-afsláttur 50%

**Opið**

virka daga milli kl. 11 og 18
laugardag milli kl. 11 og 16
sunnudag milli kl. 13 og 17

**VÖRUR FRÁ:**

STEINAR WAAGE SKÓVERSLUN KRINGLAN - SMÁRALIND

ecco Kringlan - Smáralind

Kaupfélagið Kringlunni - Smáralind

skór.is KRINGLAN • SMÁRALIND

Þú finnur okkur á: facebook

Toppskórinn Outlet

VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109

# sport

sport@frettabladid.is



**ICELAND EXPRESS-DEILD KARLA** fer aftur af stað í kvöld með fjórum leikjum. Topplið Grindavíkur sækir Tindastól heim, Þór Þorlákshöfn fær Njarðvík í heimsókn, ÍR ferðast í Stykkishólm og Valur tekur á móti Fjölni. Leikirnir hefjast klukkan 19.15.



**REDKNAPP** Getur farið að einbeita sér að fótboltanum á nýjan leik. Hér svarar hann spurningum blaðamanna. NORDIC PHOTOS/GETTY

Léttir fyrir Redknapp:

## Saklaus af öllum kæruliðum

**FÓTBOLTI** Niðurstaða er komin í réttarhöldum þeirra Harrys Redknapp og Milans Mandaric. Kviðdómur komst að þeirri niðurstöðu í gær að þeir væru saklausir af ákærum um skattsvik.

Redknapp var gefið að sök að hafa skotið greiðslum frá Milan Mandaric undan skatti þegar þeir störfuðu saman hjá Portsmouth. Redknapp var knattspyrnustjóri félagsins en Mandaric eigandi.

Greiðslan nam um 189 þúsund pundum og sagði Redknapp að um gjöf hafi verið að ræða og tengdist starfi hans hjá Portsmouth á engan hátt. Voru þeir lýstir saklausir í öllum ákæruatriðum og því lausir allra mála. Munu þeir hafa fallist í faðma þegar niðurstaðan var kunngjörð í dómsalnum.

„Þetta var martröð sem tók ekki enda fyrr en að fimm árum liðnum. Þetta mál hefði aldrei átt að fara fyrir rétt. Ég er bara ánægður með að mega fara heim,“ sagði Redknapp. Hann er knattspyrnustjóri Tottenham og getur einbeitt sér að því að sinna sínum störfum þar. - esá

N1-deild karla:

## Hafnarfjarðarslagur í kvöld

**HANDBOLTI** **Tvö efstu lið N1-deildar karla, Haukar og FH, munu eigast við í Hafnarfjarðarslag í Schenker-höllinni í kvöld en þá fer heil umferð fram í deildinni. Haukar steinlágu fyrir Val í síðustu umferð en eru engu að síður með þriggja stiga forystu á toppi deildarinnar.**

**Sex efstu lið deildarinnar berjast um fjögur laus sæti í úrslitakeppninni og mætast HK og Valur í mikilvægum leik í þeirri baráttu í kvöld. Leikirnir hefjast báðir klukkan 19.30.** - esá

# Söfnum fyrir stúkunni ef þess þarf

**Fylkismenn eru harðákveðnir í að spila heimaleiki sína í Pepsi-deild karla næsta sumar. Til þess þarf þó nýja stúku sem búið er að teikna. Óvíst er með þátttöku borgaryfirvalda í kostnaði við byggingu hennar.**

**FÓTBOLTI** Aðeins þrír mánuðir eru í að keppni í Pepsi-deild karla hefjist á ný og enn sem komið er eru stúkumál Fylkis enn óleyst. Félagið þarf að hefja framkvæmdir við byggingar á nýrri stúku til þess að fá keppnisleyfi á heimavelli sínum í Árbænum.

Björn Gíslason, formaður Fylkis, segir að teikningar séu tilbúnar og að nú standi yfir fjáröflunarvinna. Félagið sé í viðræðum við Reykjavíkurborg en setji það ekki fyrir sig að safna þeim peningi sem þarf fyrir stúkunni.

„Það er verið að leggja inn teikningar fyrir nýrri stúku og það er stefnt að því að hefja jarðvegsvinnu í næsta mánuði,“ sagði Björn sem segir félagið reiðubúið að hefja fjáröflun í hverfinu.

„Við ætlum að tala við einstaklinga og fyrirtæki í hverfinu. Við höfum gert athuganir og fengið mjög góð viðbrögð hingað til. Það er greinilegt að fólkið í hverfinu vill ekki missa Fylkisleikina úr Árbænum. Við ætlum okkur að spila á Fylkisvellinum í sumar og það er ekkert annað sem kemur til greina,“ segir Björn.

Fylkismenn eru enn í viðræðum við borgaryfirvöld og munu funda með þeim, ÍTR og KSÍ í dag vegna málsins. Björn er bjartsýnn á að viðræðurnar muni bera árangur.

**Undanþágufresturinn útrunninn**

„Við höfum þegar fundað með borgarstjóra, aðstoðarmanni hans og fulltrúum ÍTR. Við erum heldur bjartsýnni eftir þann fund heldur en hitt en þó er ekkert fast í hendi. Hvort við fáum einhver svör á næsta fundi verður að koma í ljós.“



**FORMAÐURINN OG STÚKAN** Björn Gíslason á Fylkisvellinum. Í bakgrunni er aðstaða fyrir áhorfendur eins og hún lítur út í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fylkir hefur verið á undanþágu í um áratug vegna leyfiskerfis KSÍ sem gerir þær kröfur að félög í efstu deild séu með yfirbyggða stúku fyrir áhorfendur. Nú er sá frestur runninn út og Fylkismenn þurfa því að grípa til aðgerða.

Grófar fjárhagsáætlanir sem gerðar voru fyrir rúmu ári gera ráð fyrir að stúkan muni kosta á bilinu 150-160 milljónir. Aðeins þrír mánuðir eru í að keppni í Pepsi-deild karla hefjist og ljóst að ný stúka mun ekki rísa á þeim tíma.

„Í mars munum við hefja jarðvegsvinnu og stækka núverandi áhorfendapalla til að bæta við sætum fyrir 300 áhorfendur í viðbót. Framkvæmdir liggja svo niðri á meðan tímabilið er í gangi og þær myndu svo hefjast aftur næsta haust,“ segir Björn og er vongóður um að Fylkir fái áfram undanþágu frá leyfiskerfinu fyrst framkvæmdir verði hafnar. „Ég hef orð fyrir því frá KSÍ.“

Hvort Reykjavíkurborg muni leggja til pening í byggingu stúkunnar og hversu mikinn á eftir að koma í ljós. En Björn segir að allt verði gert til að missa ekki heimaleiki félagsins úr hverfinu.

> Við ætlum okkur að spila á Fylkisvellinum í sumar og ekkert annað kemur til greina.
>
> **BJÖRN GÍSLASON**
> FORMAÐUR FYLKIS

**Mikil hverfisvitund í Árbænum**

„Í hvert sinn sem Fylkir spilar á heimavelli verður lítil hátíð í hverfinu. Það er mikil hverfisvitund á meðal íbúanna og mikill stuðningur við félagið.“

Keppni í Pepsi-deild karla hefst 6. maí næstkomandi og er áætlað að Fylkismenn taki á móti Keflvíkingum á heimavelli sínum í Árbænum strax í fyrstu umferð.

eirikur@frettabladid.is

### Framkvæmdir hafnar í Eyjum

Fylkir var ekki eina félagið á undanþágu frá leyfiskerfi KSÍ vegna aðstöðu áhorfenda. ÍBV átti það á hættu að missa heimaleiki sína frá Vestmannaeyjum en er nú komið af stað í sínum framkvæmdum.

„Það er búið að grafa og er verið að setja undirlag. Svo verður byrjað að reisa eftir helgi,“ sagði Óskar Örn Ólafsson, formaður knattspyrnudeildar ÍBV. Hann bindur vonir við að fyrsta áfanga framkvæmdanna verði lokið þegar keppni hefst í Pepsi-deild karla í maí.

Sá áfangi gerir ráð fyrir að sæti í yfirbyggðri stúku verði 470 talsins og að hann kosti 47 milljónir króna. Félagið fékk styrk frá KSÍ, Vestmannaeyjabæ og fyrirtækjum í bænum fyrir kostnaðinum. Félagið áætlar að ljúka við bygginguna á næstu árum en Óskar segir að fyrsti áfanginn dugi til að uppfylla kröfur leyfiskerfis KSÍ í bili. Auk nýju stúkunnar eru nú þegar sæti fyrir 525 manns í óyfirbyggðri stúku hinum megin við völlinn.



## ÁMI FIMMTUGUR



....á árum áður stundaði Ámundi tímabundið módelstörf....

**Í dag er Ámundi Sigmundsson fimmtugur.**
**Líkt og margir vita þá er Ámundi mikill golfari og áhuginn mikill þó það komi ekki fram í forgjöfinni.**
**Fyrir mjög mörgum árum lék Ámundi knattspyrnu með Val við góðan orðstír.**
**Nú dvelur Ámundi við skíðaæfingar á Ítalíu ásamt konu sinni.**
**Takk fyrir öll árin Ámundi okkar.**
**Stjórnin**


Ágúst Þór Jóhannsson með tilboð frá Odense en framtíðin alveg óráðin:

# Útiloka ekki að koma bara heim

**HANDBOLTI** „Ég er með tilboð frá Odense í Danmörku að þjálfa kvennaliðið þar og verð að svara því fljótlega. Það er ágætlega spennandi og svo hafa verið fyrirspurnir frá karla- og kvennaliðum í Skandinavíu. Það er samt ekkert sem ég er hoppandi spenntur fyrir,“ sagði Ágúst Þór Jóhannsson, landsliðsþjálfari kvenna og þjálfari norska liðsins Levanger.

Ágúst Þór lætur af störfum hjá norska félaginu í lok tímabilsins og gæti allt eins farið svo að hann komi aftur heim til Íslands.

„Við fjölskyldan þurfum að fara yfir stöðuna og við útilokum ekki að koma bara heim. Okkur langar alveg að vera úti en við ætlum ekki að vera úti bara til að vera úti. Það verður eitthvað spennandi að koma upp.“

Kvennalandsliðið náði eftirtektarverðum árangri á HM í Brasilíu í desember. Hefur sá árangur ekki skilað Ágústi neinu? „Jú, það hefur skilað fjölda fyrirspurna en markaðurinn er erfiður og það eru ekki mörg störf að losna. Ég gæti eflaust djöflast og fengið eitthvað einhvers staðar. Það er samt líka spennandi að koma heim og vinna með landsliðið á fullu enda spennandi tímar fram undan þar,“ sagði Ágúst en hann hafði ekki gert upp við sig hvort það yrði við hæfi að þjálfa félagslið hér heima samhliða starfi landsliðsþjálfara. - hbg



**Á MARKAÐNUM** Ágúst Þór er með eitt tilboð í höndunum sem stendur en hefur fengið fjölda fyrirspurna að eigin sögn. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

COOLER MASTER · ASUS · acer · ace · msi · Seagate · SanDisk · MANHATTAN · CORSAIR
Logitech · Sarotech · TOSHIBA · SAMSUNG · RAZER · WACOM · PHILIPS · WD

# STÓRÚTSALA

## ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR

FARTÖLVUR • SKRIFARAR • HARÐIR DISKAR • TURNKASSAR
FARTÖLVUTÖSKUR • MÝS • SKJÁKORT • SÝNINGAREINTÖK
MÓÐURBORÐ • FLAKKARAR • PRENTARAR • NETBÚNAÐUR
• HÁTALARAR • MP3 SPILARAR • VIFTUR
• SJÓNVARPSFLAKKARAR
STÝRIPINNAR •
TÖLVUSKJÁIR • SKANNAR •
MARGMIÐLUNARSPILARAR • HLJÓÐNEMAR •
MINNISLYKLAR • KAPLAR • HLJÓÐKORT • VEFMYNDAVÉLAR
SPJALDTÖLVUR • LEIKJAMÝS • ÚTLITSGALLAÐ

## SÍÐUSTU DAGARNIR!

ADEINS 3 DAGAR EFTIR!

EINA ÚTSALA ÁRSINS!

ÓTRÚLEG VERÐ!

tl.is

TÖLVU LISTINN




OPNUNARTÍMI:
Virka daga 9-18
Laugardaga 11-16

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | MIÐVANGI 2-4 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | Sími 414 1750 |

## ÚRSLIT

### Eimskipsbikar kvenna:

**Valur-Stjarnan 35-28**
Valur Mörk (skot): Hrafnhildur Ósk Skúladóttir 8/2 (8/2), Þorgerður Anna Atladóttir 8 (12), Anna Guðmundsdóttir 5 (6), Dagný Skúladóttir 3 (3), Ágústa Björnsdóttir 3 (4), Karólína Bærhenz Lárudóttir 3 (4), Kristín Guðmundsdóttir 2 (6/1), Nataly Valencia 1 (1), Aðalheiður Hreinsdóttir 1 (2), Ragnhildur Guðmundsdóttir 1/1 (3/1)
Varin skot: Guðný Ásmundsdóttir 20/1 (41/2, 49%), Sunneva Einarsdóttir 4/1 (11/4, 36%),
Stjarnan Mörk (skot): Rut Steinsen 7 (15), Esther Viktoría Ragnarsdóttir 4 (7), Sandra Sif Sigurjónsdóttir 3 (3), Þórhildur Gunnarsdóttir 3/1 (6/1), Hanna Guðrún Stefánsdóttir 3/1 (7/2), Jóna Margrét Ragnarsdóttir 3/1 (9/1), Sólveig Lára Kjærnested 2 (3), Guðrún Hrefna Guðjónsdóttir 2/1 (6/2), Arna Dýrfjörð 1 (2
Varin skot: Helga Dóra Magnúsdóttir 5 (14/2, 36%), Kristín Ósk Sævarsdóttir 5/1 (31/2, 16%),

**ÍBV-FH 24-13 (12-7)**
Mörk ÍBV: Grigore Ggorgata 6, Ivana Mladenovic 3, Rakel Hlynsdóttir 3, Ester Óskarsdóttir 3, Mariana Trbojevic 3, Guðbjörg Guðmannsdóttir 2, Aníta Elíasdóttir 2.
Mörk FH: Ingibjörg Pálmadóttir 4, Berglind Ósk Björgvinsdóttir 3, Birna Íris Helgadóttir 2, Steinunn Guðjónsdóttir 1, Kristrún Steinþórsdóttir 1, Steinun Snorradóttir 1, Sigrún Jóhannsdóttir 1.
***Það verða því Valur og ÍBV sem leika til úrslita í bikarkeppninni.***

### IE-deild kvenna:

**Valur-Njarðvík 100-81**
Valur: Melissa Leichlitner 23, Lacey Katrice Simpson 19, Unnur Lára Ásgeirsdóttir 16, Guðbjörg Sverrisdóttir 13, Kristrún Sigurjónsdóttir 12, María Ben Erlingsdóttir 11, Þórunn Bjarnadóttir 2.
Njarðvík: Lele Hardy 26, Shanae Baker-Brice 22, Ólöf Helga Pálsdóttir 12, Salbjörg Sævarsdóttir 8, Sara Dögg Margeirsdóttir 5, Erna Hákonardóttir 3.

**Fjölnir-Snæfell 88-90**
Fjölnir: Brittney Jones 38, Katina Mandylaris 28, Erla Sif Kristinsdóttir 13, Bergdís Ragnarsdóttir 4, Birna Eiríksdóttir 3, Hugrún Eva Valdimarsdóttir 2.
Snæfell: Kieraah Marlow 32, Alda Leif Jónsdóttir 20, Jordan Lee Murphree 16, Hildur Björg Kjartansdóttir 8, Ellen Alfa Högnadóttir 6.

**Haukar-Hamar 72-66**
Haukar: Hope Elam 17, Jence Ann Rhoads 15, Íris Sverrisdóttir 13, Guðrún Ósk Ámundardóttir 11, Margrét Rósa Hálfdánardóttir 10.
Hamar: Katherine Virginia Graham 22, Samantha Murphy 17, Marín Laufey Davíðsdóttir 10, Fanney Lind Guðmundsdóttir 8, Jenný Harðardóttir 4.

**Keflavík-KR 70-56**
Keflavík: Jaleesa Butler 21, Pálína Gunnlaugsdóttir 18, Birna Ingibjörg Valgarðsdóttir 12, Sara Rún Hinriksdóttir 10, Shanika Chantel Butler 5.
KR: Margrét Kara Sturludóttir 18 Hafrún Hálfdánardóttir 12, Erica Prosser 10, Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 6, Bryndís Guðmundsdóttir 5.

### Enski bikarinn:

**Middlesbrough-Sunderland 1-1**

England þjálfaralaust:

## Capello hættur

**FÓTBOLTI** Fabio Capello sagði í gær af sér sem landsliðsþjálfari Englands. Ítalinn hætti eftir átakafund með forkólfum enska knattspyrnusambandsins.

Sambandið fór fram á að fyrirliðabandið yrði tekið af John Terry. Capello var því mótfallinn og gaf sig greinilega ekki á fundinum því hann er hættur.

Harry Redknapp, stjóri Spurs, er sterklega orðaður við starfið en England fer á EM í sumar. **- hbg**

Guðjón Valur Sigurðsson hefur skrifað undir tveggja ára samning við þýska stórliðið Kiel:

# Guðjón Valur og Alfreð sameinast á ný

**HANDBOLTI** Þýska stórliðið Kiel staðfesti í gær að Guðjón Valur Sigurðsson hefði skrifað undir tveggja ára samning við félagið. Hann gengur formlega til liðs við það í sumar þegar samningur hans við AG Kaupmannahöfn rennur út.

„Ég hafði alltaf óskað mér þess að spila einn daginn með Kiel,“ sagði Guðjón Valur á heimasíðu félagsins í gær. „Loksins gekk það eftir. Ég hlakka mikið til að koma til Kiel, spila í Sparkassen-Arena og fyrir stuðningsmennina.“

Klaus Elwardt er framkvæmdastjóri Kiel og sagði þetta góðar fréttir fyrir félagið. „Guðjón Valur er góður drengur og leikmaður í heimsklassa. Hann passar vel inn í okkar lið og leikskipulag þess. Hann var efstur á óskalista okkar og við vorum efstir á óskalista hans. Þetta passar því vel saman.“

Guðjón Valur varð á dögunum bikarmeistari með AGK en liðið er sem stendur í efsta sæti dönsku úrvalsdeildarinnar og svo gott sem komið áfram í 16-liða úrslit Meistaradeildar Evrópu.

Hann hóf atvinnumannaferil sinn árið 2001 er hann gekk til liðs við Essen í Þýskalandi. Þaðan fór hann til Gummersbach þar sem hann lék til að mynda undir stjórn Alfreðs Gíslasonar, núverandi þjálfara Kiel. Guðjón Valur fór árið 2008 til Rhein-Neckar Löwen og þaðan í sumar til Danmerkur.

Aron Pálmarsson leikur með Kiel sem trónir á toppi þýsku úrvalsdeildarinnar með fullt hús stiga. Guðjóni Val er ætlað að fylla í skarð Henriks Lundström sem fer frá liðinu í sumar. **- esá**



**GUÐJÓN VALUR** Hér í íslenska landsliðsbúningnum á EM í Serbíu í síðasta mánuði. MYND/VILHELM

# Bíð ekki í vöggunni eftir snuddunni

**Framtíð línumannsins Kára Kristjáns Kristjánssonar er óráðin. Kári hefur leikið mjög vel fyrir félag sitt, Wetzlar, í vetur og félagið vill halda honum. Samningar hafa þó ekki tekist milli Wetzlar og Kára en núverandi samningur rennur út í sumar. Línumaðurinn er í viðræðum við annað þýskt úrvalsdeildarlið.**

**HANDBOLTI** Landsliðsmaðurinn Kári Kristján Kristjánsson ætlaði að vera búinn að ganga frá sínum framtíðarmálum fyrir EM í janúar. Það gekk ekki eftir og er alls óvíst hvar Kári leikur handbolta næsta vetur.

„Staðan er þannig að það eru þessar klassísku þreifingar í gangi,“ sagði Kári Kristján sem er í viðræðum við félag sitt, Wetzlar, um nýjan samning og svo er annað þýskt úrvalsdeildarlið komið inn í myndina.

„Ég er með skemmtilegt mál í myndinni sem kom upp í byrjun desember og ég er að vonast til þess að það fari að skýrast fljótlega hvort af því verði. Á meðan er ég ekkert að pressa sérstaklega mikið á Wetzlar. Mér finnst þetta vera mjög spennandi dæmi,“ sagði Kári Kristján en hann var með öllu ófáanlegur til þess að gefa upp nafn félagsins sem væri í myndinni.

Viðræður Kára og Wetzlar hafa verið stál í stál síðustu mánuði og virðist nokkuð bera á milli í þeim viðræðum.

„Ég skrifa ekki undir þann samning sem þeir hafa boðið mér. Ég gerði þeim gagntilboð og eins og gengur í þessum bransa er verið að þrefa um þetta mál. Þeir vilja lækka mitt gagntilboð en við því mátti svo sem búast,“ sagði Kári en hann vill helst af öllu fara að klára sín mál.



**STENDUR Í STRÖNGU** Kári Kristján er óviss um hvað framtíðin beri í skauti sér. Hann er hér í miklum átökum gegn Spánverjum á EM en Kári átti margar fínar innkomur á mótinu í Serbíu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Vildi klára sín mál í desember

„Ég hefði helst af öllu viljað hafa allt klárt í desember því vitað var að ef það næðist ekki myndi allt frestast fram í febrúar út af EM. Það verður eitthvað að gerast núna í mínum málum. Ég er samt ekkert að bíða í vöggunni eftir því að mér verði rétt snuddan. Ég er ekki að ganga á eftir neinu heldur. Bransinn virkar þannig að ef maður stendur sig þá á þetta að koma til manns og við sjáum hvað setur.“

Kári hefur átt virkilega gott tímabil með Wetzlar í vetur og oftar en ekki verið markahæstur eða með markahæstu mönnum liðsins. Hann er þess utan orðinn vítaskytta liðsins sem er nýtt hlutverk fyrir hann.

„Ég hef verið mjög ánægður með minn leik og vonandi held ur það áfram. Ég hef verið heitur á vítalínunni í síðustu leikjum og skoraði úr öllum fjórum vítunum í síðasta leik fyrir EM. Ekki enn klikkað á punktinum og gaman að því.“

> Ég er með skemmtilegt mál í myndinni sem kom upp í desember. Það mál fer vonandi að skýrast fljótlega.
>
> **KÁRI KRISTJÁN KRISTJÁNSSON**
> LEIKMAÐUR WETZLAR

Wetzlar er nýbúið að semja við hinn 37 ára gamla línumann, Andrej Klimovets. Tengist það eitthvað því að Kára gangi illa að semja við félagið?

„Hann fékk samning út tímabilið og er aðallega hugsaður sem varnarmaður en svo getur vel verið að hann spili líka einhverja sókn. Hinn línumaðurinn hefur verið meiddur og þeir vildu auka breiddina.

Maður veit samt aldrei hvernig þetta fer. Hann er Hvít-Rússi að upplagi og þjálfarinn er Hvít-Rússi. Hann hefur líka átt flottan feril en það segir samt sína sögu að hann fékk ekki samning fyrir þetta tímabil.“

**henry@frettabladid.is**




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

# Okkar hlutverk er að dreifa

## fjölpósti, blöðum, tímaritum, bréfum og vörum.



**Heyrðu í okkur næst þegar þú þarft á öruggri og hagstæðri dreifingarþjónustu að halda.**

**Póstdreifing** - Suðurhraun 1
210 Garðabær - Sími 585 8300
www.postdreifing.is

**Póst dreifing**

## > Stöð 2 kl. 20.55
## Alcatraz

***Glæný spennuþáttaröð um lögreglukonu í San Francisco sem aðstoðar alríkislögregluna við að handsama hættulegustu glæpamenn Bandaríkjanna. Þeir hurfu sporlaust úr Alcatraz fyrir 50 árum. Núna snúa þeir aftur einn af öðrum og hafa ekkert breyst.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON HORFÐI Á SÖGU SNILLINGS

# *Átján ára fallhlífahermaður*

Gítarsnillingurinn Jimi Hendrix var umfjöllunarefni heimildarmyndarinnar Vúdúbarnið sem var sýnd í Sjónvarpinu fyrir skömmu.

Þótt lítið hafi verið fjallað um sukksamt líferni Hendrix sem varð honum að aldurtila var gaman að sjá myndir frá upphafi ferilsins þegar hann var undirleikari hjá Little Richard og fleiri tónlistarmönnum. Einnig var áhugavert að sjá sjónvarpsviðtöl sem voru tekin við kappann og þegar fjallað var um þegar gekk í herinn



og gerðist fallhlífahermaður aðeins átján ára í staðinn fyrir að þurfa að dúsa í fangelsi. Fetaði hann þar í fótspor annarrar tónlistargoðsagnar, Elvis Presley, sem sinnti eitt sinn herskyldu í Þýskalandi.

Önnur tónlistarmynd var sýnd í Sjónvarpinu í gærkvöldi og vonandi ekki sú síðasta. Hún fjallaði um hljómsveitina Rolling Stones þegar hún flúði heimaland sitt Bretland vegna skattpíningar og leigði sér herragarð á suðurströnd Frakklands. Þar tóku Jagger og félagar upp plötuna Exile on Main Street, sem er af mörgum talin ein sú besta á ferli sveitarinnar.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Landið sem rís **14.00** Fréttir **14.03** Á tónsviðinu **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Laufdalaheimilið **15.25** Skurðgrafan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Sinfóníukvöld - Á leið í tónleikasal **19.30** Sinfóníutónleikar **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Lestur Passíusálma **22.20** Útvarpsperla: Fall er fararheill **23.20** Til allra átta **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**15.45 Kiljan** (e)
**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.20 Konungsríki Benna og Sóleyjar** (3:52)
**17.31 Sögustund með Mömmu Marsibil** (28:52)
**17.42 Fæturnir á Fanneyju** (28:39)
**17.54 Grettir** (1:54)
**17.55 Stundin okkar** (e)
**18.25 Táknmálsfréttir**
**18.35 Melissa og Joey** (23:30) (Melissa & Joey) Bandarísk gamanþáttaröð.
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Framandi og freistandi með Yesmine Olsson** (5:9)
**20.40 Tónspor** (3:6) Sex danshöfundar og tónskáld leiddu saman hesta sína á Listahátíð 2011. Í þessum þætti koma fram Helena Jónsdóttir danshöfundur og Hilmar Örn Hilmarsson tónskáld.
**21.10 Aðþrengdar eiginkonur** (7:23) (Desperate Housewives VIII) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Glæpahneigð** (Criminal Minds V) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.05 Höllin** (2:20) (Borgen) (e)
**00.05 Kastljós** (e)
**00.40 Fréttir**
**00.50 Dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**08.00 The Express**
**10.05 The Boys Are Back**
**12.00 Kapteinn Skögultönn**
**14.00 The Express**
**16.05 The Boys Are Back**
**18.00 Kapteinn Skögultönn**
**20.00 Austin Powers: The Spy Who Shagged Me**
**22.00 Karlar sem hata konur**
**00.30 Funny Money**
**02.05 Rothenburg**
**04.00 Karlar sem hata konur**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (101:175)
**10.15 Celebrity Apprentice** (2:11)
**11.50 White Collar**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Sione's Wedding** Hressileg gamanmynd. Sione er að fara að gifta sig en á við fjögur vandamál að stríða og það er bróðir Sione, Michael, og þrír bestu vinir hans. Þeir þurfa að taka sig á í hegðun ef þeir vilja fá að komast í brúðkaupsveisluna.
**14.35 E.R.** (18:22)
**15.20 Friends** (20:24)
**15.45 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons** (6:22)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Malcolm In The Middle** (22:22)
**19.45 Til Death** (5:18)
**20.10 Hell's Kitchen** (14:15)
**20.55 Alcatraz** (1:13) Gæðaþættir með stórleikarann Sam Neil í fararbroddi. Þegar rannsóknarlögrelan Rebecca Madsen fær til rannsóknar dularfullt morðmál lendir hún fljótlega á slóð alræmds glæpamanns og fyrrum fanga í Alcatraz-fangelsinu. Sá lést hinsvegar fyrir áratugum síðan. Þegar málinu vindur fram þarf Rebecca að rýna ofaní kjölinn á sögu fangelsisins alræmda auk þess að horfast í augu við sögu sinnar eigin fjölskyldu, sem hefur að geyma fjölda fyrrum starfsmanna Alcatraz-fangelsisins.
**21.40 NCIS: Los Angeles** (8:24)
**22.25 Breaking Bad** (13:13)
**23.15 Spaugstofan**
**23.40 The Mentalist** (7:24)
**00.25 The Kennedys** (5:8)
**01.10 Mad Men** (13:13)
**02.00 The House Bunny**
**03.35 Sione's Wedding**
**05.10 The Simpsons** (6:22)
**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Þýski handboltinn: Hamburg - Füchse Berlin**
**18.15 Þýski handboltinn: Hamburg - Füchse Berlin**
**19.40 Meistaradeild Evrópu: Basel - Man. Utd.**
**21.25 Boston - New York** Útsending frá leik Boston Celtics og New York Knicks í NBA-deildinni.
**23.15 Spænsku mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum, öllum mörkunum og öllum helstu tilþrifunum úr leikjum helgarinnar í spænska boltanum.

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**16.20 Newcastle - Aston Villa**
**18.10 QPR - Wolves**
**20.00 Premier League World** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegu hliðum.
**20.30 Premier League Review 2011/12** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
**21.25 Football League Show** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.
**21.55 Wigan - Everton**
**23.45 Liverpool - Tottenham**

## 2 EXTRA

**19.50 The Doctors** (45:175)
**20.30 In Treatment** (64:78)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 The Middle** (17:24)
**22.15 Kalli Berndsen - Í nýju ljósi** (6:10)
**22.45 Grey's Anatomy** (13:24)
**23.30 Gossip Girl** (2:24)
**00.15 Pushing Daisies** (1:13)
**01.00 Malcolm In The Middle** (22:22)
**01.25 Til Death** (5:18)
**01.50 In Treatment** (64:78)
**02.15 The Doctors** (45:175)
**02.55 Fréttir Stöðvar 2**
**03.45 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Rachael Ray** (e)
**09.30 Pepsi MAX tónlist**
**14.10 Minute To Win It** (e)
**14.55 Eureka** (5:20) (e)
**15.45 Being Erica** (12:13) (e)
**16.30 Rachael Ray**
**17.15 Dr. Phil**
**18.00 Pan Am** (12:14) (e)
**18.50 Game Tíví** (3:12)
**19.20 Everybody Loves Raymond** (19:26)
**19.45 Will & Grace** (3:27) (e)
**20.10 The Office** (17:27) Það er loksins komið að því að Michael frumsýnir kvikmynd sem hann hefur unnið að í ellefu ár.
**20.35 Solsidan** (1:10) Nýr sænskur gamanþáttur sem slegið hefur í gegn á Norðurlöndunum. Hér segir frá tannlækninum Alex og kærustu hans Önnu, en parið á von á sínu fyrsta barni. Þau ákveða að flytja á æskuheimili Alex í hverfinu Saltsjöbaden en Anna á afar erfitt með að aðlagast þessu nýja umhverfi og fjölskyldumeðlimum Alex.
**21.00 House** (23:23) Sviðslistamaður leitar ásjár lækna á spítalanum. Fljótlega renna tvær grímur á læknanna sem halda að mögulega er hann að búa til sjúkdómseinkenni listarinnar vegna.
**21.50 Flashpoint** (6:13) Þegar sérsveitin rannsakar skothvelli í íbúðarhverfi finnur hún fyrir hóp vopnasmyglara.
**22.40 Jimmy Kimmel**
**23.25 CSI: Miami** (19:22) (e)
**00.15 Jonathan Ross** (11:19) (e)
**01.05 The Good Wife** (2:22) (e)
**01.55 Everybody Loves Raymond** (e)
**02.20 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.00** Waste Management Open 2012 (4:4) **12.00** Golfing World **12.50** Golfing World **13.40** Waste Management Open 2012 (4:4) **17.40** US Open 2006 - Official Film **18.40** PGA Tour - Highlights (5:45) **19.35** Inside the PGA Tour (6:45) **20.00** AT&T Pebble Beach 2012 (1:4) **23.00** US Open 2009 - Official Film **00.00** ESPN America

## N4

**18.00** Að norðan

## BBC entertainment

**06.35** ,Allo ,Allo! **08.25** New Tricks **10.10** Come Dine With Me **11.00** EastEnders **11.30** Top Gear **12.20** ,Allo ,Allo! **14.05** ,Allo ,Allo! **14.30** My Family **15.00** My Family **15.30** QI **16.00** QI **16.30** Top Gear **17.25** Top Gear **18.15** Come Dine With Me **19.05** QI **19.35** QI **20.05** Top Gear **21.00** Lee Evans Big Tour **21.50** Live at the Apollo **22.40** Michael McIntyre's Comedy Roadshow **23.25** My Family **23.55** ,Allo ,Allo! **00.50** ,Allo ,Allo! **01.40** New Tricks **03.25** ,Allo ,Allo! **04.45** My Family **05.15** The Weakest Link

## DR 1

**11.10** Penge **11.35** Skattejægerne **12.05** Ha' det godt **12.35** Aftenshowet **13.30** Danmark Ekspeditionen **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Livet i Fagervik **15.00** Benjamin Bjørn **15.15** Timmy-tid **15.25** Den fortryllede karrusel **15.35** Peter Pedal **16.00** Lægerne **16.50** DR Update - nyheder og vejr **17.00** Jamies mad på 30 minutter **17.30** TV Avisen med Sport **18.05** Aftenshowet **19.00** Sporløs **19.30** Kæft, trit og flere knus **20.00** TV Avisen **20.25** Jersild Live **20.50** SportNyt **21.45** Den sidste fjende

## NRK 1

**13.00** NRK nyheter **13.05** Ut i naturen **13.35** Norge rundt **14.00** NRK nyheter **14.10** Jessica Fletcher **15.00** NRK nyheter **15.10** Min bjørnefamilie **16.00** NRK nyheter **16.10** Solgt! **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Tegnspråknytt **17.00** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.45** Ikke gjør dette hjemme **19.15** Melodi Grand Prix 2012 **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Debatten **21.30** Slik går no dagan **22.00** Kveldsnytt **22.15** Lydverket **22.45** Lilyhammer **23.30** Livets mange sider

## svt1

**12.20** Bakom 30 grader i februari **12.25** Den sjungande trappuppgången **13.25** Minnenas television **14.20** Strömsö **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.30** Kvinnliga designers **15.40** Det ljuva livet i Alaska **16.30** Sverige idag **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport **19.00** Antikrundan **20.00** Fallet Keith **21.00** Debatt **21.45** Motor **22.15** Det ljuva livet i Alaska **23.05** Rapport **23.10** Uppdrag Granskning

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Einar Kristinn og sjávarútvegur **21.30** Vínsmakkarinn

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |





MOTOROLA
Þú getur
unnið ferð
fyrir tvo til
NEW
YORK
á Saga Class
Með hverjum keyptum
Motorola Razr fylgir
lukkunúmer.
Skráðu númerið á Facebook-
síðu Motorola á Íslandi og
þú gætir verið á leið
til New York á
Saga Class með
Icelandair!
GRJÓTHARÐUR,
ÖRÞUNNUR
OG ÓTRÚLEGA
SNJALL!
MOTOROLA
RAZR™
Motorola Razr er nýr Android-sími, einn þynnsti síminn
á markaðnum en pakkaður af tækni sem Dual Core
1,2 GHz örgjörvinn og 1 GB vinnsluminnið leika sér að.
Motorola Razr er líka einn sterkasti síminn á markaðnum.
Bakhliðin er úr KEVLAR sem er sama efni og í skotheldum
vestum og allur síminn er vatnsvarinn með nanótækni.
MotoCast er innbyggt í símann og þú getur náð í tónlistina
þína eða bíómyndirnar í PC-tölvunni þinni hvort sem þú ert
í næsta herbergi eða annarri heimsálfu.
Þú ert tæknitröllið í vinahópnum með Motorola Razr.
LIFE. POWERED.
aðeins
7,1 mm
Skráðu þig á Facebook-síðu Motorola á Íslandi

## MORGUNMATURINN



*Það er alltaf annað hvort AB-mjólk með múslí og bananabitum eða hafragrauturinn góði. Síðan er kaffibolli ómissandi, oftast cappuccino úr dásamlega Zinzinio-heimakaffihúsinu mínu.*

Erla Björg Káradóttir óperusöngkona.

# Spilar í Pompidou-listasafninu

„Það verður mjög spennandi að spila þarna,“ segir tónlistarkonan Jarþrúður Karlsdóttir, Jara, sem hefur verið boðið að spila í Pompidou, nýlistasafni Frakklands og einu virtasta listasafni heims. „Þetta er mikill heiður. Það er ekkert auðvelt að komast þarna inn.“

Henni var boðið að halda tónleikana í tilefni af frumsýningu heimildarmyndarinnar Sweet Viking eftir marokkósku kvikmyndagerðarkonuna Sölmu Cheddadi sem fjallar um Jöru og var tekin á 16mm filmu á Íslandi síðasta sumar. Myndin er 30 mínútna löng og fylgir Jöru á ferðalagi um landið þar sem hún veitir áhorfandanum innsýn í líf sitt og sögu eyjarinnar.

Sweet Viking verður frumsýnd á laugardaginn á hátíðinni Hors Pistes 2012 sem Pompidou stendur fyrir og tónleikarnir verða strax að sýningu lokinni. Aðspurð segist Jara hafa hitt Sölmu Cheddadi í áramótapartíi í París. „Hún hafði samband nokkrum mánuðum seinna og vildi gera mynd um mig. Það var mjög óvænt,“ segir Jara, sem var strax klár í bátana. „Ég er alltaf til í að gera eitthvað skemmtilegt og þetta hljómaði skemmtilega.“

Jara, sem flýgur til Parísar í dag, er búin að sjá myndina og er ánægð með útkomuna. „Hún lítur rosalega vel út. Það er mjög skrítið að horfa á sjálfa sig í mynd en fyrir utan það er þetta bara skemmtilegt.“ - fb



**SPILAR Í POMPIDOU** Jarþrúður Karlsdóttir í myndinni Sweet Viking. Hún spilar í franska listasafninu Pompidou á laugardaginn.

## FÓLK Í FRÉTTUM

Leikarinn **Hilmar Guðjónsson** fer á Kvikmyndahátíðina í Berlín um næstu helgi þar sem hann tekur þátt í verkefninu Shooting Stars á kvikmyndahátíðinni. Hilmar er einn af tíu upprennandi leikurum í Evrópu sem eru boðaðir á viðburðinn og var hann sérstaklega valinn vegna frammistöðu sinnar í bíómyndinni Á annan veg undir leikstjórn Hafsteins Sigurðssonar. Hilmar er einnig tilnefndur til Eddu-verðlaunanna fyrir leik sinn í myndinni en Á annan veg er tilnefnd til ellefu verðlauna á hátíðinni í ár.



Hljómsveitin Bítladrengirnir blíðu sem spilar Bítlalögin á barnum Obla-di-obla-da ætlar að heiðra **Gunnar Þórðarson** á morgun. Lítið hliðarherbergi er á staðnum sem kallað er hvíta herbergið, og þar verður silfurplatti með nafni Gunnars hengt upp. „Hann er hetjan okkar allra,“ segir Bítladrengurinn Tómas Tómasson. Veggurinn þar sem plattinn verður festur er svokallaður „hall of fame“ veggur. Síðast komst Andrea Gylfadóttir þangað upp en hún hefur stigið á svið með Bítladrengjunum undanfarin ár, rétt eins og Gunni Þórðar. - áp, - fb



PÁLL ÓSKAR HJÁLMTÝSSON: BLÁFÁTÆKT FÓLK REKIÐ ÚT ÚR HREYSUM SÍNUM MEÐ VALDI

# Enginn hefur ákveðið að draga lag sitt úr undankeppni Eurovision

„Ekki meiri meðvirkni – við verðum að setja mörk þegar mannréttindi eru brotin, halda eigin sjálfsvirðingu og sýna fórnarlömbunum samhug í verki,“ segir söngvarinn Páll Óskar Hjálmtýsson í pistli sem hann birti á Facebook í vikunni.

Páll Óskar hefur hvatt Pál Magnússon útvarpsstjóra til að afþakka þátttöku Íslands í Eurovision í Bakú í maí, vegna mannréttindabrota stjórnvalda í Aserbaídsjan. Skiptar skoðanir eru á meðal keppenda um málið, þó enginn ætli að draga lag sitt úr keppni. Úrslitin í undankeppninni ráðast í Hörpu á laugardaginn.

Ingólfur Þórarinsson, sem samdi lagið Stattu upp ásamt Axel Árnasyni, segir þá félaga ekki hafa rætt málið. „En eins og staðan er í dag býst ég ekki við neinu öðru en að við myndum fara út og gera okkar besta,“ segir hann. „Það væri falleg hugsun að mótmæla og fara ekki, en ég held að það myndi litlu breyta ef Ísland segist ekki ætla að mæta.“

María Björk, einn af höfundum lagsins Hjartað brennur, telur að það þurfi meira til en að Ísland dragi sig úr keppni. „Ég held hins vegar að það verði hræðilegt að standa á sviði úti vitandi um þau mannréttindabrot sem eiga sér stað þarna,“ segir hún. „Best væri ef Norðurlöndin tækju sameiginlega ákvörðun varðandi þetta mál.“

Greta Salóme Stefánsdóttir, höfundur laganna Aldrei sleppir mér og Mundu eftir mér, segir allt of snemmt að segja til um hvort Ísland eigi að hætta við þátttöku. „Það eru allir í sama pakka að einbeita sér að laugardeginum og taka svo stöðuna aftur eftir það,“ segir hún. „Þetta eru alveg hræðilegar fréttir. En það eru samt mannréttindabrot framin út um allt á hverjum einasta degi. Maður er alltaf að kaupa vörur og svona, það væri erfitt að sniðganga allt.“

Magnús Hávarðsson, höfundur lagsins Hey, segir mannréttindabrot af mörgum toga og að hann geri ekki greinarmun á þeim. „Okkar helstu átrúnaðargoð Bandaríkjamenn komast upp með að pynta fólk og taka af lífi og míga á lík óvina sinna. Ég hef ekki séð tillögu um það að Íslendingar slíti stjórnmálasambandi við þá,“ segir hann. „Íslendingar eiga að læra að líta í eigin barm áður en þeir ráðast að öðrum þjóðum með gagnrýni og yfirlýsingum.“

Ekki náðist í Svein Rúnar Sigurðsson, höfund laganna Hugarró og Stund með þér, við vinnslu fréttarinnar. atlifannar@frettabladid.is



**KEPPENDUR HALDA SÍNU STRIKI** Enginn af höfundum laganna sem keppa til úrslita í undankeppni Eurovision á laugardaginn hefur ákveðið að draga lag sitt úr keppni. Páll Óskar Hjálmtýsson vill að Ísland taki ekki þátt vegna mannréttindabrota stjórnvalda í Aserbaídsjan.

### PÁLL ÓSKAR VILL AÐ ÍSLAND TAKI EKKI ÞÁTT

Í pistli sem Páll Óskar birti á Facebook fyrr í vikunni sagði hann borgaryfirvöld í Bakú reka bláfátækt fólk með valdi út úr hreysum sínum og jafna svo heimili þeirra við jörðu til að koma fyrir Kristalshöll og öðrum glæsihýsum fyrir Eurovision-keppnina.

„Lokað er fyrir rafmagn, gas og vatn í íbúðunum ef fólk drullar sér ekki þaðan út,“ skrifar Páll. „Hús þeirra eru ekki lengur til í opinberum skjölum. Bæturnar sem fólkinu er boðið eru helmingi lægri en markaðsvirði eigna í miðborginni, og nægja því aðeins fyrir lítilli íbúð fyrir utan borgina.“












# Arabískur plötusnúður á Selfossi

„Ég elska Ísland. Þetta er í fyrsta sinn sem ég kem hingað og þetta er mjög fallegt land,“ segir plötusnúðurinn DJ Slim sem kom til Akureyrar í gær eftir sólarhringsferðalag frá Katar. „Ég gæti vel hugsað mér að taka upp næsta tónlistarmyndband mitt hérna.“

Slim hóf feril sinn sem rappari fyrir um tuttugu árum og spilaði m.a. á tónleikum með Coolio í París. Hann var á meðal fyrstu arabísku rapparanna til að koma fram á sjónarsviðið en sagði á endanum skilið við rappið.

Nokkrum árum síðar ákvað hann að gerast plötusnúður og hefur spilað house-tónlist af miklum krafti undanfarin þrjú ár. „Ég nota nýja tækni þar sem ég endurhljóðblanda og sem nýja tónlist á meðan ég er að spila,“ segir Slim sem notast við Midi-græjur í fagi sínu.

Slim, sem er fæddur í Túnis, starfar við þrívíddargerð á sjónvarpsstöð í Katar og hefur Fréttablaðið heimildir fyrir því að hann ætli að taka upp efni fyrir stöðina um næturlífið á Íslandi. Hann vildi ekkert tala um dagvinnuna sína við blaðamann heldur miklu frekar um plötusnúðaferilinn. Hann spilar þrívegis hér á landi, eða á Akureyri í kvöld og annað kvöld og á 800 Bar á Selfossi á laugardagskvöld.




**KOMINN TIL ÍSLANDS** DJ Slim spilar á þrennum tónleikum hérlendis á næstunni.

Með honum á Akureyri spilar plötusnúðurinn Birgir Rafn Ólason, sem flutti Slim til landsins. „Við erum búnir að vinna tónlist saman í gegnum netið. Ég hélt að þessi maður myndi aldrei samþykkja að koma til Íslands nema fyrir stórar fúlgur fjár en honum fannst það ekkert mál,“ segir Birgir og bætir við: „Hann er að gera hluti sem enginn annar plötusnúður er að gera.“ - fb




„Áhrifamikið verk og afar sterk sýning“
– KHH, Fréttatíminn

„Spennandi og ágengt verk sem fjallar um mikilvægt efni“ – SGG, Mbl

„Einstaklega vel gerð, nýstárleg og spennandi sýning“ – EB, Fbl

„Lætur engan ósnortinn“ – SB, Djöflaeyjan

„Áhugaverð sýning og safaríkt verk“ – SG, Víðsjá





| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Fim. | 9/2 kl. 20 | UPPSELT | Lau. | 25/2 kl. 20 | UPPSELT |
| Fös. | 10/2 kl. 20 | örfá sæti | Sun. | 26/2 kl. 20 | örfá sæti |
| Lau. | 11/2 kl. 20 | UPPSELT | Mið. | 29/2 kl. 20 | UPPSELT |
| Sun. | 12/2 kl. 20 | UPPSELT | Fim. | 1/3 kl. 20 | UPPSELT |
| Mið. | 15/2 kl. 20 | UPPSELT | Fös. | 2/3 kl. 20 | UPPSELT |
| Fim. | 16/2 kl. 20 | örfá sæti | Sun. | 4/3 Kl. 20 | örfá sæti |
| Fös. | 17/2 kl. 20 | UPPSELT | Fim. | 8/3 kl. 20 | |
| Sun. | 19/2 kl. 20 | UPPSELT | Fös. | 9/3 Kl. 20 | |
| Fim. | 23/2 kl. 20 | UPPSELT | Sun. | 11/3 kl. 20 | |
| Fös. | 24/2 kl. 20 | UPPSELT | Fim. | 15/3 kl. 20 | UPPSELT |

„Sýningin er full af lífi, fjöri og fegurð“ – SA, TMM

„Mikið teater...hugljúft, fallegt kvöld – eins og konfektmoli“ – BS, Rás 2

„Ævintýraleg og ofsalega áferðafalleg sýning ...mæli fullkomlega með henni.“ – LL, RUV

„....hin prýðilegasta sýning... gerð af fagmennsku og innlifun“ – SG, Víðsjá







| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| fim. | 9/2 kl. 20 | UPPSELT | sun. | 4/3 kl. 20 | örfá sæti |
| fös. | 10/2 kl. 20 | UPPSELT | fim. | 8/3 kl. 20 | örfá sæti |
| mið. | 15/2 kl. 20 | UPPSELT | fös. | 9/3 kl. 20 | örfá sæti |
| fim. | 16/2 kl. 20 | UPPSELT | sun. | 11/3 kl. 20 | örfá sæti |
| fös. | 17/2 kl. 20 | UPPSELT | fim. | 15/3 kl. 20 | aukas. |
| fim. | 23/2 kl. 20 | UPPSELT | lau. | 17/3 kl. 20 | örfá sæti |
| fös. | 24/2 kl. 20 | UPPSELT | sun. | 18/3 kl. 20 | aukas. |
| lau. | 25/2 kl. 20 | UPPSELT | fös. | 23/3 kl. 20 | örfá sæti |
| fim. | 1/3 kl. 20 | UPPSELT | sun. | 25/3 kl. 20 | aukas. |
| fös. | 2/3 kl. 20 | UPPSELT | lau. | 31/3 kl. 20 | örfá sæti |

happ

Pantaðu **ljúffenga leikhúsmáltíð** frá Happi hjá miðasölu Borgarleikhússins

**Ekki missa af þessum rómuðu verkum. Sýningum lýkur í mars**

Miðasala | **568 8000** | **borgarleikhus.is**

**Borgarleikhúsið**

FITON / SÍA

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



NOVA

LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ
ORATORS
- félag laganema við Háskóla Ísland

**Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.**


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Kanar kynnast Gnarr

Heimildarmyndin Gnarr í leikstjórn Gauks Úlfarssonar um framboð Besta flokksins í borgarstjórnarkosningunum árið 2010 hlaut ágætis viðtökur þegar hún kom út hér á landi. Myndin var í kjölfarið kynnt á fjölda kvikmyndahátíða erlendis og hlaut sums staðar talsvert lof. Á þriðjudag gafst hins vegar almenningi í Bandaríkjunum loksins færi á að sjá myndina. Er hún nú fáanleg á netinu í gegnum fyrirtækið Focus World sem er dótturfyrirtæki NBC-sjónvarpsstöðvarinnar í Bandaríkjunum. Nú er bara að sjá hvernig Bandaríkjamenn kunna að meta **Jón Gnarr.**



### Yann Tiersen á Listahátíð

Franski tónlistarmaðurinn **Yann Tiersen** mun spila í Hörpu 31. maí á Listahátíð í Reykjavík. Margir íslenskir tónlistarunnendur halda mikið upp á Tiersen, sem sló í gegn á alþjóðlegum vettvangi með tónlist sinni við frönsku kvikmyndina Amelie. Tiersen hefur gert margar plötur síðan þá og einnig tónlistina við kvikmyndina Good Bye Lenin! Spænsk-afríska söngkonan Buika spilar einnig á Listahátíð í Reykjavík ásamt hljómsveit. Hún stígur á svið í Hörpu 3. júní. Buika er stórt nafn í heimstónlist. Hún hefur sungið með Nelly Furtado og syngur eitt lag á nýjustu plötu Seal. Hún syngur einnig tvö lög í nýjustu kvikmynd Pedros Almodóvar, The Skin I live in.



**- mþl / - fb**

## Mest lesið VÍSIR

1. Páll Óskar vill að Ísland taki ekki þátt í Eurovision
2. Augnlokin frusu saman í kuldanum
3. Verið að klára samninga vegna myndar Baltasars og Denzels
4. Barnabílstóll innkallaður - Herdís uggandi vegna málsins
5. Denzel Washington leikur í nýjustu mynd Baltasars


# Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn...



...góðar fréttir fyrir umhverfið






perception

Ellingsen býður sérstakt tilboð við forpöntun á kajökum. Verð hér að neðan eru sértilboð til þeirra sem panta **fyrir 15. febrúar** næstkomandi, en kajakarnir koma til landsins um miðjan apríl.

**Hafðu beint samband við sölumann:**
Þór Ragnarsson, **580 8506**

### PERCEPTION Triumph 13 Angler

Triumph Angler veitir nægt rými fyrir stangveiði án þess að missa sveigjanleika, lipurð og hraða. Hann er tilvalinn fyrir veiðiklær sem vilja samt ekki gefa neitt eftir í gæðum.

Tilboðsverð
**149.990 kr.**
**Verð 199.990 kr.**



### PERCEPTION Scooter Gemini

Scooter Gemini tekur 2 í sæti. Það er auðvelt að stýra honum og hann hentar einstaklega vel á lygnu vatni.

Tilboðsverð
**119.990 kr.**
**Verð 159.990 kr.**



### PERCEPTION Prodigy II 14.5

Sæti fyrir tvo, sérstyrktur botn og stefni. Hann er lipur og stöðugur og hentar vel á lygnu vatni og í léttum straumi.

Tilboðsverð
**138.990 kr.**
**Verð 194.990 kr.**



### PERCEPTION Essence 17

Sérhannaður kjölur og V-lögun kajaksins gera hann afar stöðugan og auðveldar beygjur. Hentar bæði fyrir byrjendur og lengra komna.

Tilboðsverð
**209.990 kr.**
**Verð 294.990 kr.**



PIPAR\TBWA • SÍA • 113441

**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 8–18 • laugard. 10–16 • ellingsen.is

Ellingsen
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA